

**SKOÐUN** Prófessorar í hagfræði skrifa um fjölskipaða bankastjórn Seðlabanka. 22



**MENNING** Fjalla-Eyvindur og Halla frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld. 28



**LÍFIÐ** Myriam Marti myndar augu og segir þau áhugaverðan efnivið. 40



**SPORT** Strákarnir ætla sér stóra hluti gegn Kasakstan í Astana á laugardag. 42


Til hvers að flækja hlutina?

LIFÐU Í NÚLLINU!

365

365.is
Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
26. mars 2015
72. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Verðtryggðu lánin betri

Í sögulegu samhengi eru verðtryggð lán hagstæðari en óverðtryggð að sögn Breka Karlssonar hjá stofnun um fjármálalæsi. Raunvextir þeirra hafa verið lægri. 18

**Íslandsmet í merkingum** Sett var met í merkingum fugla hér á landi á síðasta ári. Þá voru hér merktir 19.046 fuglar af 79 tegundum. 2

**Fræðslu er þörf** Rannsóknir sýna að fatlað fólk verður fyrir meira ofbeldi en aðrir. Auka þarf fræðslu og úrræði fyrir þolendur. 8

**Umboðsmaður efast** Héðni Unnsteinssyni var synjað um vistun á geðsviði fjórðungssjúkrahússins á Akureyri í fyrra. 10





20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | SV | 12 |
| Akureyri | 1° | SV | 8 |
| Egilsstaðir | 1° | SV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | SV | 6 |
| Reykjavík | 2° | SV | 9 |

**SUÐVESTANÁTT** Yfirleitt 8-13 m/s og éljagangur V-til en bjartviðri NA- og A-lands. Hiti víðast í kringum frostmark en að 4 stigum syðst. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Brúðkaup | Fólk





# Námslánin eru að sliga háskólamenn

Þriðjungur félagsmanna BHM skuldar fimm milljónir eða meira í námslán. Verkföll eftir páska verði ekki samið. Segja endurgreiðslu námslána rýra kaupmátt.

**KJARAMÁL** Átján aðildarfélög Bandalags háskólamanna (BHM) hafa boðað til verkfalls eftir páska. Aðalkrafa BHM er að menntun verði metin til launa. Í launakönnun félagsins kemur fram að rúm 34 prósent félagsmanna skulda fimm milljónir eða meira í námslán.

Um 11 þúsund manns eru félagar í BHM, en félagið hefur bent á að sé tillit tekið til afborgana af námslánum sé kaupmáttur háskólamenntaðra minni en annarra. Þriggja vikna laun dæmigerðs félaga í BHM fara í endurgreiðslur námslána á hverju ári.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis, frá árinu 2011, koma fram áhyggjur af því að ríkið muni eiga í erfiðleikum í framtíðinni með að laða til sín hæft starfsfólk.

„Ríkið þarf að gera sér grein fyrir hvers konar atvinnurekandi það vill vera og hvernig það geti laðað til sín ungt og hæft starfsfólk og haldið því,“ segir í skýrslunni.

Kjarasamningar margra aðildarfélaga BSRB verða lausir í næsta mánuði. Aðildarfélög BSRB eru 25 og fjöldi félagsmanna tæplega 22 þúsund. Ef samningar ganga illa gæti sú staða því komið upp að yfir 160 þúsund af þeim 186 þúsund launþegum sem eru á vinnumarkaði yrðu samningslausir á næstu vikum. **- kóp**

### Námslán BHM-fólks

| | |
|---|---|
| > 1 milljón | 14,2% |
| 1–1,9 milljónir | 13,3% |
| 2–2,9 milljónir | 14,8% |
| 3–3,9 milljónir | 12,8% |
| 4–4,9 milljónir | 10,7% |
| 5-5,9 milljónir | 7,7% |
| 6–7,9 milljónir | 12,1% |
| 8 milljónir eða meira | 14,5% |



**SAMSTARFSFÓLK SYRGIR** Starfsfólk þýska flugfélagsins Germanwings lagði blóm og kerti á gangstéttina fyrir utan höfuðstöðvar félagsins í Köln í gær. 150 manns fórust með vél félagsins í fyrradag. Sjá síðu 6 NORDICPHOTOS/AFP



**Á VERTÍÐ** Skipin eru hætt eða við að hætta veiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Loðnuvertíðinni er lokið:

## Þrír milljarðar verða eftir í sjó

**SJÁVARÚTVEGUR** Ljóst er að ekki næst að veiða 40 til 50.000 tonn af útgefnum loðnukvóta á þessari vertíð, sem er svo gott sem lokið. Útflutningsverðmæti þess afla er 2,5 til þrír milljarðar króna.

Fjögur skip voru við veiðar á miðunum inni á Breiðafirði í gær, af þeim 22 sem hafa veiðiheimildir. Önnur fjögur höfðu siglt norður fyrir land til að leita loðnu í Húnaflóa og Eyjafirði, þaðan sem ekkert var að frétta.

Hörður Guðmundsson, skipstjóri á Sigurði VE, sem var á loðnumiðunum inni á Breiðafirði í gærdag, segir að kvótinn hefði auðveldlega náðst ef friður hefði verið í vetur fyrir veðri. **- shá /** **sjá síðu 4**

Goðsögn á leið til landsins:

## Sir Tom Jones í Laugardalshöll

**MENNING** Einn allra vinsælasti söngvari sögunnar, velska goðsögnin Sir Tom Jones, er á leið hingað til tónleikahalds. Hann syngur í Laugardalshöllinni 8. júní næstkomandi.

Söngvarinn hefur einu sinni áður troðið hér upp, nokkur kvöld á Hótel Íslandi 1990.



**TOM JONES**

Söngvarinn verður 75 ára daginn fyrir tónleikana og heldur því líklega upp á stórafmælið hér á landi. „Hann gefur ekkert eftir þrátt fyrir aldurinn, því get ég lofað,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson. **- jóe /** **sjá síðu 46**







Vísindamenn segja það hættulegt heilsunni að mæta snemma í skólann:

# Betri líðan af seinkun skóladags

**FJÖLSKYLDAN** Í stað þess að mæta í skólann rétt upp úr átta á morgnana byrja nemendur í 6. til 10. bekk í Ingunnarskóla í Grafarholti skóladaginn klukkan hálf níu.

„Krakkarnir eru alsælir með þetta. Þau koma hressari inn í skóladaginn, kennararnir segja að þau séu betur upplögð til vinnu og mæti frekar á réttum tíma. Það er einnig mikil ánægja í foreldrahópnum með þetta,“ segir Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Ingunnarskóla, um árangurinn af seinkun skóladagsins hjá nemendum skólans.

Í aðsendri grein í Sænska Dagblaðinu skrifa fimm vísindamenn að það dragi ekki bara úr námsgetu unglinga að mæta í skóla snemma á morgnana, heldur sé það beinlínis skaðlegt heilsu þeirra.

Vísindamennirnir vitna í rannsóknir sem gerðar voru við Háskólann í Minnesota í Bandaríkjunum á níu þúsundum framhaldsskólanema sem sýna að eftir að skóladagurinn hófst klukkan 8.40 í stað 7.50 hækkuðu einkunnir þeirra og um leið sýndu þeir minni merki um þreytu og þunglyndi. Koffínneysla nemanna minnkaði jafnframt. Í Bandaríkjunum byrjar skóladagurinn nú seinna í mörgum skólum.

Björg Þorleifsdóttir, lektor í lífeðlisfræði við læknadeild Háskóla Íslands, segir að þó nokkrar rannsóknir hafi leitt í ljós að unglingum henti betur að byrja seinna en fyrr. „Þetta er alltaf tengt lengri svefni en ekki tímasetningunni sem slíkri. Það er talið að unglingar þurfi 9 klukkustunda svefn og alls ekki minna en 8 klukkustunda svefn.“ **- ibs /** **sjá síðu 12**



**Þau koma hressari inn í skóladaginn, kennararnir segja að þau séu betur upplögð til vinnu og mæti frekar á réttum tíma.**

*Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Ingunnarskóla.*




## SPURNING DAGSINS



Þórhildur, ertu 100 prósent viss?

**„Já, að minnsta kosti 99.“**

Þórhildur Þorleifsdóttir segir þá kröfu gerða til ungra kvenna í dag að þær séu 100 prósent á öllum sviðum.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi til fiskeldisfyrirtækisins Ís 47:

# Mega stunda eldi í Önundarfirði

**FISKELDI** Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir 1.200 tonna eldi fyrirtækisins Ís 47 á silungi og þorski í Önundarfirði á Vestfjörðum.

Sjö aðilar sendu Umhverfisstofnun ýmsar athugasemdir áður en starfsleyfið var gefið út. Landssamband veiðifélaga taldi „fráleitt“ að gefa út ný leyfi til sjókvíaeldis. Umhverfisstofnun segir sér bera að fara að gildandi lögum.

Norður-Atlantshafssjóðurinn sagði regnbogasilung ekki eiga heimkynni í Evrópu. Umhverfisstofnun segir það ekki líklegt til umhverfisáhrifa.

Þá sagðist Veiðifélag Langadalsárdeildar andvígt eldi laxfiska í sjó við Ísland. Hætta stafaði af slysasleppingum úr kvíunum fyrir villta stofna. „Þessi hætta er raunveruleg,“ svarar Umhverfisstofnun. „Af þessari ástæðu er sjókvíaeldi óheimilt á allmörgum svæðum við strendur landsins.“ - gar



**ÖNUNDARFJÖRÐUR** Margar athugasemdirnar við fiskeldi í firðinum lutu að hugsanlegri ógn við laxfiska. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fleiri tilkynna um þvætti:

# Ráða ekki við rannsókn mála

**SAKAMÁL** Tilkynningar um peningaþvætti til ríkislögreglustjóra hafa rúmlega tvöfaldast á undanförnum árum. Jóna Björg Guðnadóttir, lögfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja, segir embættið skorta bolmagn til rannsókna.

Samkvæmt óbirtum tölum sem fréttastofa hefur undir höndum, voru tilkynningarnar 457 í fyrra, eða rúmlega tvöfalt fleiri en þær voru árið 2011. Flestar koma þær frá fjármálafyrirtækjum. - gag / sa



**LEIKUR SÉR Í RÚSTUNUM** Þessi drengur fann sér vír til að sveifla sér í innan um yfirgefnar byggingar og húsarústir. NORDICPHOTOS/AFP

Þúsundir Kúrda snúa aftur til Kobani í viku hverri:

# Fjörutíu þúsund komnir heim

**SÝRLAND Kúrdabærinn Kobani í Sýrlandi, rétt suður af landamærum Tyrklands, er hægt og rólega að lifna við aftur eftir hörð átök fyrr í vetur milli Kúrda og innrásarliðs Íslamska ríkisins.**

**Alls bjuggu um 200 þúsund manns í bænum en þeir flúðu nánast allir norður yfir landamærin til Tyrklands. Síðustu vikur hafa þeir þó tekið að snúa aftur og eru nú um 40 þúsund þeirra aftur komnir til fyrri heimkynna.**

**Þar mæta þeim að mestu rústir einar.** - gb

Íhuga lokun Geysissvæðis:

# Óttast að gelda mjólkurkúna

**UMHVERFISMÁL** Landeigendur á Geysissvæðinu íhuga að loka því eða setja fjöldatakmarkanir af ótta við að svæðið skemmist varanlega vegna átroðnings. Áætlað er að um 700 þúsund ferðamenn komi þar á hverju ári.

„Við höfum áhyggjur af því að þessi ferðamannaparadís verði geld kýr á einni nóttu. Það mun kosta um 600 milljónir að byggja svæðið upp og það verður ekki gert með skattfé,“ segir Garðar Stefánsson, talsmaður Landeigendafélags Geysis. - khn / sa

Telja kveðjurnar kaldar:

# Vilja olíuleit í íbúakosningu

**FJARÐABYGGÐ** Meirihluti bæjarráðs Fjarðabyggðar ályktaði á síðasta fundi sínum um samþykkt aðalfundar Samfylkingarinnar að hætta ætti við áform um leit og vinnslu olíu á Drekasvæðinu. Telur meirihluti ráðsins þessa stefnubreytingu flokksins kaldar kveðjur til Fjarðabyggðar.

Minnihluti bæjarráðs bókaði á móti að mikilvægt væri að standa vörð um umhverfið og ætti stórt mál eins og olíuleit á Drekasvæðinu vel heima í íbúakosningu meðal íbúa Fjarðabyggðar. - sa

# Merktu 19.046 fugla og bættu Íslandsmet

Alls hafa verið merktir 668.144 fuglar á Íslandi frá 1921. Fjöldamet var sett í fyrra. Mest var merkt af auðnutittlingi, en peðgrípur og mistilþröstur voru merktir í fyrsta sinn. Elsti fuglinn sem endurheimtist var súla sem var merkt í Eldey 1982.

**NÁTTÚRA** Sett var met í fuglamerkingum á Íslandi árið 2014. Alls voru merktir 19.046 fuglar af 79 tegundum og eru það fleiri nýmerkingar á einu ári en nokkru sinni fyrr.



**GUÐMUNDUR A. GUÐMUNDSSON**

Guðmundur A. Guðmundsson, dýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun sem annast umsjón með fuglamerkingum hérlendis, segir að merkingarstarfið sé að mestu leyti borið uppi af áhugafólki, þó talningar falli líka undir skipulögð verkefni. Met síðasta árs hvíli þungt á fjölda sjálfboðaliða, en 51 sendi inn skýrslu í fyrra. Sá stórtækasti, Sverrir Thorstensen á Akureyri, merkti 3.555 fugla í fyrra, en margir sem þessu starfi sinna hafa gert svo um áratugaskeið, segir Guðmundur. Óskar J. Sigurðsson, kenndur við Stórhöfða, hætti merkingum á árinu. Óskar hóf merkingar árið 1953 og merkti á þeim 62 árum „sem hann handlék merkingatöngina“ um 93.000 fugla, sem er með ólíkindum segir Guðmundur, en mikil þekking fæst með merkingum fuglanna – margt fæst ekki öðruvísi þrátt fyrir nýjustu tækni.

Fuglar hafa verið merktir á Íslandi síðan árið 1921. Alls hafa verið merktir 668.144 fuglar af 153 tegundum, mest af snjótittlingi eða tæplega 80 þúsund fuglar.

Mest var merkt af auðnutittlingi í fyrra en þar á eftir komu snjótittlingar, skógarþrestir, kríur og rauðbrystingar. Tvær tegundir voru merktar í fyrsta sinn hér á landi; peðgrípur og mistilþröstur. Af 104 endurheimtum erlendra merkja voru 64 frá Bretlandseyjum, 24 frá Noregi, 10 frá Hollandi, tvö frá Frakklandi og Þýskalandi, eitt merki frá Svíþjóð og annað frá Ghana. Þetta er í fyrsta sinn sem merki frá merkingastöðinni í Ghana endurheimtist á Íslandi.

svavar@frettabladid.is



MYNDIR/GUNNAR ÞÓR HALLGRÍMSSON

**FÆRÐUR TIL BÓKAR** Allar merkingar á íslenskum fuglum falla undir sérstök lög, jafnt á örnum sem öðrum. 40 hafarnarungar voru merktir 2014.

### ➜ Sanderla endurheimt frá Ghana

- Fjöldi merktra fugla endurheimtist árið 2014, algengastir voru sílamávar, þá æðarfuglar, auðnutittlingar, álftir og snjótittlingar.
- Í hópi endurheimtra fugla var ein ný tegund, roðaþerna, en hingað til hafa 112 tegundir skilað endurheimtum.
- Aldursmet voru slegin á árinu. Elsta íslenska súlan sem hefur endurheimst var merkt sem ungi í Eldey 1982 og drapst í fiskineti við Vestmannaeyjar í október 2014, þá 32 ára og þriggja mánaða. Þá sást merkt álft í Köldukinn í S-Þingeyjasýslu sem orðin var 27 ára og sex mánaða. Verið er að kanna hvort það sé mögulega elsta álft í Evrópu.
- Langförulasti fuglinn sem endurheimtur var í fyrra var sanderla sem merkt var í Asenko Village í Ghana haustið 2009, hún var mynduð í Kalmansvík við Akranes í maí, 6.788 kílómetra frá merkingarstað.






Stuðningur við stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu þvert á stjórnmálaflokka:

# Vilja þjóðgarð á miðhálendinu

**UMHVERFISMÁL** Stuðningur við stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu er 61,4 prósent samkvæmt nýrri könnun Gallup fyrir Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands. Stuðningurinn hefur aukist um fimm prósentustig frá í október 2011. Þá hefur þeim fækkað sem eru andvígir stofnun þjóðgarðs en þeir eru einungis 12,4 prósent aðspurðra.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá aðstandendum könnunarinnar.

Stuðningur við stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu er þvert á stjórnmálaflokka. Á meðal stuðningsmanna allra stjórnmálaflokka eru mun fleiri aðspurðra fylgjandi stofnun þjóðgarðs en andvíg. 51 prósent af þeim er styðja ríkisstjórnina styður stofnun þjóðgarðs en einungis 19 prósent eru andvíg. Stuðningur þeirra sem ekki styðja ríkisstjórnina er 72 prósent og 9 prósent eru andvíg þjóðgarði.

Stærð úrtaks var 1.418 manns og þátttökuhlutfall 61,8 prósent. - shá



**HÁLENDIÐ** Þeim fjölgar sem vilja halda miðhálendinu ósnortnu og stofna þar þjóðgarð. MYND/LANDVERND

➜ Stuðningur við stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu er þvert á stjórnmálaflokka.


OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
ÚRVALIÐ ER
ENDALAUST
Í KRINGLUNNI FÆRÐU
ALLT SEM ÞARF TIL AÐ HALDA
GLÆSILEGA FERMINGARVEISLU
Fötin, gjafirnar, veitingarnar,
skreytingarnar og margt fleira.
GJAFA
KORT
af öllu hjarta
GJAFAKORT KRINGLUNNAR
ER GJÖF AF ÖLLU HJARTA
Þú færð kortið á þjónustuborðinu á
1. hæð við Hagkaup eða á kringlan.is
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**50** **tegundir af grasætt, eða þar um bil, vaxa á Íslandi.**

**Sumar þeirra eru mjög algengar, aðrar fáséðar.**

Fjórar greinar frá Íslenskri erfðagreiningu birtust í Nature Genetics:

# Hér er erfðamyndin nákvæmust

**VÍSINDI** Íslensk erfðagreining birti í vísindatímaritinu Nature Genetics fjórar greinar byggðar á rannsóknum fyrirtækisins. Í greinunum er dregin upp nákvæmasta erfðamynd sem til er af nokkurri þjóð.

„Þessi vinna sýnir hvað raðgreining á DNA opnar gríðarlega möguleika, bæði til að lesa sögu mannsins og að leita nýrra leiða til að greina, meðhöndla og fyrirbyggja sjúkdóma,“ segir Kári Stefánsson. „Þetta sýnir líka hvað við Íslendingar, þótt ekki séum við mörg, getum lagt heiminum til í vísindum og læknisfræði. Þetta er framlag til að búa til nákvæmar aðferðir við að greina sjaldgæfa sjúkdóma, finna nýja áhættuþætti og þróa lyf fyrir sjúkdóma, eins og Alzheimer.“

Leiðarahöfundur Nature Genetics segir hér vera á ferðinni ítarlegasta safn erfðaupplýsinga sem til sé um eina þjóð og að niðurstöðurnar auki skilning á stökkbreytingum, þróun, starfsemi gena og áhrifum þeirra á sjúkdóma. **- sa**



**ÍSLENSK ERFÐAGREINING** Vinnan byggist á nýjustu aðferðum við greiningu á samsetningu erfðaefnis mannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Drög að reglugerð kynnt:

# Happdrættismiðar hækka

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið hefur til kynningar drög að breytingu á reglugerð um happdrætti DAS. Snýst breytingin um hækkun á miðaverði.

Stjórn happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna (DAS) hefur óskað eftir því að innanríkisráðuneytið breyti reglugerð nr. 148/2000 um happdrættið og heimili að frá 1. maí 2015, þegar nýtt happdrættisár hefst, verði miðaverð 1.500 krónur á mánuði í stað 1.300 króna. **- fbj**



**ÍSLENSKI FÁNINN** Heimildir til notkunar á fánanum við markaðssetningu íslenskra vara og þjónustu verða rýmkaðar.

Reglur verða einfaldaðar:

# Rýmri fánalög í nýju frumvarpi

**ALÞINGI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur kynnt ríkisstjórn nýtt frumvarp um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið þar sem heimildir til notkunar á íslenska fánanum við markaðssetningu á íslenskum vörum og þjónustu eru rýmkaðar.

Reglur verða einfaldaðar og verði frumvarpið að lögum þarf ekki að sækja um leyfi til að nota þjóðfánann við markaðssetningu á vörum og þjónustu sem er íslensk að uppruna.

Neytendastofa fær það hlutverk að veita leyfi fyrir notkun þjóðfánans í vörumerki en notkun í firmaverki verður alfarið óheimil. **- fbj**

Nýtt frumvarp um naut:

# Bændur fagna breytingunni

**LANDBÚNAÐUR** Landssamband kúabænda (LK) fagnar því að frumvarp landbúnaðarráðherra um erfðaefni holdanautgripa hafi verið lagt fram.

Í frumvarpinu er ferli við innflutning erfðaefnis holdanautgripa einfaldað. Aðalfundur LK hafði áður lýst áhyggjum yfir stöðu nautakjötsframleiðslu og taldi brýnt að gera greininni fært að mæta vaxandi eftirspurn.

Innflutningur á nautgripakjöti var ríflega 1.000 tonn árið 2014, að andvirði rúmlega 900 milljónir króna. **- fbj**

Umfangsmiklar breytingar:

# 13 sagt upp hjá Samgöngustofu

**ATVINNUMÁL** Þrettán var sagt upp störfum í hópuppsögn á Samgöngustofu í gær. Samkvæmt upplýsingum fréttastofu á að ráðast í umfangsmiklar skipulagsbreytingar á Samgöngustofu, sem varð til við sameiningu Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og Siglingamálastofnunar.

Starfsemin var fyrst um sinn eftir sameininguna á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu en öll starfsemi var færð undir sama þak í september síðastliðnum. **- ak, vh**



**MIKILVÆGT** Erla Reynisdóttir skorar á fólk að gefa hjól í söfnunina eða gefa vinnu í að laga hjól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Barnaheill safna fyrir börn:

# Vilja nýta gömul reiðhjól

**SAMFÉLAGSMÁL** Árleg reiðhjólasöfnun Barnaheilla hófst í gær í samstarfi við Æskuna og Íslenska fjallahjólaklúbbinn. Söfnunin fer nú fram í fjórða sinn.

„Um sex hundruð hjólum hefur verið úthlutað frá upphafi. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir börn að hafa möguleika á hreyfingunni,“ segir Erna Reynisdóttir, einn aðstandenda söfnunarinnar.

Hjólum er safnað á endurvinnslustöðvum Hringrásar og Sorpu á höfuðborgarsvæðinu og á pósthúsum á landsbyggðinni. Hjólin en ætluð börnum sem, einhverra hluta vegna, hafa ekki ráð á að eignast reiðhjól. Hægt er að sækja um hjól hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna. **- sa**



**Á BREIÐAFIRÐI** Hálfur mánuður er liðinn frá því að fréttist af einhverri veiði að ráði. MYND/ÖRN RÓSMANN KRISTJÁNSSON

# Ná ekki að veiða um 50.000 tonn af loðnu

**Loðnuvertíðinni er svo gott sem lokið og ljóst að spár hafa gengið eftir hvað varðar válynd veður og aflabrögð. Nokkrar útgerðir ná ekki kvótum sínum og tapið er metið á um þrjá milljarða. Nokkur skip þrjóskast við veiðar; önnur leita af sér allan grun.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta er á allra síðustu metrunum. Það er lítið sem ekkert að sjá í dag, ætli þetta verði ekki síðasti dagurinn hjá okkur, án þess að ég viti það,“ segir Hörður Guðmundsson, skipstjóri á Sigurði VE, sem var á loðnumiðunum inni á Breiðafirði í gærdag í leit að síðustu loðnutonnunum á þessari vertíð. Nú er ljóst að á milli 40 og 50.000 tonn nást ekki af þeim 393 þúsund tonna kvóta sem var gefinn út fyrr í vetur.

Spurður um ástæður þess að svo stór hlutur loðnukvótans næst ekki kemur skýring Harðar mönnum vart á óvart. „Það er bara veðrið. Það er búið að vera hrikalega erfitt veðurfar – eiginlega bara skelfilegt. Ef veður hefði bara verið sæmilegt einhverja daga þá hefði verið nákvæmlega ekkert mál fyrir skipin að veiða þennan kvóta,“ segir Hörður en Sigurður VE var ekki einskipa inni á Breiðafirði þegar Fréttablaðið hafði samband. Þrjú önnur loðnuskip voru þá á litlum bletti við leit, en á mánudag rak eitt skip í smá afla. Þannig hefur það verið undanfarið – skip hittir á smá torfu en svo ekki söguna meir.

„Það fóru svo fjögur skip norður fyrir land til að leita, inni á Húnaflóa og Eyjafirði og á því svæði. Þaðan er ekkert heldur að frétta,“ segir Hörður.

Að tilteknum fyrirvörum um ráðstöfun, gengi gjaldmiðla og ástand á mörkuðum, eru hver 100.000 tonn almennt um átta milljarða króna virði. Samkvæmt því sem Hörður skipstjóri á Sigurði segir, og að kvótinn hefði náðst án fyrirhafnar ef veður hefði haldið, þá er tap útgerðarfyrirtækjanna sem eiga mikið útistandandi því töluvert. Mat Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi er nokkuð lægra, en miðað við að 40 til 50.000 tonn standi óveidd þá sé verðmætið nær 2,5 til þrír milljarðar, en afurðaverð hafi lækkað eftir því sem liðið hefur á vertíðina. Samkvæmt stöðulista Fiskistofu eru það helst þau félög sem eiga stærstu kvótana sem skilja umtalsvert magn eftir; Ísfélagið í Vestmannaeyjum, Samherji og HB Grandi.

Aðeins 22 skip hafa veiðiheimildir í loðnu, en áhafnir margra þeirra eru farnar að huga að næstu verkefnum, ekki síst kolmunnaveiðum, en í gær voru tvö íslensk skip þegar við þær veiðar inni í íslensku lögsögunni.

**svavar@frettabladid.is**

**2,5–3,0**

**milljarðar króna er útflutningsverðmæti óveiddrar loðnu.**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Friedrichshafen | 9° | New York | 14° |
| Aþena | 16° | Gautaborg | 6° | Orlando | 30° |
| Basel | 8° | Kaupmannahöfn | 6° | Ósló | 4° |
| Berlín | 11° | Las Palmas | 19° | París | 9° |
| Billund | 7° | London | 12° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 9° | Mallorca | 16° | Stokkhólmur | 5° |




**Á MORGUN** 8-13 m/s S- og V-til, annars hægari.




**LAUGARDAGUR** 8-13 m/s.

**BJART EYSTRA** Svipað veður á landinu fram á sunnudag en suðvestanátt verður ríkjandi með éljum sunnan og vestantil en yfirleitt bjartviðri eystra. Hiti í kringum frostmark en á sunnudag lítur úr fyrir norðanátt og kólnandi veður.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




Fátt jafnast á við traustan vinnufélaga. Í öllu annríkinu hefur hann nóg rými fyrir þig. Hann er lipur og snar í snúningum, drífandi og kraftmikill.

Proace er vasklegur og fjölhæfur sendibíll sem fæst í tveimur útfærslum. Komdu og sjáðu hvernig Proace er starfi þínu vaxinn hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

**GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur** verður dreginn úr hópi beirra sem fá nýja Toyotu afhenta í mars**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað voru mörg reiðhjólaslys tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrra?
**2.** Hvaða fjörður á Íslandi er sagður á síðu CNN einn af 10 áfangastöðum sem vert er að heimsækja?
**3.** Hvað má finna margar tegundir af mosa á Íslandi?

**SVÖR:**
1. 94. 2. Reyðarfjörður. 3. Um 600.

Bjarni Thor Kristinsson óperusöngvari segir að það ríki mikill söknuður og sorg í samfélagi söngvara:

# Tveir virtir óperusöngvarar fórust í slysinu

**FRAKKLAND** „Samfélag óperusöngvara missti tvo frábæra listamenn og það ríkir mikill söknuður," segir Bjarni Thor Kristinsson óperusöngvari.

Þýska söngkonan Maria Radner og bassabarítóninn Oleg Bryjak frá Kasakstan fórust í flugslysinu. Bjarni Thor Kristinsson óperusöngvari segir að Bryjak hafi unnið með nokkrum íslenskum söngvurum. Hann var sjálfur í hópi þeirra.

„Það er ákveðinn söngvarahópur sem syngur mikið Wagner og við sungum saman í Rínargullinu, sem er líka hluti af hring Wagners, fyrir tveimur árum í Barcelona," segir Bjarni Thor. „Ég veit til þess að margir íslenskir söngvarar hafa sungið með honum, þetta er mjög virtur kollegi í þessum bransa," segir hann. Bjarni segir að Maria Radner hafi verið ung og upprennandi stjarna. Hann þekkti hana hins vegar ekki. „Netheimar hjá okkur söngvurum eru dálítið erfiðir þessa dagana. Það ríkir mikill söknuður og sorg. Kollegarnir syrgja tvo frábæra listamenn," segir Bjarni

Þegar slysið varð var nýbúið að klára uppfærslu í óperunni í Liceu í Barcelona og listamennirnir voru að fara til síns heima. „Og það voru margir sem ég þekkti til sem voru að fljúga heim þennan sama dag og menn voru mikið á netinu í gær að leita að félögum sínum, hvort þeir væru ekki örugglega lentir einhvers staðar annars staðar." - jhh



**SORG** Bjarni Thor söng með Bryjak fyrir tveimur árum.

Forseti borgarstjórnar ræddi við börnin um jafnrétti:

# Vekja börnin til umhugsunar



**FRÆÐSLA** Sóley ræðir við börn í Laugarnesskóla. Markmiðið er að fræða ungviðið um réttindi fólks og hversu miklu jafnréttisbaráttan hefur áorkað.

**SAMFÉLAGSMÁL Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, heimsótti Laugarnesskóla í gær og ýtti úr vör verkefni í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2015.**

**Sóley ræddi við börnin um jafnrétti kynjanna og þær breytingar sem jafnréttisbaráttan hefur fært íslensku samfélagi. Einnig ræddi Sóley við börnin um kosningaréttinn og mikilvægi lýðræðisins. Markmið fræðslunnar er að vekja börn til umhugsunar um stöðu jafnréttismála og hvetja þau til að hafa áhrif á líf sitt og umhverfi.**

**Börnin í Laugarnesskóla munu síðan vinna áfram úr fundinum með ýmsum verkefnum í skólanum og öðlast fræðslu um jafnrétti, lýðræði og mannréttindi og hljómsveitin AmabAdamA mun semja lag við réttindaóskir nemenda.** - sa



**Á VETTVANGI** Björgunarsveitarmaður að störfum í gær fyrir ofan bæinn Seynes-les-Alpes, í frönsku Ölpunum þar sem þota Germanwings fórst. Brak vélarinnar dreifðist víða um illa aðgengilegt svæði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Engir stórir hlutir úr vélinni hafa fundist

Engin skýring hefur enn fengist á skyndilegu hrapi Airbus-þotunnar sem fórst í Frönsku ölpunum. Í nóvember síðastliðnum tókst flugmönnum annarrar þýskrar Airbus-þotu á síðustu stundu að bjarga vélinni með því að slökkva á tölvubúnaði.

**FRAKKLAND** Björgunarfólk, sem leitað hefur í fjalllendinu þar sem Airbus-vél þýska flugfélagsins Lufthansa hrapaði á þriðjudag, furðar sig á því hve brakið úr henni er í smáum molum. Nánast ekkert hefur fundist sem er stærra en bifreiðahurð. Engin lík eru heldur heil.

Beðið er niðurstöðu úr flugrita vélarinnar, sem gæti gefið skýringar á því hvers vegna hún tók skyndilega að missa hæð.

Um borð í vélinni voru að minnsta kosti 72 Þjóðverjar og 51 Spánverji ásamt að minnsta kosti tveimur ríkisborgurum frá hverju eftirtalinna ríkja: Argentínu, Ástralíu, Bandaríkjunum, Íran, Venesúela, og einum frá Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Hollandi, Ísrael, Japan, Kólumbíu og Mexíkó.



**FLUGRITINN** Annar tveggja flugrita vélarinnar fannst, en er töluvert skemmdur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ein af hugsanlegum orsökum slyssins, sem nefndar hafa verið, er að nemar sem sýna tölvukerfi vélarinnar hvort hún er að hækka eða lækka flugið hafi frosið vegna ísingar.

Þetta virðist hafa komið fyrir aðra flugvél sömu gerðar í eigu Lufthansa-flugfélagsins. Litlu munaði að hún hrapaði til jarðar í nóvember síðastliðnum þar sem hún var á flugi frá Spáni til Þýskalands.

Vélin var komin upp í rétta flughæð og flaug beint áfram í jafnri hæð, en tölvukerfið stóð í þeirri meiningu að hún væri að hækka flugið. Tölvukerfið tók því til við að leiðrétta þetta með þeim afleiðingum að vélin lækkaði flugið mjög hratt.

Sem betur fer áttuðu flugmennirnir sig á þessu, en þó ekki fyrr enn á síðustu stundu rétt áður en hún hefði skollið til jarðar. Þeir gripu til þess ráðs að slökkva á tölvubúnaði til að geta sjálfir stjórnað flughæðinni án afskipta tölvunnar.

Nokkrum vikum síðar sendi Flugöryggisstofnun Evrópu, EASA, frá sér viðvörun til flugmanna um að hætta sé á að þetta gerist í Airbus-vélum af gerðinni A320, A330 og A340. Airbus hafði áður sent tilkynningu um þetta til flugmanna.

Engan veginn þykir þó víst að þetta sé það sem gerðist. Það sem vekur mesta furðu er að ekkert hafi heyrst í flugmönnunum allan tímann meðan vélin var að hrapa. Hrapið stóð yfir í nærri níu mínútur.

Dauðsföllum af völdum flugslysa hefur fækkað jafnt og þétt í heiminum undanfarna áratugi, en óvænt fjölgun varð á síðasta ári vegna nokkurra stórra slysa.

Allar farþegaþotur íslenska flugfélagsins Wow eru af gerðinni Airbus 320. Icelandair notar Boeing 757 þotur. Báðar þessar tegundir eru meðal þeirra sem algengastar eru í farþegaflugi í heiminum. gudsteinn@frettabladid.is

## Verstu flugslys heims síðustu 12 mánuði

| Dagsetning | Staður | Flugvélartegund | Flugfélag | Fjöldi látinna |
|---|---|---|---|---|
| 24. mars 2015 | Frakkland | Airbus A320 | Germanwings | 150 |
| 28. desember 2014 | Jövuhaf, Indónesíu | Airbus A320 | Indonesia AirAsia | 162 |
| 24. júlí 2014 | Malí | McDonnell Douglas | Air Algerie | 116 |
| 17. júlí 2014 | Úkraína | Boeing 777 | Malaysia Airlines | 298 |
| 8. mars, 2014 | Indlandshaf | Boeing 777 | Malaysia Airlines | 139 |
| 11. febrúar 2014 | Alsír | Lockheed C-130 | Flugherinn í Alsír | 77 |









# HELENA RUBINSTEIN KYNNING

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GARÐABÆ OG HOLTAGÖRÐUM 26. MARS – 1. APRÍL.




**VEIST ÞÚ AÐ 2/3 AF SJÁANLEGUM ÖLDRUNARMERKJUM ANDLITSINS ERU Í KRINGUM AUGU OG VARIR OG ÞAR MYNDAST ÞAU YFIRLEITT FYRST?**

Helena Rubinstein býður upp á augnkrem og varakrem fyrir kröfuharðar konur sem vilja sýnileg áhrif og langtíma virkni á línur og hrukkur. NÝTT PROFILLER EYE AND LIP var hannað í samvinnu við lýtalækna á LACLINIC-MONTREUX í Sviss. Kremið dregur sjáanlega úr línum og hrukkum á minna en mánuði og að auki verða þær strax minna sjáanlegar vegna sjónrænna áhrifa („blurring“).

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HELENA RUBINSTEIN MÖSKURUM VARA- OG AUGNKREMUM**



Við mælum með Lash Queen Feline Blacks maskaranum frá Helena Rubinstein sem margar íslenskar konur kalla „Tiger maskarann“. Hann er extra svartur, þéttir og lengir augnhárin á djarfan og tælandi hátt. Helena Rubinstein er frumkvöðull og sérfræðingur í möskurum og kom með fyrsta sjálfvirka maskarann á heimsvísu 1958 og fyrsta vatnshelda maskarann 1939. **VERTU VANDLÁT – VARASTU EFTIRLÍKINGAR.**

Glæsilegir kaupaukar að hætti HR.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Embættismenn í Frakklandi:

# Ísfirðingur spyr um kostnaðinn

**SVEITARSTJÓRNIR** Ísfirðingurinn Kristín Hálfdánsdóttir hefur sent bæjaryfirvöldum bréf með spurningum um ferð embættismanna til Les Sables-d'Olonne í Frakklandi.

„Hvert er markmið ferðarinnar? Hverjir fara á vegum Ísafjarðarbæjar? Hver er kostnaður Ísafjarðarbæjar vegna þessarar ferðar?“ spyr Kristín. Bæjarráðið hefur falið Gísla Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra að svara spurningum Kristínar. **- gar**

Málþing haldið um stangveiði og umhverfisvernd þar sem Þingvallaurriðinn er í aðalhlutverki:

# Fluguveiðinördar setja met í Háskólabíói

**MENNING** „Ég er búinn að fá það staðfest að sýningin í Reykjavík er langstærsta RISE-hátíð í heimi. Næst kemst Sydney í Ástralíu með 260 manns. Við verðum með allavega 500 manns hjá okkur í ár,“ segir Kristján Benediktsson, framkvæmdastjóri fluguveiðiferðaskrifstofunnar Iceland Angling Travel (IAT) og skipuleggjandi alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar um fluguveiði sem fram fer í Háskólabíói í kvöld.

Kristján, eða Stjáni Ben eins og veiðimenn þekkja hann, hefur staðið fyrir hátíðinni undanfarin ár og ljóst að hún hefur þegar sprengt utan af sér sitt fyrra heimili í Bíó Paradís þar sem 330 manns komu saman í fyrra.

En þá er aðeins fátt eitt talið. Tvinnuð saman við kvikmyndahátíðina er veiðisýning og málstofa um stangveiði og umhverfisvernd.

Í málstofunni mun meðal annarra Sveinn Kári Valdimarsson, líffræðingur hjá Landsvirkjun, kynna aðgerðir Landsvirkjunar varðandi verndun Þingvallaurriðans.

„Ég er búinn að bíða í áratugi eftir að Landsvirkjun kynni loks hugmyndir sínar um fiskveg milli Þingvallavatns og Efra-Sogs og bíð spenntur eftir að heyra um aðgerðir til að endurreisa ísaldarurriðann,“ segir Össur Skarphéðinsson, alþingismaður og verndari ísaldarurriðans til áratuga, sem er umræðustjóri málþingsins. **- shá**

**visir.is** Ítarlegri umfjöllun um viðburðinn er að finna á fréttavef Vísis.



**VIÐ ÞINGVALLAVATN** Vernd hins eðla ísaldarurriða verður sérstaklega til umfjöllunar á RISE-hátíðinni í kvöld. MYND/HINRIK













**Á EIGIN FORSENDUM** Helga hefur starfað sem ráðgjafi hjá Stígamótum í um ár og þar hefur hún hjálpað fötluðum fórnarlömbum ofbeldis auk þess að sinna fræðslu um málefnið. Hún segir þurfa að byrja á því að breyta þjónustu við fatlaða þannig þeir fái að taka þátt í samfélaginu á eigin forsendum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þarf aukna fræðslu og úrræði fyrir þolendur

Um 30 fatlaðir þolendur ofbeldis hafa leitað til Stígamóta undanfarið ár. Ráðgjafi segir staðreynd að fatlað fólk verði fyrir meira ofbeldi en aðrir og mikilvægt sé að hafa þjónustuna þannig að fólk fái að taka þátt í samfélaginu á eigin forsendum.

**OFBELDI** „Allar rannsóknir sýna að fatlað fólk verður fyrir meira ofbeldi en aðrir,“ segir Helga Baldvins- og Bjargardóttir ráðgjafi hjá Stígamótum. Helga byrjaði að starfa hjá Stígamótum fyrir um ári og einbeitir sér sérstaklega að því að hjálpa fötluðum brotaþolum ofbeldis.

Fréttablaðið sagði í gær frá nýrri rannsókn á ofbeldi gegn konum þar sem kemur fram að stuðning vanti fyrir brotaþola. Helga hefur starfað hjá Stígamótum í um ár en hún var ráðin sérstaklega inn til þess að hjálpa fötluðum þolendum ofbeldis. Á því ári sem Helga hefur starfað hjá Stígamótum hafa leitað til hennar um 30 fatlaðir þolendur ofbeldis en hún hefur einnig sinnt fræðslu um þessi mál víða. „Það er margt sem þarf að bæta en það mætti kannski byrja á þessu almenna. Það eru viðhorf gagnvart fötluðu fólki og hvernig við komum fram við það.“

Helga segir vanta verklagsreglur og úrræði. Það sé staðreynd að fatlaðir einstaklingar verði fyrir meira ofbeldi. „Við þurfum að fara að vinna út frá því, og móta verklag um hvernig við ætlum að bregðast við þegar fatlað fólk verður fyrir ofbeldi og hvað hægt er að gera til að fyrirbyggja það.“

Fræðsla er að mati Helgu lykilatriði og þá bæði hjá fötluðum einstaklingum og þeim sem með þeim starfa. „Það þarf að auka fræðslu um ofbeldi. Fræðslu um mörk, hvenær það má segja nei og hvað sé ofbeldi. Stundum veit fólk ekki að það er að verða fyrir ofbeldi.“

Það reynist oft erfiðara fyrir fatlað fólk að segja frá verði það fyrir ofbeldi. „Það gerir veruleikann oft flóknari fyrir fatlað fólk að sumir verða fyrir valdbeitingu, kúgun og niðurlægingu í daglegu lífi. Það er vant því að þurfa að láta alls konar yfir sig ganga og það er kannski það helsta sem við þyrftum að einbeita okkur að því að breyta. Hafa þjónustuna þannig að fólk fái meira um hana að segja og fái raunverulegt tækifæri til að taka þátt í samfélaginu á sínum forsendum,“ segir hún.

Að sögn Helgu hefur umræðan um ofbeldi gegn fötluðu fólki opnast á undanförnum árum en að hennar mati þarf að efla vitundarvakningu í samfélaginu. „Svona er þetta og hvernig ætlum við að tækla það? Nú þurfum við að fara að bregðast við, búa í veruleikanum og hætta að ýta þessu á undan okkur eða gera lítið úr því.“

viktoria@frettabladid.is

Félag atvinnurekenda krefur atvinnuvegaráðuneytið um endurgreiðslur:

# Vill aftur ólögmætt útboðsgjald

**VERSLUN** Félag atvinnurekenda krefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um að ólögmætt útboðsgjald á tollkvóta fyrir búvörur verði endurgreitt þeim fyrirtækjum sem ekki hafi nýtt heimildir sínar.

„Hér er um að ræða umtalsverða hagsmuni fyrir neytendur. Útboðsgjaldið fyrir kíló af innfluttu kjúklingakjöti þýðir að kjúklingabringur gætu lækkað verulega þar sem tollurinn er ríflega sex hundruð krónur. Einnig gæti innflutt nautakjöt lækkað um fjórðung,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Útboðsgjaldið er ólögmætt samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars síðastliðinn. Dómurinn taldi hins vegar ógerlegt að endurgreiða fyrirtækjum útboðsgjald vegna þess að búið væri að gera ráð fyrir því í íslensku verðlagi.



**ÓLAFUR P. STEPHENSEN**

Að mati Félags atvinnurekenda hafa fjölmörg fyrirtæki greitt fyrir innflutningsheimildir til ríkissjóðs án þess að hafa fullnýtt þær. Því sé eðlilegt að þau fyrirtæki sem ekki hafa nýtt alla kvóta sína fái útboðsgjaldið endurgreitt. **- sa**



**BRINGUR VERKAÐAR** Verð á innfluttum kjúklingabringum gæti lækkað umtalsvert, til hagsbóta fyrir íslenska neytendur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



# HOLI

fimm rétta hátíðarmatseðill

*5.990 kr. mán.-mið.*
*6.990 kr. fim.-sun.*

### *FORRÉTTUR*

**Kottayam Tiger Prawn**
*Snöggeldaðar risarækjur í kóríander, chillí, karrýlaufum og sinnepsfræjum*

### *AÐALRÉTTIR*

**Boti Kebab**
*Lambafillet marínerað í kúmíni, engiferi og garam masala - grillað í Tandoori ofninum*
*og*
**Lasooni Murgh**
*Grillaðar kjúklingalundir, maríneraðar í hvítlauk, kúmíni og grænum chillí*
*og*
**Shahi Kurma**
*Blandað grænmeti, eldað í ríkulegri sósu með kanil, kardimommum og negul*

### *MEÐLÆTI*

*Hvítlauks Naan-brauð*
*Raitha jógúrtsósa*
*Basmati-hrísgrjón*

### *EFTIRRÉTTUR*

*Kulfi - heimalagaður indverskur pistasíuís með saffran*







# HOLI-hátíð hjá Austur-Indíafjelaginu

## Gleði, litir og dásamlegur matur

Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku HOLI-hátíð. Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi fram í apríl með ríkulegum fimm rétta HOLI-hátíðarmatseðli á frábæru verði: **5.990 kr.** mán.-mið. og **6.990 kr.** fim.-sun.

Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.
**Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.**

# AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

**Borðapantanir: 552-1630** Hverfisgata 56 Opið: sun.-fim. 17:30 - 22:00 og fös.-lau. 17:30 - 23:00

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN




BMW X1 25d
Nýskr. 08/13, ekinn 30 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 142774.

Frábært verð!
7.370 þús.



HONDA CRV
Nýskr. 12/11, ekinn 46 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.290 þús.
Rnr. 191721.



OPEL CORSA CDTI
Nýskr. 09/12, ekinn 25 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.290 þús.
Rnr. 102428.



FORD FIESTA TREND
Nýskr. 10/14, ekinn 8 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.390 þús.
Rnr. 110076.



HYUNDAI i20 CLASSIC
Nýskr. 05/14, ekinn 31 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.490 þús.
Rnr. 120626.



MERCEDES BENZ GLK
Nýskr. 10/12, ekinn 27 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 7.390 þús.
Rnr. 281928.



FORD ESCAPE LIMITED
Nýskr. 08/08, ekinn 56 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.490 þús.
Rnr. 102562.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


Verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð á þrjátíu og átta mismunandi páskaeggjum:

# Bónus oftast með lægsta verðið

**NEYTENDUR** Bónus var með lægsta verðið á 26 af 38 tegundum páskaeggja sem verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands kannaði þriðjudaginn 24. mars síðastliðinn.

Mesti verðmunur á páskaeggjum var 57 prósent. Algengast var þó að um þriðjungsmunur væri á hæsta og lægsta verði á páskaeggjum í verslunum landsins. Hæst var verð á páskaeggjum oftast í verslunum Samkaupa – Úrvals, eða í 21 tilviki af 38.

Lítill munur virðist vera á Krónunni og Bónus hvað varðar verð á páskaeggjum.

Í ellefu tilvikum af 38 var Krónan með lægsta verð. Einnig má benda á að í þriðjungi tilvika þar sem Bónus var með lægsta verðið var munurinn tvær krónur milli Bónuss og Krónunnar.

Kannað var verð á algengum tegundum páskaeggja frá íslenskum framleiðendum í Bónus, Krónunni, Nettó, Iceland, Hagkaupum, Fjarðarkaupum, Samkaupum, Nóatúni og Víði. - sa



**EGG** Mesti munur á hæsta og lægsta verði var 57 prósent. Lítill munur var á Krónunni og Bónusi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Umboðsmaður efast um lögmæti synjunar

Umboðsmaður Alþingis dregur lögmæti synjunar Héðins Unnsteinssonar um vistun á geðsviði Fjórðungssjúkrahúss á Akureyri í efa. Yfirlæknir geðsviðs Fjórðungssjúkrahúss á Akureyri, Sigmundur Sigfússon, synjaði Héðni Unnsteinssyni um innlögn á geðdeild vegna skoðana hans á starfsemi geðdeildarinnar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Yfirlæknir geðsviðs Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Sigmundur Sigfússon, synjaði Héðni Unnsteinssyni um innlögn á geðdeild árið 2008 vegna álits starfsmanna deildarinnar á skoðunum hans, sem hann lýsti í viðtali við Kastljós. Þetta kemur fram í bréfi sem Sigmundur ritaði Héðni sjálfur og er birt hér með greininni. Í fyrirspurn sem umboðsmaður Alþingis sendi heilbrigðisráðuneytinu kemur fram að hann efist um lögmæti synjunarinnar.

Vegna synjunarinnar frá Sigmundi urðu veikindi Héðins verri. Dráttur varð á læknismeðferð og veikindi hans urðu svo svæsin að hann var neyðarvistaður í Reykjavík og var lengi að jafna sig eftir áfallið. Hann hitti Sigmund á ráðstefnu vegna vinnu sinnar um geðheilsu eftir efnahagshrunið og ákvað eftir þann fund að hann þyrfti úrlausn á málinu. „Ég spurði hann þá hvers vegna hann hefði synjað mér um læknismeðferð. Hann svaraði því til að ég skyldi bara læra af þessu. Hvað var það sem ég átti að læra? Sjúkrahúsið neitaði mér um innlögn á grundvelli skoðana minna. Ég þurfti hjálp en fékk ekki og veikindi mín versnuðu. Ég fann eftir þetta samtal við hann að ég þurfti úrlausn svo aðrir lentu ekki í sömu sporum. Þetta má ekki gerast í íslensku heilbrigðiskerfi,“ segir hann.

Sigmundur sendi Héðni bréf í október 2012. Hluti þess er birtur hér með greininni og lýtur að ástæðum synjunar hans. „Ráðuneytið benti mér á að fara með umkvörtun mína í hefðbundið ferli, sem ég gerði. Ég sendi kvörtun til Embættis landlæknis.“

Héðinn fékk ekki svör fyrr en eftir 72 vikur og þá þess efnis að embættið sæi ekkert að vinnulaginu. Álit landlæknis var byggt á þeim forsendum að engin formleg innlagnarbeiðni til FSA hefði legið fyrir.

Umboðsmaður Alþingis tók við umkvörtun Héðins og sendi bæði Embætti landlæknis og heilbrigðisráðherra fyrirspurnir um málið og vísar í stjórnarskrárvarin réttindi hans. Í erindi hans segir m.a.:

„Af fyrirliggjandi gögnum þessa máls verður ekki annað ráðið en í raun hafi ástæða þess að Héðinn var ekki lagður inn á FSA á sínum tíma verið afstaða starfsmanna FSA til ummæla hans í Kastljósþætti Ríkissjónvarpsins er lutu að starfsemi sjúkrahússins. […] Ég minni í þessu sambandi á þá umgjörð sem aðgengi að heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstofnunum er búin í lögum sem ætlað er að útfæra það ákvæði 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar um að öllum sem þess þurfa skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika. Hér kann einnig að þurfa að horfa til 14673. gr. stjórnarskrárinnar og laga um tjáningarfrelsi einstaklinga.“

kristjanabjorg@frettabladid.is



**HÉÐINN UNNSTEINSSON** Héðinn skrifaði bókina Vertu úlfur um reynslu sína af veikindum sínum og íslensku geðheilbrigðiskerfi. Umboðsmaður Alþingis hefur beint því til Embættis Landlæknis að taka upp mál Héðins á ný, ellegar muni hann taka það upp sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Bréf Sigmundar frá 2. október 2012

„Eftir vandlega umhugsun hef ég ákveðið að leggja spilin á borðið til að skýra þér í hreinskilni frá ástæðum munnlegs svars míns við óformlegri beiðni Péturs Haukssonar geðlæknis haustið 2008 um að þú fengir að leggjast sjálfviljugur inn á geðdeild FSA. Ljóst er þó að ég tek nokkra áhættu með að sýna þér til skýringar meðfylgjandi trúnaðarskýrslu okkar Bernards Gerritsma hjúkrunardeildarstjóra FSA til landlæknis, dags. 18. október, sem rituð var í kjölfar símtals landlæknis við mig.

Það var frásögn þín í Kastljósþætti Sjónvarpsins 10. október 2006 af meðferð sjúklings á geðdeild FSA sem hafði farið svo fyrir brjóstið á hjúkrunarfólki deildarinnar að deildarstjórinn mat það svo að ekki yrði hægt að mynda aftur það trúnaðartraust milli þín og starfsfólks legudeildarinnar sem nauðsynlegt væri til að meðferð þín á deildinni gæti heppnast.“

> **Ég spurði hann þá hvers vegna hann hefði synjað mér um læknismeðferð. Hann svaraði því til að ég skyldi bara læra af þessu. Hvað var það sem ég átti að læra? Sjúkrahúsið neitaði mér um innlögn á grundvelli skoðana minna. Ég þurfti hjálp en fékk ekki og veikindi mín versnuðu.**


Borar af öllum stærðum og gerðum

MÚRBÚÐARVERÐ



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


**SVÍPJÓÐ**

### Ákært fyrir mútur

Sænska byggingafyrirtækið Skanska verður ákært í Brasilíu fyrir að hafa greitt yfirmönnum brasilíska ríkisolíufyrirtækisins Petrobras mútur. Skanska er meðal 25 fyrirtækja sem grunuð eru um hringamyndun. Er þeim gefið að sök að hafa skipt á milli sín samningum um olíuleiðslur, olíuhreinsunarstöðvar og borpalla. Einn yfirmanna Petrobras á að hafa viðurkennt að hafa tekið við mörgum milljónum sænskra króna frá fulltrúa Skanska í Brasilíu.

# DEBENHAMS

# VOR ÚTSALAN
# ER HAFIN
# 30-70%
## AFSLÁTTUR
## AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**Opið** 11 - 21 í dag

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

*GILDIR ÚT SUNNUDAG

Finndu okkur á facebook



**SUMARVINNA** Ungmenni vilja fjölbreyttari störf. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Reykjavíkurráð ungmenna:

## Aukin fræðsla og sumarvinna

Jafnréttis-, kynja- og fordómafræðsla á miðstigi, svo sem í lífsleiknitímum, var meðal þess sem fulltrúar Reykjavíkurráðs ungmenna lögðu til á fundi sínum með borgarstjórn í vikunni. Fulltrúarnir vilja bæta kynfræðslu og útfæra kennslu í fjármálalæsi og réttindum á vinnumarkaði í grunnskólunum.

Fluttar voru tillögur um fleiri strætóferðir frá Kjalarnesi, breyttar strætóferðir í Grafarvogi, sumarvinnu fyrir 8. bekk á ný og fjölbreyttari störf fyrir unglinga á aldrinum 13 til 18 ára.

Frá þessu er greint á vef Reykjavíkurborgar.






# Seinkun skóladags bætti líðan

Vísindamenn segja það skaðlegt heilsu unglinga að mæta í skólann snemma á morgnana. Góður árangur af seinkun skóladagsins hjá elstu nemendunum í Ingunnarskóla. Krakkarnir hressari og einkunnir hærri.

**Ingibjörg Bára Sveinsdóttir**
ibs@frettabladid.is

Að mæta snemma á morgnana í skólann dregur ekki bara úr námsgetu unglinga heldur er það beinlínis skaðlegt heilsu þeirra. Þetta skrifa fimm vísindamenn í aðsendri grein í Sænska Dagblaðinu. Vísindamennirnir vitna í rannsóknir sem gerðar voru við Háskólann í Minnesota í Bandaríkjunum á 9 þúsundum framhaldsskólanema sem sýna að eftir að skóladagurinn hófst klukkan 8.40 í stað 7.50 hækkuðu einkunnir þeirra samtímis því sem þeir sýndu minni merki um þreytu og þunglyndi. Koffínneysla nemanna minnkaði jafnframt. Í Bandaríkjunum byrjar skóladagurinn nú seinna í mörgum skólum.

Í Ingunnarskóla í Grafarholti var skóladeginum seinkað hjá nemendum í 6. til 10. bekk síðastliðið haust. Í stað þess að mæta kl. 8.10 byrja þau skóladaginn kl. 8.30. Árangurinn hefur verið góður, að sögn Guðlaugar Erlu Gunnarsdóttur skólastjóra. „Krakkarnir eru alsælir með þetta. Þau koma hressari inn í skóladaginn, kennararnir segja að þau séu betur upplögð til vinnu og mæti frekar á réttum tíma. Það er einnig mikil ánægja í foreldrahópnum með þetta."

Að sögn Guðlaugar voru nemendur í 10. bekk með hærri einkunnir á samræmdum prófum í haust heldur en í fyrra. „Það er kannski ekki hægt að mæla þetta á milli ára eftir svo skamman tíma en það verður fróðlegt að sjá hver reynslan verður í framhaldinu."

Kennarar fá einnig meiri sveigjanleika, að því er Guðlaug greinir frá. „Það á við þegar þeir þurfa að koma aðeins fyrr til að undirbúa eitthvað en við gerum þetta fyrst og fremst fyrir krakkana."

Hugmyndin að því að seinka skóladeginum kom frá fulltrúa foreldra í skólaráði síðastliðið vor. „Viðkomandi hafði lesið um rannsóknir á þessu og það tóku allir vel í þetta í skólaráðinu, ekki síst fulltrúar nemenda."



**Í INGUNNARSKÓLA** Guðlaug Erla Gunnarsdóttir skólastjóri segir það verða skoðað með opnum huga að seinka skóladeginum enn meira. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Guðlaug segir það hafa verið rætt að seinka skóladeginum enn meira. „Það er að vísu flókið að seinka honum meira út af tómstundum krakkanna síðdegis en það kemur allt til greina. Við skoðum þetta með opnum huga."

Björg Þorleifsdóttir, lektor í lífeðlisfræði við læknadeild Háskóla Íslands, segir að þó nokkrar rannsóknir hafi leitt í ljós að unglingum henti betur að byrja seinna en fyrr. „Þetta er alltaf tengt lengri svefni en ekki tímasetningunni sem slíkri. Það er talið að unglingar þurfi 9 klukkustunda svefn og alls ekki minna en 8 klukkustunda svefn. Ef þeir byrja í skólanum kl. 8 þurfa þeir að vakna kl. 7. Til að fá 8 klukkustunda svefn þurfa þeir að vera sofnaðir kl. 23. Það er langt frá því að vera normið í þessu samfélagi."

Kortlagning á svefnvenjum Íslendinga hófst í janúar síðastliðnum, að sögn Bjargar. „Við leggjum mikla áherslu á að skoða aldurshópinn 10 til 20 ára til að sjá hvernig svefnmynstrið er. Við spyrjum um líðan í skóla og um árangur, koffínneyslu og tölvunotkun meðal annars. Við erum að reyna að skoða þetta í samhengi. Því fleiri sem taka þátt þeim mun betri upplýsingar fáum við."

Björg tekur það fram að hópurinn sem stendur að rannsókninni sé þeirrar skoðunar að mögulega hafi það áhrif að lífsklukkan sé á skjön við staðarklukkuna ásamt fleiri þáttum.



> **Þetta er alltaf tengt lengri svefni en ekki tímasetningunni sem slíkri.**
>
> *Björg Þorleifsdóttir, lektor í lífeðlisfræði við læknadeild Háskóla Íslands.*

**9** klukkustundir er svefnþörf unglinga talin vera.




FASTEIGNAUMSJÓN | RÆSTING | MATVÆLAÞRIF | SÉRVERKEFNI | VEITINGAR | ISS.IS




**Á NETINU** Vísindamenn segja að mögulega þurfi að laga stuðning að því hvernig einelti er beitt. NORDICPHOTOS/GETTY

Niðurstöður rannsóknar norskra vísindamanna:

## Neteinelti leiðir til mestrar vanlíðunar

Börn sem verða fyrir einelti á netinu virðast þjást meira af kvíða og angist en þau sem verða fyrir „hefðbundnu" einelti, að því er greint er frá á vef Háskólans í Stafangri í Noregi.

Bent er á að sá sem beiti einelti á netinu, eins og til dæmis á Snapchat, Facebook, ask.fm og Instagram, nái til miklu fleiri auk þess sem gerandinn geti notið nafnleyndar. Það leiði til meira ójafnræðis og þolandanum líði verr. Slíkt leiði til þess að þolandinn geti aldrei verið öruggur. Þátttakendur í rannsókninni, sem vitnað er í á vefsíðu háskólans, voru 3.046 unglingar á aldrinum 15 til 16 ára í 63 skólum í Noregi.

Stjórnendur rannsóknarinnar benda á mikilvægi þess að starfsmenn skóla geti greint einkenni mismunandi tegunda af einelti. Mögulega þurfi að aðlaga stuðning eftir því. Stjórnendur benda jafnframt á að til þess að geta dregið öruggar ályktanir um orsök og afleiðingu mismunandi tegunda eineltis og mismunandi vanlíðunar þurfi fleiri rannsóknir. - ibs


LAUFLÉTT
FULLFERMI
Ýmsar stærðir (22-42 lítra) og útfærslur í fjölmörgum litum.
AIRCOMFORT BURÐARKERFI veitir mikil þægindi og frábæra öndun.
Dömu- og herraútgáfur, sem eru með sérhönnuðum ólum, baki og mittisólum fyrir ólíkar þarfir kynjanna.
Létt en ótrúlega sterkt efni sem endist vel.
Snjallar lausnir á vösum og festingum fyrir allt það nauðsynlegasta.
Innbyggð regnvörn.
DEUTER FUTURA BAKPOKARNIR ERU MARGVERÐLAUNAÐIR GÆÐABAKPOKAR SEM HAFA SANNAÐ SIG VIÐ MARGVÍSLEGAR AÐSTÆÐUR OG MUNU NÝTAST FERMINGARBÖRNUM LANGT FRAM Á FULLORÐINSALDUR.
deuter
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

Markhönnun ehf

**nettó**
Kræsingar & kostakjör

# VERÐSPRENGJA!



HAMBORGARHRYGGUR
STJÖRNUGRÍS
-50% **999**
ÁÐUR 1.998 KR/KG



LAMBAHRYGGUR
FERSKUR-FYLLTUR
**2.572**
ÁÐUR 3.215 KR/KG



FRÁBÆRT VERÐ!

BAYONNESKINKA/
BAYONNESTEIK
-40% **959**
ÁÐUR 1.598 KR/KG



HUMAR 1KG
17-25GR, Í POKA
**3.991**
ÁÐUR 4.989 KR/KG

HUMAR ÁN SKELJAR
1 KG - 20% ÍSHÚÐUN
-42% **3.591**
ÁÐUR 6.191 KR/KG

HUMAR VIP ASKJA
800 GR
**6.244**
ÁÐUR 7.260 KR/KG



KJÚKLINGUR NETTÓ
FERSKUR - HEILL
**699**
ÁÐUR 794 KR/KG

## 50% AFSLÁTTUR
DAGANA 26.MARS – 5.APRÍL VERÐUR **50%** AFSLÁTTUR
Á **NAMMIBAR NETTÓ GRANDA OG NETTÓ MJÓDD**






NICE&EASY PIZZUR
4 TEGUNDIR
-32% **299**
ÁÐUR 439 KR/STK




COCA COLA
4X2L
**899** KR/PK
ÁÐUR 999 KR/PK

PÁSKAEGG
250 G -
**799** KR/

ME
BIR
END

**Tilboðin gilda 26. - 29. mars 2015**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



## GRÍSAHRYGGUR
PÖRUSTEIK/BEINLAUS
-42%
**1.383**
ÁÐUR 2.384 KR/KG




## KJÚKLINGABRINGUR
900GR, DANSKAR
**1.391**
ÁÐUR 1.761 KR/PK

## KJÚKLINGALUNDIR
700GR, DANSKAR
**1.391**
ÁÐUR 1.761 KR/PK



## LAMBALÆRI - GOÐI
SÉRMEYRNAÐ - FROSIÐ
**1.575**
ÁÐUR 1.969 KR/KG



## BLÓMKÁL/BROKKOLÍ
300GR BAKKI
-50%
**249**
ÁÐUR 498 KR/PK




## ÍSKAKA - EMMESÍS
800ML, 2 TEGUNDIR
-36%
**799**
ÁÐUR 1.259 KR/STK



## ANDALEGGUR OG LÆRI
**1.650**
ÁÐUR 2.063 KR/KG

# *Páskarnir nálgast!*







## HÁTÍÐARBLANDA
0,5 L
**89**
ÁÐUR 99 KR/STK




## FREYJA PÁSKAEGG NR.4
RÍS/DRAUM/ÆVINTÝRA
**1.198**
ÁÐUR 1.298 KR/STK

## FREYJA PÁSKAEGG NR.9
RÍS/DRAUM/ÆVINTÝRA
**2.098**
ÁÐUR 2.198 KR/STK

ÞINGSJÁ



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

AF ÞINGPÖLLUNUM
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ

# Sterkur meirihluti er ekki ávísun á skjóta afgreiðslu mála

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hefur sterkan meirihluta á bak við sig. Stjórnarflokkarnir hafa hvor um sig 19 þingmenn og því hefur stjórnin 38 þingmenn af 63. Býsna gott það og ætti að gefa henni færi á því að vinna af festu og öryggi við að koma stefnu sinni í lög.

Í því ljósi er umhugsunarefni hve lítið gengur undan ríkisstjórninni. Líkt og fjallað er um í Þingsjá í dag er innan við helmingur þeirra mála sem ríkisstjórnin boðaði að kæmu fram á þessu þingi kominn fram. Og það er ekki eins og stjórnin hafi lofað þessu fyrir löngu, nei þingmálaskráin var lögð fram í janúar.

Í dag er síðasti þingfundardagur fyrir páska og um mánaðamótin rennur út frestur til að leggja fram mál á þingi. Eftir það þarf að leita afbrigða til að koma málum á dagskrá.

Sé ekki beinlínis um helberan slóðahátt að ræða er í raun aðeins eitt sem kemur til greina sem skýrir stöðuna; að mun meiri ágreiningur sé á milli stjórnarflokkanna en þeir vilja vera láta. Risastór mál eru ekki einu sinni komin inn í ríkisstjórn, svo sem mál Eyglóar Harðardóttur velferðarráðherra um húsnæðismál, og Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, hætti við að leggja fram kvótafrumvarp. Ekki gafst tími til að ná samstöðu um málið.

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, hefur kallað eftir því að frumvörp komi fyrr inn á þing til að þingmönnum gefist tími til að vinna þau betur. Ráðherrar virðast ekki hafa hlustað á Einar, eða eru þeir ósammála honum? Nærtækasta skýringin er auðvitað sú að þeir séu ósammála innbyrðis. Sagan hefur hins vegar sýnt að náist að sætta þann ágreining geta málin komið fram á færibandi, hvort sem leita þarf afbrigða fyrir þeim eður ei. Í dag er þó ekkert sem bendir til þess.



➜ Margt bendir til þess að stjórnarflokkana greini á um mörg mál.

GJALLARHORNIÐ



**Valgerður Bjarnadóttir**
**um fegrunar- og lýtaaðgerðir á kynfærum kvenna.**

Ég vil þess vegna núna, með því að vekja athygli á þessu hér, hvetja okkur sem erum í þessum sal til að íhuga hvernig við getum fengið þau svör við þessari miklu spurningu sem við þurfum um það hve margar svokallaðar lýtaaðgerðir, þ.e. fegrunaraðgerðir eru gerðar á kynfærum kvenna, ónauðsynlegar, og að lýtalæknar svari þessari spurningu.



**Frosti Sigurjónsson**
**um þrepaskipt tekjuskattskerfi**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þann heiður að vera spurður svona djúpra og áhugaverðra spurninga um skattkerfið. Ég verð að játa að ég er enn ekki alveg búinn að gera upp hug minn endanlega í þessum málum. Ég er enn þá með hug byrjandans og hef áhuga á öllum sjónarmiðum.

# Ríkisstjórnin hefur lagt fram minna en 50% boðaðra þingmála

Aðeins 23 þingfundardagar eru eftir fram að sumarhléi Alþingis. Ný þingmál þurfa að berast fyrir lok mars. Ríkisstjórnin hefur aðeins lagt fram um 40% af áætluðum málum. Stór og stefnumarkandi mál bíða enn.

Síðasti þingfundardagur fyrir páskahlé er í dag. Eftir páska eru 22 þingfundardagar eftir fram að sumarhléi þingmanna. Ný þingmál þurfa að berast skrifstofu Alþingis fyrir lok marsmánaðar sem er á þriðjudag, en að öllum líkindum verður seinasti ríkisstjórnarfundur fyrir þann dag á morgun.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram innan við helming þeirra mála sem finna má á endurskoðaðri áætlun hennar um framlagningu þingmála fyrir vetrar- og vorþing. Á henni má finna yfir 200 þingmál.

Fjölmörg stór og stefnumarkandi mál hafa ekki enn litið dagsins ljós. Þar ber hæst frumvarp sjávarútvegsráðherra um veiðigjöld, en hann tilkynnti í febrúar að ekki yrði lagt fram frumvarp um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu eins og til stóð, vegna ágreinings við Sjálfstæðisflokkinn um málið. Einnig má nefna frumvörp Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, um húsnæðismál, en hún sagði í samtali við Fréttablaðið í febrúar að frumvörpin væru tilbúin en í vinnslu hjá fjármálaráðuneytinu. Um er að ræða fjögur frumvörp um húsnæðisbætur, húsnæðismál, húsnæðissamvinnufélög og breytingar á húsaleigulögum. Gert er ráð fyrir að einhverjar þeirra breytinga sem felast í þessum frumvörpum verði hluti af útspili ríkisstjórnarinnar í kjaraviðræðum.

„Ég gerði mér það til gamans að líta á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar þar sem voru í haust 204 mál, þeim fjölgaði raunar í 216 um áramótin, en þegar kannað er hvað ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa lagt fram mörg mál það sem af er þessu þingi eru þau 87, sem eru ríflega 40% þeirra mála sem er gert ráð fyrir að verði lögð fram á þinginu," sagði Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, á Alþingi á þriðjudag.

Katrín sagði ágætt að ríkisstjórnin legði fram sem fæst mál, enda væru þau ekki endilega til mikilla bóta, en ástæða væri til að hafa áhyggjur af þessum seinagangi og áhrifum hans á starfsáætlun þingsins. „Ég vil minna hæstvirtan forseta á að miklu máli skiptir að ef fara á að breyta starfsáætlun hér sé það gert í samráði við háttvirta þingmenn og háttvirta þingflokksformenn, að engar slíkar breytingar verði gerðar án samráðs. Þingið getur ekki goldið fyrir það ef engin mál koma frá ríkisstjórninni á réttum tíma."

fanney@frettabladid.is



**MÖRG MÁL BÍÐA** Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að leggja fram fá mál og flest þeirra sem þó eru lögð fram séu afgreiðsla á EES-skuldbindingum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Staða stórra og stefnumarkandi mála ríkisstjórnarinnar

**Eygló Harðardóttir**
FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

➜ ***Ekki fram komið***
- Frumvarp um húsnæðisbætur
- Frumvarp um húsnæðismál
- Frumvarp um húsnæðissamvinnufélög
- Frumvarp um breytingu á húsaleigulögum

**Bjarni Benediktsson**
FJÁRMÁLARÁÐHERRA

➜ ***Ekki fram komið:***
- Frumvarp um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands
- Frumvarp um gengistryggingu og verðtryggð lán

**Ragnheiður Elín Árnadóttir**
VIÐSKIPTA- OG IÐNAÐARRÁÐHERRA

➜ ***Til meðferðar:***
- Frumvarp um náttúrupassa

**Ólöf Nordal**
INNANRÍKISRÁÐHERRA

➜ ***Ekki fram komið:***
- Frumvarp um millidómstig (verður ekki lagt fram)
- Frumvarp um nauðungarsölur (verður ekki lagt fram)
- Frumvarp um heildarendurskoðun útlendingalaga

**Sigurður Ingi Jóhannsson**
SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARÁÐHERRA

➜ ***Ekki fram komið:***
- Frumvarp um veiðigjöld
- Kvótafrumvarp (verður ekki lagt fram)

**Sigrún Magnúsdóttir**
UMHVERFISRÁÐHERRA

➜ ***Til meðferðar:***
- Þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða (virkjanakostir færðir úr bið- í nýtingarflokk)




# Hönnun fyrir lífið

Góð hönnun á ekki aðeins við um útlit hlutar, heldur einnig upplifun notandans á honum. Nýju innbyggðu eldhústækin frá Miele eru hönnuð með þessa hugmyndafræði í huga. Tækin passa öll fullkomlega saman hvað varðar útlit, áferð og virkni.

Upplifðu nýju innbyggðu eldhústækin frá Miele!

EIRVÍK 20 ÁRA 1994-2014
reddot design award winner 2013
best brands

Miele Besta vörumerkið í Þýskalandi 2015
EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Nicotinell

# NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

## Ertu að hætta að reykja? Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?




**Fæst í 6 bragðtegundum!**

Nicotinell, lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Hætta skal alfarið reykingum meðan á meðferð með Nicotinell stendur. Upphafsskammtur skal ákvarðaður út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Verði vart við aukaverkanir þegar hærri styrkleiki er notaður skal íhuga að skipta yfir í lægri styrkleika. Meðferðarlengd er einstaklingsbundinn. Samtímis neysla á súrum drykkjum, eins og t.d. kaffi og sódavatni, getur minnkað frásog nikótíns í munni. Forðast skal þessa drykki í 15 mínútur fyrir notkun lyfjatyggigúmmís. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Vegna eiginleika lyfjatyggigúmmís sem lyfjaforms getur nikótínþéttni í blóði verið mismunandi á milli einstaklinga. Því skal miða tíðni skammta við einstaklingsþörf, innan uppgefinna hámarksskammta. Tyggja skal eitt lyfjatyggigúmmí þar til finnst sterkt bragð. Lyfjatyggigúmmíið skal því næst hvíla á milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal byrja að tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mínútur. Í flestum tilfellum skal meðferðin standa í a.m.k. 3 mánuði. Eftir 3 mánuði skal draga smám saman úr notkun. Venjulega er ekki mælt með notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Þeir sem reykja ekki og þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eiga ekki að nota Nicotinell. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota Nicotinell ef þú: ert þunguð, með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi. Einstaklingar undir 18 ára aldri mega ekki nota Nicotinell nema að læknisráði. Nikótín sem er gleypt getur valdið versnun einkenna hjá sjúklingum sem eru með bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgu eða magasár. Einstaklingum með gervitennur, eiga við vandamál í liðamótum kjálka og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform en lyfjatyggigúmmí. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Athuga ber að lyfjatyggigúmmíið og munnsogstöflurnar innihalda natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar en sumar bragðtegundir innihalda að auki sorbitól (E420), maltitól (E965) eða aspartam (E 951) sem ekki allir mega taka. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

Ítalskar flísasagir fyrir fagmenn

PRODUZIONE 100% GHELFI


Ghelfi Minimax 100 2HP
með 2 blöðum hliðarborði og aukahlutum
kr. 319.900m.vsk


Ghelfi Squalo
m/180mm blaði og hliðarborði 1,5HP
kr. 194.990m.vsk


Ghelfi Revolution 330 3HP
með 2 blöðum, 135cm borð
kr. 379.900m.vsk


Ghelfi Spirit 2HP með 2 blöðum og aukahlutum
kr. 269.990m.vsk


Ghelfi F.041
m/200mm blaði kr.
186.990m.vsk



Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Guðlaugur Þór Þórðarson vill fá að vita hvernig staðið var að öflun kauptilboða:

# Krefst svara um söluna á FIH

Guðlaugur Þór Þórðarson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd Alþingis, vill fá að vita hvernig staðið var að öflun kauptilboða í FIH-bankann í Danmörku.

Eins og kunnugt er lánaði Seðlabanki Íslands Kaupþingi 500 milljónir evra (61 milljarð króna) gegn veði í FIH daginn sem neyðarlögin voru sett árið 2008. Eftir fall Kaupþings var ákveðið að Seðlabankinn myndi leysa til sín nær allt hlutafé í bankanum. Hlutur Seðlabankans í FIH var svo seldur og hefur verið fullyrt að Seðlabankinn hafi tapað yfir 30 milljörðum króna á öllum gerningnum. Guðlaugur Þór lagði til á fundi fjárlaganefndar í gær að nefndin óskaði eftir lýsingu á söluferli og forsendum fyrir ákvarðanatöku bankans, þann tíma sem bréfin voru í eigu Seðlabankans. Hann vill jafnframt vita hve mörg kauptilboð bárust í bankann fyrir sölu hans til hóps fjárfesta í september 2010 og hvernig Seðlabankinn lagði mat á kauptilboðin.

Guðlaugur Þór vill líka vita hvort bankinn telji, eftir á að hyggja, að standa hefði átt öðruvísi að sölu FIH-bankans en gert var á sínum tíma. - jhh


**ALÞINGI** Guðlaugur Þór vill vita hvort Seðlabankinn telji að standa hefði átt öðruvísi að sölu FIH-bankans en gert var. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**UMHUGSUNAREFNI** Breki Karlsson segir að auka þurfi fjármálalæsi bæði almennings og stjórnmálamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Verðtryggð lán betri en þau óverðtryggðu

Áhættan við verðtryggð lán er að lántakendur vita ekki hvort greiðslubyrðin breytist frá mánuði til mánaðar. Í sögulegu samhengi eru verðtryggðu lánin þó hagstæðari en þau óverðtryggðu, segir Breki Karlsson hjá Stofnun um fjármálalæsi.

Í sögulegu tilliti, þegar litið er til baka, þá hafa verðtryggð lán alltaf verið hagstæðari en óverðtryggð. Raunvextir verðtryggðra lána hafa verið lægri en óverðtryggðra, segir Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi.

Hann er framsögumaður á fundi sem haldinn verður hjá Arion banka í dag. Hann mun halda framsögu um hvað er vert að hafa í huga við lántöku við kaup á íbúð, ásamt því að bera saman verðtryggð og óverðtryggð íbúðalán. „Ég fer svolítið yfir sögu þess og útskýri af hverju verðtryggð lán eigi að vera hagstæðari samkvæmt sögunni. Svo geta menn haft sínar persónulegu skoðanir á þeim,“ segir Breki. Hann segir að það sé ekki hans að ráðleggja fólki hvaða lán það eigi að taka, en hann geti sagt fólki hvaða þátta sé rétt að líta til við val á lánum.

„Í óverðtryggðum lánum veistu nákvæmlega hver vaxtaprósentan verður sem þú þarft að borga. En í verðtryggðum lánum veistu ekki hver greiðslubyrðin verður næsta mánuðinn út,“ segir Breki. Það sé ákveðin áhætta fólgin í þessu. „En á móti kemur að þú ert líklega að borga lægri vexti af verðtryggðum lánum. Ef þú ert að horfa til lengri tíma þá hafa laun hækkað umfram verðbólgu þó nokkuð mikið síðastliðin 25 ár,“ segir Breki. Meira að segja frá hruni, árið 2008, hafi laun hækkað um átta prósent umfram verðbólgu.

Þetta þýðir að þótt upphæðin sem lántakandi borgar í hverjum mánuði af 25 ára láni sem hann kann að hafa tekið sé mun hærri en hún var í upphafi, þá er hlutfallið sem hann greiðir af launum sínum mun lægra en í upphafi. Þá sé rétt að benda á að þegar fólk tekur lán í fyrsta skipti og er að

> ➜ Í verðtryggðum lánum veistu ekki hver greiðslubyrðin verður næsta mánuðinn út.

byrja að búa þá á það inni starfsaldurstengdar hækkanir á launum til viðbótar við þær hækkanir sem kunna að verða á launavísitölunni.

Breki bendir á að ástæðan fyrir því að verðtryggðu lánin hafa verið gagnrýnd sé einkum sú að greiðslubyrðin er stillt þannig af að hún er lægst fyrstu árin en hækkar svo. Með óverðtryggð lán er greiðslubyrðin hæst fyrst og höfuðstóllinn lækkar líka. „Það er ekkert óeðlilegt þegar þú ert ungur að taka lán, og um leið að eignast börn og koma þér upp heimili, að greiðslubyrðin af láninu sé léttari til að byrja með og svo þyngist hún eftir því sem líður á.“ jonhakon@frettabladid.is

Aðalfundur

Engjateigi 9 – Reykjavík
Miðvikudaginn 15. apríl kl. 17:00

Dagskrá fundar:

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Önnur mál, löglega upp borin

Kosið verður um þrjá varamenn í stjórn sjóðsins á fundinum. Þeim sjóðfélögum sem hafa hug á að bjóða sig fram á aðalfundi er boðið að kynna sig stuttlega á vefsvæði sjóðsins og eru þeir beðnir um að hafa samband við starfsmenn sjóðsins.

Í sjóðnum er virkt sjóðfélagalýðræði og hafa allir sjóðfélagar sem mæta á aðalfund jafnan atkvæðisrétt.

Nú fer fram rafrænt stjórnarkjör á sjóðfélagavef sjóðsins og hafa sex frambjóðendur boðið sig fram í aðalstjórn. Rafrænu stjórnarkjöri lýkur kl. 18:00, 30. mars nk.

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs.

LÍFSVERK LÍFEYRISSJÓÐUR
Engjateigi 9 105 Reykjavík
www.lifsverk.is

Um 21 þúsund manns eiga hluti í íslensku félögunum sem eru á markaði:

# Flestir eiga hlut í Össuri og Sjóvá

Í lok síðasta árs voru rúmlega 21 þúsund hluthafar í íslensku félögunum þrettán sem skráð eru á Aðallista Kauphallarinnar og fjölgaði þeim um rúm 7% milli ára. Þarna eru þó sumir hluthafar margtaldir enda er algengt að eigendur hluta í Kauphöllinni eigi í fleiri en einu félagi. Þetta kemur fram í Markaðspunktum Greiningadeildar Arion banka.

Þar kemur líka fram að hluthafarnir eru flestir í Össuri eða tæplega 3.300. Aftur á móti er einungis um þriðjungur hlutabréfa Össurar í eigu innlendra aðila, en bréf félagsins eru einnig skráð í Danmörku.

Að teknu tilliti til þess má gera ráð fyrir að flestir innlendir fjárfestar séu í Sjóvá, eða um 3.000 talsins, en bréf félagsins voru tekin til viðskipta í Kauphöllinni fyrir tæpu ári. Fæstir voru hluthafarnir í Nýherja, eða 329 talsins og fjölgaði þeim um 51 milli ára.

Samandregnar niðurstöður skattframtala sýna að um 50 þúsund fjölskyldur á Íslandi eigi hlutabréf og hefur sá fjöldi farið vaxandi frá árinu 2011. - jhh



**SKRÁNING SJÓVÁR** Um 3.000 innlendir fjárfestar eiga bréf í Sjóvá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 20% AFSLÁTTUR

## KYNNINGARAFSLÁTTUR AF EVELYN OG GARNI HÚSGÖGNUM



### EVELYN SKÓSKÁPUR
Stærð: 100x27xH106 cm.
Áður 59.900 **NÚ 47.920,-**



### EVELYN STOFUBORÐ
Stærð: 128x70xH53 cm.
Áður 49.900 **NÚ 39.920,-**



### EVELYN HÁLFMÁNABORÐ
Stærð: 85x38xH81 cm.
Áður 39.900
**NÚ 31.920,-**

AFSLÁTTUR • 20% • AFSLÁTTUR • 20%
20%



### GARNI KOMMÓÐA
Stærð: 85x39,5xH95 cm.
Áður 59.900 **NÚ 47.920,-**



### GARNI STOFUBORÐ
Stærð: 110x55,5xH45 cm.
Áður 49.900 **NÚ 39.920,-**





### GARNI GLERSKÁPUR
Stærð: 48,5x39xH179 cm.
Áður 59.900 **NÚ 47.920,-**

Afsláttur gildir 26.–31. mars



### NÝ SENDING AF STELLUM VERÐ FRÁ 790 KR.






## 3 FYRIR 2

### AF KERTUM, PÚÐUM OG SNYRTIVÖRUM




### GLÆSILEG VEFVERSLUN Á WWW.PIER.IS

the PIER

ANTON&BERGUR

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 Erum á Facebook • www.pier.is

# SKOÐUN



Kjör aldraðra eru bágborin og þarfnast lagfæringa:

# Rís grái herinn?



**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is

Kjör eldra fólks eru um margt vond. Aldraðir eiga fá ráð til að berjast fyrir bættum kjörum. Kannski er það þess vegna sem staða þessa fólks er jafn bág og raun ber vitni. Fréttablaðið hefur verið duglegt við að benda á hver staða fólksins í raun og veru er.

Sem dæmi þá eru greiddir vasapeningar þegar lífeyrisgreiðslur falla niður vegna vistunar. Að hámarki eru vasapeningar 53.354 krónur á mánuði. Vasapeningarnir eru svo lágir að þeir duga ekki til einföldustu framfærslu. „Ég er búin, ég get þetta ekki. Ég gæti ekki einu sinni flutt ef ég kæmist inn á stofnun því ég hefði ekki ráð á að flytja stólana með mér. Á meðan ég er ekki með pláss þá þarf ég hins vegar að halda þessari íbúð, þarf að borga hita og rafmagn og standa í skilum. Ég get það ekki lengur,“ sagði Guðrún Bjarnadóttir, 82 ára öryrki, þegar hún lýsti kjörum sínum í viðtali við Fréttablaðið.

Saga Guðrúnar er ekki einstök. Því miður. Hún varð öryrki árið 1987 eftir fjölda uppskurða. Guðrún getur ekki gengið nema að nota til þess sérsmíðaða skó sem styðja við ökklann. Nýverið ætlaði hún að kaupa sér slíka skó og sækja um hjólastól til að geta hreyft sig en fékk synjun. „Ég fæ ekki hjólastól af því að stofnuninni, sem ég er á bið eftir að komast á, er skylt að sjá fyrir því. Ég fæ heldur ekki stuðningsskó af því að ég er að fara á stofnun. Þetta gengur ekki, á ég að ganga eða á ég bara að vera uppi í rúmi þangað til ég kemst á hjúkrunarheimili?“ Guðrúnu hefur, með baráttu sinni, tekist að fá gálgafrest. Ekki lausn, bara frest til skamms tíma.

Saga Guðrúnar og barátta hennar mun eflaust kveikja vilja meðal annarra til að láta ekki ósómann yfir sig ganga. Hver veit nema þetta verði til þess að aldraðir Íslendingar rísi upp, safnist saman og berjist fyrir bættum lífskjörum. Kannski verður grái herinn til.

„Það var sárt að horfa upp á mömmu brotna smátt og smátt saman þegar ekki var hlustað á óskir hennar, komið fram við hana af vanvirðingu og talað við hana eins og smábarn. Ég viðurkenni fúslega að mamma var skapmanneskja, hún lét í sér heyra og líklega átti hún við geðraskanir að stríða í restina. En hversu erfiðir sem sjúklingar eru ber okkur skylda til að sýna virðingu, umburðarlyndi og vera kurteis við gamalt fólk sem á að fá að líða vel síðustu æviárin,“ sagði dóttir aldraðrar konu sem er á hjúkrunarheimili.

Önnur kona í sömu sporum sagði: „Ég finn að allt er reynt að gera fyrir fólkið og starfsmenn vilja vel en það eru ýmsir hlutir sem eru ekki fólki bjóðandi. Það er erfitt að sjá foreldra sína ekki fá þá þjónustu sem þeir þurfa hvað varðar umönnun en einnig mannlega þáttinn.“

Þessi dæmi og önnur eru óþolandi og ljóður á samfélaginu. Það kemur að því að aldraðir segja hingað og ekki lengra. Aðeins er spurt um tíma og aðferðir. Guðrún Bjarnadóttir tók til sinna ráða og vann stundarsigur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SAMEINUÐ BERJUMST VIÐ!

KJÓSTU JÁ



Starfsgreinasamband Íslands

www.sgs.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Verkalýðsleiðtoginn

Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hélt ræðu á þingi í gær sem hefði sómt sér vel á baráttufundi verkalýðsfélaganna á 1. maí. Willum benti á að tími til kjarasamninga væri naumur, verkföll kostuðu mikið og við blasti að rétta þyrfti hlut þeirra lægst launuðu. „Krafan er skýr, hún er skiljanleg,“ sagði Willum og minnti helst á Gvend Jaka fyrir fullum sal. Hann bætti um betur, kallaði eftir verulegri hækkun lægstu launa og bætti svo við: „Það er ekki vafi í mínum huga að við eigum að hlusta, við eigum að auka jöfnuð, hækka lægstu launin duglega og hlutfallslega mest.“ Kannski er Framsóknarflokkurinn farinn að bregðast við fylgistapi í skoðanakönnunum með því að fylla upp í það skarð sem óneitanlega er að finna í verkalýðspólitískri umræðu. Þingmenn sem tala eins og verkalýðsleiðtogar voru eitt sinn legíó, en ekki eru þeir nú margir eftir.

### Hvað segir Bjarni?



Allt er þetta gott og blessað og gleður ábyggilega launafólk sem sér fram á baráttu við viðsemjendur. Í hópi viðsemjenda er Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, en hann fer með samningsumboð ríkisins við opinbera starfsmenn. Mögulega kann Bjarni Willum góðar þakkir fyrir ráðin, hringir í samninganefnd ríkisins og fyrirskipar duglega hækkun lægstu launa. Meira þarf nefnilega ekki til.

### Kleinuákvæðið



Ráðherrum hefur verið legið á hálsi fyrir að draga lappirnar í því að leggja fram lagafrumvörp. Það er því fagnaðarefni að sjá ríkisstjórnina afgreiða mikilvæg frumvörp, en slíkt gerðist einmitt á þriðjudag. Þá var samþykkt frumvarp um rýmri heimild á notkun þjóðfánans. Við það er skeytt ákvæðum um hvenær vara telst íslensk, en það er til dæmis vara sem er framleidd samkvæmt íslenskri hefð, svo sem kleinur eða laufabrauð. Það þarf því enginn að velkjast lengur í vafa um það að kleinur eru íslenskar og hananú! **kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Hvar eru peningarnir, Eygló?

HÚSNÆÐI



**Elín Oddný Sigurðardóttir**

varaformaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar

Meirihlutinn í Reykjavík samþykkti á haustmánuðum að veita Félagsbústöðum heimild til að fjölga félagslegum leiguíbúðum borgarinnar um 500 á næstu fimm árum. Í tillögunni er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg leggi fram 30% eigið fé í samræmi við hugmyndir þær sem félags- og húsnæðismálaráðherra hefur kynnt en hafa ekki enn þá verið lagðar fram á Alþingi. Borgarfulltrúar Framsóknar- og flugvallarvina, flokkssystur félags- og húsnæðismálaráðherra, studdu ekki í borgarstjórn að Reykjavíkurborg legðist í slíka uppbyggingu. Bentu þær á í bókun sinni að tillagan byggði ekki á núgildandi lögum um fjármögnun á félagslegu leiguhúsnæði.

Fyrirhuguð uppbygging félagslegra íbúða er nauðsynleg fyrir samfélagið og húsnæðismarkaðinn, þvælingur Framsóknarflokksins er óskiljanlegur og þolinmæði okkar er á þrotum. Ekki þýðir að bíða eftir mögulegri lagasetningu endalaust, tími aðgerða er núna, ástandið á húsnæðismarkaði þolir enga bið. Borgin hlýtur að eiga heimtingu á því að fá fjármögnun á félagslegum húsnæðislánum samkvæmt núgildandi lögum eins og borgarfulltrúar Framsóknar- og flugvallarvina bentu á í bókun sinni þegar tillagan var afgreidd í borgarstjórn síðastliðið haust. Samt koma Félagsbústaðir að lokuðum dyrum hjá Íbúðalánasjóði þar sem útlán hafa verið sett í frost meðan beðið er eftir tillögum félags- og húsnæðismálaráðherra um stofnstyrki til uppbyggingar félagslegs leiguhúsæðis. Aðspurður hefur umræddur ráðherra miklar áhyggjur af ástandinu á húsnæðismarkaði og segir það „hlutverk sveitarfélaga að skaffa félagslegt húsnæði“. Nú spyr ég þig Eygló, hvar eru peningarnir? Reykjavíkurborg er tilbúin með sitt framlag og sína fjármögnun og nú stendur á ríkinu að uppfylla sitt hlutverk og standa við fjármögnunina. Hvort sem það er skv. núgildandi lögum eða fjarlægri framtíðarsýn skiptir ekki máli. Málið þolir enga bið, ástandið á leigumarkaðnum er með öllu óásættanegt og ríkið þarf að standa við sínar lagalegu skyldur um fjármögnun á félagslegu leiguhúsnæði núna strax.

**➜ Fyrirhuguð uppbygging félagslegra íbúða er nauðsynleg fyrir samfélagið og húsnæðismarkaðinn, þvælingur Framsóknarflokkins er óskiljanlegur og þolinmæði okkar er á þrotum.**

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Stærðfræði og stjórnskipun

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Ef Biblían ein er undan skilin, hefur engin bók náð meiri útbreiðslu en kennslubók Evklíðs í stærðfræði, Frumþættir (Elements). Evklíð var uppi frá miðri 4. öld f.Kr. til miðrar 3. aldar og starfaði í Alexandríu í Egyptalandi, skrifaði bókina þar. Frumþættir fjallar einkum um rúmfræði, svo að Evklíð er rétt nefndur faðir rúmfræðinnar, og einnig um talnafræði, prímtölur o.þ.h. Hornafræðin, sem unglingar læra í skólum, er 2.500 ára gömul, arfur frá Evklíð.

Stærðfræði er frábrugðin öðrum fræðum og vísindum að því leyti, að hún er safn óvefengjanlegra sanninda. Regla Pýþagórasar (langhlið rétthyrnds þríhyrnings er jöfn kvaðratrótinni af summu kvaðrata skammhliðanna) er sönn og verður ekki vefengd. Þetta á ekki við um kenningar í t.d. eðlisfræði, efnafræði, félagsfræði, hagfræði, líffræði eða stjórnufræði, þar eð þessar greinar þarfnast sífelldrar endurskoðunar í ljósi nýrrar vitneskju. Þar þurfa eldri kenningar iðulega að víkja fyrir nýrri þekkingu. Þannig er stærðfræðin ekki: þar bætist ný þekking við óvefengjanlega vitneskju, sem fyrir er.

**Stærðfræði, lög og landbúnaður**

Þegar Abraham Lincoln, sem margir telja merkasta forseta Bandaríkjanna fyrr og síðar, var að búa sig undir að hefja lögmannsstörf í Springfield, Illinois árin eftir 1830, leitaði hann í smiðju til Evklíðs. Lincoln var sjálflærður í lögum og æfði sig í rökfræði og rökfimi með því að lesa rúmfræði Evklíðs. Áður hafði Thomas Jefferson, þriðji forseti Bandaríkjanna (1801-1809), skilað merku framlagi til stærðfræðinnar, m.a. á vettvangi kosningastærðfræði og með því að hanna plógjárn skv. diffurreikningi Isaacs Newton til að draga sem mest úr viðnámi, þegar plógurinn ristir svörðinn – sama reikningi og þeim, sem ræður lögun flugvéla til að draga sem mest úr loftmótstöðu. Newton var eins og Lincoln, nema hvað: afburðamaður á sínu sviði. Og þá er ónefndur James Garfield, forseti Bandaríkjanna 1881 (hann dó í embætti á fyrsta ári), en hann setti fram frumlega sönnun á reglu Pýþagórasar 1876 (Evklíð hafði sannað regluna með sínu lagi, og það hafa margir aðrir einnig gert).

**Sjálfstæðisyfirlýsingin 1776**

Thomas Jefferson var kjörinn til setu á stjórnlagaþinginu í Fíladelfíu 1787, fulltrúi Virginíu, vel að sér í vísindum, og það var einnig Benjamín Franklín, fulltrúi Pennsylvaníu, og höfðu þeir ásamt öðrum allmikil áhrif á lokatexta stjórnarskrárinnar líkt og þeir höfðu haft mótandi áhrif á sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna ellefu árum áður, 1776. Jefferson sat þó ekki stjórnlagaþingið, þar eð hann var þá sendiherra í París og komst ekki frá.

Sjálfstæðisyfirlýsingin hefst að loknum stuttum formála með þessum orðum (í þýðingu Jóns Ólafssonar ritstjóra frá 1884): „Vér ætlum þessi sannindi auðsæ af sjálfum sér: – að allir menn eru skapaðir jafnir; að þeir eru af skapara sínum gæddir ýmsum ósviftanlegum réttindum; að á meðal þessara réttinda eru líf, frelsi og viðleitni til velvegnunar; að stjórnir eru með mönnum settar, til að tryggja þessi réttindi, og að réttmæti valds þeirra grundvallast á samþykki þeirra, sem stjórnað er; að þegar eitthvert stjórnarform verður skaðvænlegt þessum tilgangi, þá er það réttur þjóðarinnar að breyta því eður afnema það, og að stofna sér nýja stjórn, er grundvölluð sé á þeim frumreglum og valdi hennar hagað á þann hátt, er þjóðinni virðist líklegast til að tryggja óhultleik hennar og farsæld."

Þessi mikilvæga málsgrein hófst með öðru orðalagi á fyrri vinnslustigum: „Vér ætlum þessi sannindi heilög (sacred) og óvefengjanleg (undeniable): að allir menn eru skapaðir jafnir" o.s.frv. Þegar Benjamín Franklín, sem var einnig mikilvirkur vísindamaður (hann fann upp t.d. eldingavara og tvískipt gleraugu), og Thomas Jefferson sátu við að slípa textann á lokastigi verksins, kviknaði hugmynd:

> Stærðfræði er frábrugðin öðrum fræðum og vísindum að því leyti, að hún er safn óvefengjanlegra sanninda. Regla Pýþagórasar (langhlið rétthyrnds þríhyrnings er jöfn kvaðratrótinni af summu kvaðrata skammhliðanna) er sönn og verður ekki vefengd.

Hvernig væri að leita í smiðju til Evklíðs og tala heldur um „sannindi auðsæ af sjálfum sér" (self-evident truths)? Það orðalag var í fullu samræmi við yfirlýsinguna að öðru leyti, sem er byggð upp eins og stærðfræðisönnun. Fyrst eru talin upp auðsæ sannindi líkt og frumsetningar Evklíðs. Síðan eru raktar lið fyrir lið vanrækslusyndir Georgs þriðja Bretakonungs gagnvart nýlendunum vestan hafs líkt og Evklíð útleiðir reglur sínar eina af annarri. Loks kemur niðurstaðan líkt og rökréttur lokahnykkur í sönnun hjá Evklíð: Þess vegna tökum við okkur frelsi og lýsum yfir sjálfstæði.

Stjórnarskrá Bandaríkjanna er með líku lagi völundarsmíð og hefur reynzt langlíf eftir því, enda komu margir sömu höfundar að samningu beggja skjala. Margir vilja þó breyta henni.

# Vinsamleg ábending til Hjálmars Sveinssonar

SKIPULAG
Sigurður Oddsson
verkfræðingur



Í tilefni þess að nú skuli Grensásvegur skemmdur, því ekki sé nógu mikil umferð á honum fyrir 2+2 akreinar, vil ég benda á, að á Bústaðavegi er of mikil umferð fyrir 1+1 akrein. Áætlað er, að setja hundruð milljóna króna af skattpeningum í að skemma Grensásveginn. Heilbrigð skynsemi segir að því fjármagni væri betur varið í endurbætur á Bústaðavegi.

Ýmislegt hefur komið frá borgarskipulaginu, sem undirritaður hefur ekki skilið, en að eyðileggja götu á þessum forsendum yfirgnæfir allt annað og er þó af nógu að taka.

Að tefja stóran hluta borgarbúa kvölds og morgna til og frá vinnu allt árið vegna örfárra hjólandi á sumrin er mér gjörsamlega óskiljanlegt.

Þrátt fyrir allt trúi ég ekki að svona mikill skortur sé á heilbrigðri skynsemi hjá meirihluta borgarstjórnar. Það hlýtur eitthvað annað og meira að hanga á spýtunni, sem rétt væri að segja borgarbúum frá. Að öðrum kosti er hætt við að enn meira fjármagn verði sett í að koma Grensásveginum í samt lag eftir næstu kosningar.

SIMPLY CLEVER
ŠKODA




Nýr ŠKODA Octavia Scout 4x4 hefur ótal kosti eins og sönnum skáta sæmir. Skynvætt fjórhjóladrif, háþróaðir öryggiseiginleikar og einstakt veggrip gefur þér framúrskarandi stjórn á bílnum. Það fer vel um farþegana og 610 lítra farangursrýmið tekur léttilega við öllum búnaðinum fyrir ævintýraferðina. Þannig er ŠKODA Octavia Scout.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði
www.skoda.is

# Krónan og EES

EFNAHAGSMÁL



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Aðeins áratug eftir að EFTA-samningurinn var undirritaður var ljóst að hann var bara áfangi. Með vaxandi pólitískum og efnahagslegum samruna Evrópu þurfti betri aðgang að mörkuðum þar. EES-samningurinn hvílir á þremur meginstoðum; frjálsu flæði vöru, þjónustu, vinnuafls og fjármagns. Þetta á að tryggja frjálsan, hindrunarlausan markað með sameiginlegum leikreglum. Undanþágur frá þessum meginprinsippum fást trauðla til lengdar. Landbúnaðar- og sjávarútvegsvörur eru þó sér kapítuli með breytilegum leiðum fyrir einstök lönd. Slíkir samningar flokkast ekki sem undanþágur. Tímabundnar undanþágur hafa hins vegar verið við lýði s.s. vegna frjáls flæðis vinnuafls.

Íslendingar sóttu ekki um neinar meiriháttar undanþágur frá fjórfrelsinu fyrr en eftir hrun, er tímabundin undanþága fékkst frá frjálsu flæði fjármagns, þegar gjaldeyrishöftin voru lögfest. ESB samþykkti tímabundna undanþágu vegna stærðar hrunsins og þeirra sérstöku aðstæðna sem hér ríktu þá. Þessi undanþága hefur nú staðið í um fimm ár. Þar sem ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að viðhalda skuli krónunni sem gjaldmiðli, og aðildarumsókninni verið ýtt út af borðinu, liggur fyrir að sækja þarf um varanlega undanþágu frá einni af meginstoðum EES/ESB.

**Varanleg undanþága frá fjórfrelsinu?**

Bretar hafa látið að því liggja að þeir vilji fá varanlega undanþágu frá frjálsu flæði vinnuafls. Þeirri hugmynd hefur þegar verið hafnað. Hætt er við að Ísland fái sambærilega synjun, ef farið verður fram á varanlega undanþágu frá einni meginstoð EES-samningsins. Verði synjun niðurstaða er EES samningurinn í uppnámi. Hvað gerum við þá? Fórnum við krónunni eða EES, mikilvægustu tengingu okkar við gjöfulasta markað heims? Eru tvíhliða samningar valkostur? Sagt er að Sviss hafi þurft að gera 225 sérsamninga í staðinn fyrri einn EES-samning. Og hvað ef ESB gerði fjórfrelsið að meginkjarna tvíhliðasamninga eins og reyndin er með Sviss?

Hver yrði ávinningur okkar að því að fórna EES og endurnýja efni hans í tvíhliða samningum? Þá nytum við ekki lengur samfylgdar Noregs sem styrkir stöðu okkar í samningaviðræðum og greiðir hluta af kostnaðar okkar í EES. Við hefðum aldrei náð EES samningunum án aðstoðar annarra landa sem við vorum í samfloti með. Það ber vott um mikinn veikleika að ofmeta styrk sinn. Kannski leitum við á náðir Kínverja? Þeir eiga bæði mikla peninga og öfluga formælendur á æðstu stöðum. En það yrði varla ókeypis. Þjóðin er því miður komin í öngstræti með krónuna. Þótt okkur vonandi takist að komast ólimlestuð úr snöru vogunarsjóðanna þá er það bara upphafið. Með krónuna sem framtíðar ferðafélaga er hætt við því að styttist í næsta klúður. Viðnámsþróttur hagkerfisins hefur dvínað vegna hafta og skorts á framsýni. Samfelld reynsla okkar frá 1922 segir okkur að krónan sé afar gallaður gjaldmiðill.

Aldrei hafa þessi sannindi birst okkur skýrar en á árunum fyrir og eftir hrun. Þjóðleg, íslensk peningafræði í hnattvæddum heimi er sjálfsblekking, sem stenst ekki einu sinni skammtímans tönn.

**➜ Hagkerfi Færeyja og á vissan hátt Grænlands eru lík því íslenska hvað varðar þyngsl sjávarútvegs í hagkerfinu. Báðar þessar þjóðir hafa dönsku krónuna að gjaldmiðli og farnast nokkuð vel. Þeir þurfa hvorki að glíma við bölvun verðbólgu né verðtryggingar.**

**Danska krónan eða evran?**

Hagkerfi Færeyja og á vissan hátt Grænlands eru lík því íslenska hvað varðar þyngsl sjávarútvegs í hagkerfinu. Báðar þessar þjóðir hafa dönsku krónuna að gjaldmiðli og farnast nokkuð vel. Þeir þurfa hvorki að glíma við bölvun verðbólgu né verðtryggingar. Stöðugleiki ríkir í frekar óstöðugum auðlinda hagkerfum þeirra. Danska krónan er tengd evrunni en hefur sveigjanleg vikmörk. Á þau hefur reynt þessar vikurnar. Hvorki Grænland né Færeyjar eru aðilar að ESB, ekki frekar en við. Þótt danska krónan geti vissulega verið kostur er ég ekki sannfærður um að Danir tækju okkur fagnandi, og alls ekki án strangra skilyrða. Evrunni tengjumst við hins vegar mun sterkari viðskiptaböndum. Stærstur hluti viðskipta okkar við útlönd fer fram í evrum. Breytingar á verði afurða á stærstu mörkuðum okkar í evrulöndunum skila sér hér í gegnum evruna. Þá eru hefðbundnar aflasveiflur orðnar hverfandi eftir upptöku aflamarkskerfisins. Hvað þetta varðar er evran nærtækasti kosturinn og sá sem veitir okkur besta skjólið gegn erlendri ásælni. Það er þó vissulega ekkert einfalt mál, því evran er heimsviðskiptagjaldmiðill og gengi hennar mótast mikið af hreyfingum á hnattvæddum fjármálamörkuðum, en það á einnig við um flesta aðra frjálsa gjaldmiðla, og trauðla tökum við upp evru án þess að ganga í ESB.

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

# Einn seðlabankastjóri, en fjölskipuð bankastjórn

STJÓRNSÝSLA





Friðrik Már Baldursson
Þráinn Eggertsson
prófessorar í hagfræði

Við, sem sitjum í nefnd um heildarskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands, vorum erlendis þegar tillögum okkar um breytingar á stjórnskipun Seðlabanka Íslands var lekið í dagblað en í kjölfar lekans birti fjármála- og efnahagsráðuneytið tillögur okkar á vefsíðu sinni. Okkur gafst því ekki ráðrúm til að kynna tillögur okkar sem skyldi. Ýmsir hafa tjáð sig um tillögurnar án þess þó að hafa lesið skilabréf nefndarinnar og athugasemdir okkar með frumvarpsdrögum, að því er virðist. Við leiðréttum hér þrjú atriði er lúta að fjölskipaðri bankastjórn, ráðningarferli bankastjóra, og rétt einstakra umsækjenda til að óska nafnleyndar.

**Fjölskipuð bankastjórn**

Í Seðlabanka Íslands er ekki fjölskipuð bankastjórn, ólíkt því sem gerist í seðlabönkum annars staðar á Norðurlöndunum og nær alls staðar í heiminum. Þetta þýðir að seðlabankastjóri getur einn tekið meiriháttar ákvarðanir í rekstri bankans og þarf ekki að sækja sér stuðning í bankastjórn. Ástæðan fyrir því að seðlabankar heims hafa fjölskipaða bankastjórn, einnig þar sem er til staðar fjölskipuð peningastefnunefnd, lýtur meðal annars að sjálfstæði seðlabanka gagnvart kjörnum fulltrúum þjóðarinnar. Það þykir ekki ráðlegt að setja einráðan embættismann yfir svo mikilvæga stofnun, heldur einhvers konar ráð eða stjórn.

Í umræðunni á Íslandi hefur verið nefnt að Seðlabanka Evrópu nægi einn seðlabankastjóri, sama máli gegni um Seðlabanka Bandaríkjanna, Noregs og Svíþjóðar, og svo framvegis. Þetta er rangt. Í þessum löndum eru fjölskipaðar bankastjórnir þar sem meiri háttar ákvarðanir eru teknar. Aðalseðlabankastjórinn er þar fremstur meðal jafningja, leiðir starf bankans og er talsmaður hans, en er ekki einráður. Í gildandi lögum um Seðlabanka Íslands er einn aðstoðarseðlabankastjóri, sem er undirmaður seðlabankastjórans, sem ákveður starfsvettvang aðstoðarseðlabankastjóra og umboð hans. Slíkt fyrirkomulag tíðkast hvergi annars staðar.

Í tillögum okkar er talað um einn seðlabankastjóra og með honum starfi bankastjóri peningamála og bankastjóri fjármálastöðugleika. Seðlabankastjóri leiðir starf bankans, er talsmaður hans og kemur fram fyrir hönd bankastjórnar. Við leggjum til að í alþjóðlegum samskiptum séu notuð ensku heitin Governor, Deputy Governor for Monetary Policy og Deputy Governor for Financial Stability, sbr. skipulag Englandsbanka.

Seðlabankinn hefur óskað eftir því að aðstoðarseðlabankastjórar (eða varaseðlabankastjórar) verði tveir í framtíðinni. Tillögur okkar snúast því fyrst og fremst um að auka völd aðstoðar- eða varaseðlabankastjóra (orð sem fara illa í íslensku máli) og láta bankastjórana mynda bankastjórn, að erlendri fyrirmynd. Nánar tiltekið leggjum við til útgáfu af danska kerfinu, en undirstrikum forystuhlutverk formanns bankastjórnar – seðlabankastjóra. Við leggjum ekki til að aðalseðlabankastjórar verði þrír.

Við mælum með því í skilabréfi okkar að núverandi seðlabankastjóri sitji út skipunartíma sinn, verði formaður bankastjórnar og seðlabankastjóri landsins.

**➜ Í tillögum okkar er talað um einn seðlabankastjóra og með honum starfi bankastjóri peningamála og bankastjóri fjármálastöðugleika.**

**Ráðningarferlið**

Við leggjum til að ráðningarferli bankastjóra verði strangara en nú er. Enn sem fyrr skal auglýsa embætti bankastjóra og skipa valnefnd til að meta hæfni umsækjanda. Við gerum þá breytingu á ferlinu að ráðherra sé skylt að velja hæfasta umsækjandann. Ef ráðherra velur umsækjanda sem valnefndin telur ekki mjög vel hæfan, er málinu vísað til umsagnar og ákvörðunar Alþingis.

**Réttur umsækjanda til að óska nafnleyndar**

Réttur einstakra umsækjenda um opinber störf til að óska nafnleyndar er breytilegur eftir löndum. Nafnleynd er leyfð í Danmörku en ekki í Noregi. Við leggjum aðeins til að einstakir aðilar geti sótt um nafnleynd. Nafnleynd hvílir ekki sjálfkrafa yfir öllu ferlinu. Ef ráðherra velur umsækjanda, sem óskað hefur nafnleyndar, verður ráðherra að birta skýrslu dómnefndar um umsækjandann. Ef sá er ekki talinn mjög vel hæfur, fer málið til Alþingis og nafnleynd er létt af öllum umsækjendum. Við nafnleynd eru kostir og gallar. Kostirnir lúta að því að hvetja mjög hæfa einstaklinga sem eru í viðkvæmri stöðu til að sækja um embætti bankastjóra. Slíkir einstaklingar kunna að hika við að sækja um ef þeir geta ekki óskað nafnleyndar. Við höfum í huga til dæmis sérfræðinga innan Seðlabankans sem sækja á móti yfirmönnum sínum eða Íslendinga sem starfa hjá erlendum fjármálastofnunum. Tilgangur okkar með nafnleynd er því að fjölga hæfum umsækjendum.

**Lokaorð**

Í umræðunni um tillögur okkar verður mönnum tíðrætt um pólitíska spillingu á Íslandi og telja að í slíku umhverfi sé heppilegast að í Seðlabanka Íslands sé bankastjórn með einum valdamiklum bankastjóra, ólíkt því sem gerist til dæmis á Norðurlöndunum. Við teljum kerfi með einum bankastjóra vera óskynsamlegt bæði af pólitískum og hagfræðilegum ástæðum. Margir segja að núverandi kerfi, sem varð til á nokkrum vikum í febrúar 2009, hafi reynst vel. Árangurinn stafar einkum af því að sitjandi seðlabankastjóri, sem er mjög fær og reyndur á sínu sviði, hefur ekki gernýtt þau völd sem gildandi lög gefa honum. En hann á formlega aðeins rúm fjögur ár eftir í starfi og hefur haft við orð í fjölmiðlum að hann íhugi að hverfa fljótlega til starfa erlendis. Þegar skipulag seðlabanka er ákveðið, þarf að horfa langt fram á veginn, fram hjá sitjandi seðlabankastjóra og ríkisstjórn.

VINNUKOLLAR
Ert þú að leita að vinnukolli fyrir heimilið eða vinnustaðinn?
Fastus býður uppá gott úrval af vinnukollum og stólum
í öllum stærðum, gerðum og litum.



FASTUS
Veit á vandaða lausn
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is
Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00

# Allt fyrir baðherbergið

## Á MÚRBÚÐARVERÐI

CERAVID

Þýsk gæði

3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og **hæglokandi seta.**
Þýsk gæðavara
**39.990**

Hæglokandi seta

Skál: „Scandinavia design"

Riga salerni með setu gólf- eða veggstútur. Kr.
**24.990**

Sturtusett MTG Tower kr.
**14.990**

# BOZZ sturtuklefi

80x80cm

**41.990**

Fást einnig í 90x90cm á **kr. 43.490**. Einnig eru til rúnnaðir 90x90 klefar á **kr. 43.990**

Sturtustöng og -brúsa fylgja.

**11.990**

**AGI-167 hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu.**

**Rósettur og hjámiðjur fylgja.**

Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á **kr. 1.290**

Cisa Layer kr.
**5.590**

Ryðfrír barki 220 cm kr.
**1.190**

Sturtusett kr.
**3.990**

Sturtuhaus 200 mm kr.
**4.995**
MIKIÐ ÚRVAL

# Guoren hitastýrð blöndunartæki

GUOREN

**Guoren** 4F Hitastýrt baðtæki Exclusive
kr. **18.990**

**Guoren** 1L Hitastýrt baðtæki standard
kr. **16.990**

CE

EN 1111:1997

**Guoren**-AL Hitastýrt tæki með uppstút
kr. **13.990**

**Guoren**-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
kr. **13.990**

**Guoren** TLY Sturtusett
kr. **39.990**

**Málm handföng. Rósettur og hjámiðjur fylgja.**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

LÁTUM FAGMENN VINNA VERKIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTJÁN S. BALDURSSON**
**Sóltúni 28, Reykjavík,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Mörk þann 21. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 31. mars kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks Markar fyrir einstaka hlýju og umönnun.

**Ásdís Kristjánsdóttir** — **Jóngeir Andersen**
**Baldur Kristjánsson** — **Jórunn Íris Sindradóttir**
**Björn Kristjánsson** — **Birna Hjaltadóttir**
**Valgerður S. Kristjánsdóttir** — **Haraldur Anton Skúlason**
**Elísabet Anna Kristjánsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR**
**hjúkrunarheimilinu Skógarbæ,**
**áður að Asparfelli 12, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 16. mars. Útförin hefur farið fram. Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ eru færðar sérstakar þakkir.

**Baldur Kjartansson** — **Sóley Gestsdóttir**
**Guðmundur Bragi Kjartansson**
**Bára Kjartansdóttir**
**Jórunn Kjartansdóttir**
**Gunnhildur S. Kjartansdóttir** — **Páll Vignir Héðinsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SVANHILDUR MARTA BJÖRNSDÓTTIR**
**geislafræðingur,**
**Barðavogi 13, Reykjavík,**

lést þriðjudaginn 17. mars síðastliðinn á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 27. mars kl. 15.00.

**Valgerður Ólafsdóttir** — **Kári Stefánsson**
**Björn Davíð Kristjánsson** — **Jórunn Þórey Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓNA S. JENSEN**
**(BÍBÍ JENSEN)**

lést á Vífilsstöðum 15. mars síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks á Vífilsstöðum.

**Sigríður Jensen Axelsdóttir** — **Ingvar Hauksson**
**Níls Jens Axelsson** — **Hólmfríður Sigurjónsdóttir**
**börn og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, tengdadóttir, systir og tengdamóðir,

**ALDÍS KATRÍN GUÐLAUGSDÓTTIR**
**Glitvöllum 6, Hafnarfirði,**

lést þriðjudaginn 17. mars á líknardeild Landspítalans. Jarðarförin verður frá Grafarvogskirkju mánudaginn 30. mars kl. 13.00.

**Ívar Örn Ómarsson**
**Anton Örn Ívarsson**
**Hlynur Viðar Ívarsson**
**og aðstandendur.**



Ástkær eiginmaður minn,

**GÍSLI STEINSSON**
**Neðstaleiti 7,**

lést á Landspítalanum, Landakoti, þriðjudaginn 17. mars. Útförin fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 26. mars kl. 13.00.

**Ólöf Thorlacius**
**ættingjar og vinir.**



**FLYTUR ERINDI** Kolbrún Lilja hélt til Kaupmannahafnar til þess að læra súmersku og akkadísku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þýddi ljóð Enhedúönnu

**Kolbrún Lilja lærði tvö ný tungumál til þess að þýða ljóð Enhedúönnu og flytur erindi á málþinginu Holdið er veikt – af sambandi líkama, sálar og samfélags, á morgun.**

Á morgun fer fram málþingið Holdið er veikt – af sambandi líkama, sálar og samfélags, þar sem fjórir framhaldsnemar í bókmenntafræði við Háskóla Íslands flytja erindi, þau Andri Már Kristjánsson, Kristín María Kristinsdóttir, Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir og Vera Knútsdóttir.

Erindin fjalla um ólík viðfangsefni en tengjast þó öll á þann máta að þau fjalla um birtingarmyndir líkama og sálar í samfélaginu á einn eða annan hátt.

Kolbrún Lilja flytur erindið Enhedúanna: Konan sem hvarf í glatkistuna, og fjallar erindið um akkadísku skáldkonuna Enhedúönnu sem var uppi í kringum 2250 fyrir Krist.

Kolbrún Lilja þýddi ljóð Enhedúönnu en til þess þurfti hún að halda utan og læra tvö ný tungumál. „Ég fór og lærði súmersku úti í Kaupmannahöfn til þess að græja þetta. Ég var í þrjár annir og lærði bæði akkadísku og súmersku. Akkadíska er skyld hebresku og arabísku en súmerska er ekki skyld neinu öðru tungumáli svo vitað sé til,“ segir hún en handritið sem hún þýddi er eitt elsta handrit eftir þekktan höfund.

Áhugi Kolbrúnar Lilju á Enhedúönnu kviknaði þegar hún hóf nám í bókmenntafræði árið 2008. „Þá var Gilgameskviða kynnt sem elsti textinn og ég þóttist nú vita eitthvað betur,“ segir hún og hlær en stefnan er tekin á að taka efnið til kennslu í grunnnámskeiði í bókmenntafræði.

„Það er eitthvað aðeins vitað um hana, hún var dóttir keisara sem hét Sargon og var hofgyðja yfir einu af stærstu hofunum í Súmer, þess vegna fékk hún tækifæri til að skrifa þessi ljóð sem hún gerði.“

Í fyrirlestrinum hyggst Kolbrún Lilja beina sjónum að viðtöku verka hennar, en erfitt hefur reynst að finna Enhedúönnu stöðu innan bókmenntahefðarinnar og meðal annars mun hún fjalla um þrískipta jöðrun hennar, sem konu af mið-austurlenskum uppruna.

„Ég ætla að tengja þetta við viðfangsefnið í gegnum það hvernig áherslan er á að jarðneskar leifar hennar hafi ekki fundist og því séu ekki til haldbærar fornleifafræðilegar heimildir um tilvist hennar. Þess vegna er hikað við að fjalla um hana en þetta virðist ekki vera vandamál þegar kemur að Hómer og öðrum rithöfundum,“ bendir hún á að lokum.

Málþingið er haldið af Menningarfélaginu, félagi framhaldsnema við Íslensku og menningardeild Háskóla Íslands, og fer fram í Aðalbyggingu Háskóla Íslands, stofu 207, og hefst klukkan 15.30.

**„Ég fór og lærði súmersku úti í Kaupmannahöfn til þess að græja þetta.**

gydaloa@frettabladid.is



Okkar ástkæra,

**DALLILJA HULDA JÓNSDÓTTIR**
**Skólastíg 14, Stykkishólmi,**

andaðist 22. mars. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 28. mars kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gunnar Jónsson**



Okkar ástkæri,

**GÍSLI ÍSFELD GUÐMUNDSSON**
**húsgagnasmiður,**
**Víðivöllum við Elliðavatn,**

lést á líknardeild Landspítalans 23. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ólafía Ólafsdóttir**
**Ólafur Kristinn Guðmundsson** — **Guðlaug Pétursdóttir**
**Björn Ingi Guðmundsson** — **Pétur Guðjónsson**
**Sigurður Vignir Guðmundsson** — **Gísli Finnsson**
**Guðmundur Víðir Guðmundsson** — **Elísa Finnsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR GUÐMUNDSSON**
**frá Kvígindisfelli í Tálknafirði,**

lést á Hrafnistu laugardaginn 21. mars. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 31. mars kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**Ríkharð Óskarsson**
**Hrefna K. Óskarsdóttir** — **Georg Karonina**
**Hallgrímur Óskarsson** — **Ragna Gestsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**Í TÍSKUBRANSANN?** Leikarinn Antonio Banderas hefur lýst yfir áhuga á því að verða fatahönnuður. Hann hefur í hyggju að leggja stund á nám í fræðunum við Central Saint Martins í London.

# LÉTT OG NÁTTÚRULEG

**SUMARFÖRÐUNIN** *Bleiktóna- og kampavínslitir verða áberandi í sumarförðuninni. Mikilvægt er að nota farða með sólarvörn þegar sólin fer að skína.*

Förðun verður alltaf léttari á sumrin og vorin en hún er á veturna að sögn Tinnu Þorradóttur Flensborgarskólanema, sem bloggar um förðun og fylgist vel með öllu sem henni viðkemur. „Það koma inn léttari og sumarlegri litir, bleiktóna- og kampavínslitir. Skygging á augum má vera minni á sumrin og sniðugt að geyma dökku smokey-förðunina fyrir dimmari vetrarkvöld. Sumarförðunin verður öll náttúrulegri og vinsælt er að láta förðunina líta út eins og það sé engin förðun. Á vörum er fallegt að nota liti sem ýkja eigin lit varanna og gott að setja fallegan bleikan gloss með glans yfir. Þegar hlýrra verður í veðri og sólin fer mögulega að kíkja fram undan skýjum er sniðugt að nota farða með sólarvörn í og hætta að nota vörur sem verja húðina fyrir kulda,“ segir Tinna.

Hún fékk áhuga fyrir förðun fyrir einu og hálfu ári og er óhætt að segja að hún hafi hellt sér út í áhugamálið af fullum krafti. „Ég fór að horfa á myndbönd á YouTube þar sem bandarískar stelpur voru að sýna förðun og fékk mikinn áhuga á þessu. Ég fór til Bandaríkjanna tvisvar á síðasta ári og þá fylltist snyrtitaskan mín af snyrtivörum. Kærastinn gaf mér svo snyrtiborð af því að allt dótið komst ekki lengur í snyrtitöskurnar,“ segir Tinna og brosir. Eftir áramótin fór Tinna í förðunarnám í Reykjavik Makeup School sem hún útskrifaðist úr á dögunum.

Mikilvægustu hlutirnir fyrir snyrtibudduna að mati Tinnu eru farði, hyljari, augnabrúnagel, kinnalitur og maskari. „Ég nota sjálf Lumi-farðann frá L'Oreal sem er mjög góður, hyljara frá L.A. Girl og Gimme Brow augnabrúnagelið frá Benefit. Uppáhaldskinnaliturinn minn þessa stundina er frá Mac og heitir Margin, hann er sumarlegur, fallega bleikur með smá ljóma og uppáhaldsmaskararnir eru tveir, Manga frá L'Oreal og Masterpiece Transform frá Max Factor. Það er svona annaðhvort eða hjá mér varðandi förðun. Ef ég hef tíma þá nota ég allt; farða, hyljara, kinnalit, augnabrúnalit, augnblýant, maskara og jafnvel eitthvað á varirnar. Ef ég er að flýta mér nota ég ekkert.“ ■ liljabjork@365.is



**ÁHUGASÖM** Tinna hefur mikinn áhuga á förðun og kláraði nýlega förðunarnám í Reykjavik Makeup School. MYND/GVA




Til hvers að flækja hlutina? 365
SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!
365.is | Sími 1817

SÓFADAGAR
NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM




**Svefnsófi Cube 140 Deluxe**
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð kr. 199.000.-
Nú aðeins kr. 129.935
Einnig fáanlegur í 90 cm og 200 cm breidd



**Þægilegur svefnsófi m/tungu**
Stór rúmfatageymsla
Auðveldur í notkun
Stillanlegir höfuðpúðar
Þykkt gæðaleður
Stærð: Breidd: 244 cm
Dýpt: 165 cm / Hæð: 94 cm
Kynningarverð aðeins kr.
299.900

10-35% afsláttur af nokkrum eldri gerðum

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.korter.is

GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

L'ORÉAL
PARIS



HÁRLITA RÁÐGJÖF

FÁÐU AÐSTOÐ VIÐ VAL Á RÉTTUM LITATÓN OG LEIÐBEININGAR UM RÉTTU SKREFIN VIÐ HEIMAHÁRLITUN.

| | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur 26. mars | Kl. 13-18 | Lyfja Smáratorgi |
| | Kl. 13-18 | Lyfjum & heilsu Austurveri |
| Föstudagur 27. mars | Kl. 13-18 | Lyfja Lágmúla |
| | Kl. 13-18 | Hagkaup Garðabæ |
| Laugardagur 28. mars | Kl. 13-18 | Lyfjum & heilsu Kringlu |
| | Kl. 13-18 | Hagkaup Smáralind |

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT





# ORÐIÐ Á GÖTUNNI ER VARANLEGT

**HÁRTÍSKAN Í SUMAR** *Guðlaug Marín Pálsdóttir vann sem hársnyrtinemi á samningi á stofu í Noregi og segir Íslendinga töffara og opnari fyrir nýjungum í hártísku en frændþjóðina. Við spurðum hana út í hártískuna í sumar.*

Axlasítt hár hefur verið vinsælt um nokkurn tíma hjá stelpunum en hárið verður styttra í sumar, styttri bobbar og stuttar tískuklippingar. Í litum eru hlýrri tónar að koma inn, gylltir og ljósir, á meðan köldu tónarnir eins og silfraður og fjólublár eru á útleið,“ segir Guðlaug Marín Pálsdóttir hársnyrtinemi um hártískuna í sumar.

Hún segir einnig að krullur muni eiga „kombakk“ í sumar.

„Ef marka má orðið á götunni í bransanum þá mun permanent detta inn í sumar, permanent og stórar krullur í síða hárið. Stórt hár verður inn og hárbönd og borðar verða líka í tísku í sumar,“ segir Guðlaug.

En hvað með strákana?

„Strákarnir hafa verið með rakað í hliðum og sítt ofan á í nokkurn tíma og í sumar verður sá stíll tekinn skrefinu lengra. Ennþá styttra í hliðum og hárið deyr út alveg neðst, jafnvel farið með hnífinn neðst og aðeins upp í hárið svo línan fjari alveg út í ekki neitt. Ennþá haldið í smá sídd ofan á en þó líka verið að klippa það styttra.“

En hvað með síðhærðu gaurana sem binda hárið upp í snúð? „Þeir verða bara að drífa sig til rakarans,“ segir Guðlaug sposk. „Það er sérstaklega mikið í tísku núna að það sé áberandi mikið haft fyrir hárinu. Fólk í hárgreiðslubransanum talar um að það selji strákum miklu meira af sléttujárnum og hárblásurum og tækjum og tólum sem hefur ekki verið áður. Strákarnir munu líka fara í permó í sumar til að fá bylgjur í hárið efst með rakað í hliðum,“ segir Guðlaug og á von á að Íslendingar taki sumartískunni vel, þeir séu opnari fyrir nýjungum en til dæmis Norðmenn, en Guðlaug vann samningstíma sinn sem nemi á stofu í Noregi.

„Íslendingar eru miklu meira töff en Norðmenn. Allavega voru þeir frekar íhaldssamir og lítið að eltast við tískuna þar sem ég var að klippa en ég var úti í eitt og hálft ár. Íslendingar eru svo opnir fyrir nýjungum.“





**KRULLUR MEÐ „KOMBAKK“ Í SUMAR**
Guðlaug Marín Pálsdóttir hársnyrtinemi segir hárið styttast í sumar og hlýrri litatóna taka við. Þá verði permanent áberandi.
MYND/ERNIR

# 20-50%

**afsláttur af öllum vörum.**
**Aðeins þessa helgi.**





COSMO

Kringlunni












**PARÍS, FRAKKLANDI** Svartur leðurjakki við hvítar buxur. Þessi fatnaður var sýndur á tískuviku í París fyrir vetrartískuna 2015.

**MADRID, SPÁNI** Þessar leðurskvísur sýndu nýjustu tísku frá Maya Hansen á tískuviku í Madrid þar sem sýnd var haust- og vetrartískan 2015-2016.

**MÓNAKÓ, MÓNAKÓ** Appelsínugulur leðurjakki frá Louis Vuitton við gult pils. Sýning sem fram fór í Mónakó sýndi vortískuna 2015.

**PARIS, FRAKKLAND** Síður, frjálslegur kjóll og brúnn leðurjakki frá Saint Laurent, sýnt á tískuviku í París, vor og sumar 2015.

# STUTTUR LEÐURJAKKI ER MÁLIÐ

**VINSÆLT** *Stuttir leðurjakkar í öllum litum verða afar vinsælir í sumar og haust ef marka má tískusérfræðinga. Jakkarnir eru mikið notaðir við pils og frjálslega síða kjóla. Karlar eiga líka að klæðast leðri í vor, sumar og haust.*

Stuttir leðurjakkar sjást í nýjustu vörulínum frá hönnuðum á borð við Armani, Hellessy, Burberry Prorsum og Miu Miu svo einhverjir séu nefndir. Þeir eru hins vegar miklu fleiri sem sýna jakka úr leðri í alls kyns litum og við alls konar fatnað. Síðir, frjálslegir kjólar eru mikið í tísku og stuttu leðurjakkarnir passa fullkomlega við þá. Diesel kynnir leðurjakka í mótorhjólastíl með gallabuxum og Yves Saint Laurent segir að allir þurfi að eiga nóg af leðri í fataskápnum. Í sama streng tekur Isabel Marant.

Leðurjakkar voru nokkuð vinsælir í fyrrasumar en ekkert lát verður á vinsældum þeirra í vor og sumar 2015. Fleiri litir og snið eiga eftir að verða áberandi þegar sólin hækkar á lofti. Kate Moss og Sienna Miller sjást varla í öðru en leðri þessa dagana. Þess má geta að leðurjakkar eru vinsælir fyrir bæði kynin.



**NEW YORK, BNA** Hvítt er fallegt. Fyrirsæta sýnir fallegan leðurjakka á tískuviku í New York þar sem sýnd var hausttískan 2015.

**MÍLANÓ, ÍTALÍU** Blár leðurjakki við bláróséttan kjól á tískusýningu í Mílanó fyrir haust-vetur 2015-2016. Fötin eru frá Byblos.

**TÓRONTÓ, KANADA** Rauður leðurjakki frá Mackage sem sýndur var á tískuviku í Tórontó í Kanada fyrir vor-sumar 2015.




Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook 1. hæð Kringlunnar Hægt er að panta í síma: 551-1314












**ÞÆGILEGT** Þórhildi finnst best að vera í víðum, litríkum og þægilegum fötum. MYND/GVA

**VEIK FYRIR PEYSUM**
„Helsti veikleiki minn eru peysur og jakkar í Spútnik. Ég vildi að ég gæti keypt allt úr Spútnik."

# HIPPALEG, LITRÍK OG ÞÆGILEG FÖT

**STÍLLINN** *Þórhildur Steinunn Kristinsdóttir, menntaskólamær og söngnemi, sækir innblástur að fatastíl sínum til samnemenda sinna í MH.*

Þórhildur er á málabraut í MH. „Ég dýrka þennan skóla, hann er alveg yndislegur," segir hún en nóg er að gera bæði í náminu og á söngæfingum nú rétt fyrir páska. Hún gaf sér þó tíma til að svara nokkrum spurningum um sinn stíl.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** „Ég myndi lýsa stílnum mínum sem blöndu af hippalegu, stelpulegu og þægilegu. Ég elska föt sem eru víð, litrík og þægileg."

**Fylgist þú vel með tískunni?** „Já og nei. Ég fylgist lítið sem ekki neitt með tísku í tískublöðum og svoleiðis, en ég tek mikið eftir í hverju skólafélagar mínir eru. Ég fæ mestan innblástur frá alls konar krökkum í MH."

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** „Suma daga er ég í kjól eða pilsi og þægilegri peysu, aðra daga í smekkbuxum, stórum og víðum peysum, og suma daga er ég í hettupeysu og gallabuxum. Það er bara mjög mismunandi."

**Hvernig klæðir þú þig spari?** „Þegar ég vil vera fín fer ég oft í einhvern sætan kjól eða pils við stóra peysu, annars fer ég oft í gallabuxur og fínan bol."

**Hvar kaupir þú fötin þín?** „Ég kaupi oftast föt á fatamörkuðum, í Kolaportinu til dæmis. Annars á fatamarkaðinum hjá Hlemmi eða Spútnik. Eða á útsölum í Kringlunni."

**Eyðir þú miklu í föt?** „Nei, alls ekki. Ég er sjúklega sparsöm þegar kemur að því að kaupa föt."

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** „Uppáhaldsflíkin mín er bolur sem ég keypti í Rauðakrossbúðinni, hann er mjög hippalegur og litríkur og fallegur. Ég er oftast í honum þegar ég vil vera fín en langar samt að líða þægilega."

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** „Helsti veikleiki minn eru peysur og jakkar í Spútnik. Ég vildi að ég gæti keypt allt úr Spútnik."

# ENDALOK MARC BY MARC JACOBS

Tískulínan Marc by Marc Jacobs, sem fyrst kom á markað árið 2001, hefur runnið sitt skeið. Merkið mun sameinast meginmerkinu Marc Jacobs.

Marc By Marc Jacobs hefur verið vinsælt í gegnum tíðina, sérstaklega þar sem verðið hefur verið lægra en gengur og gerist með merkjavöru auk þess sem það hefur þótt skemmtilegt og unglegt.



Aðeins tæp tvö ár eru síðan Luella Bartley og Katie Hillier tóku við listrænni stjórn merkisins en það var stuttu eftir að Jacobs sjálfur hætti hjá Louis Vuitton til að einbeita sér að eigin línu. Talið er að Bartley og Hillier fái starf hjá hinu nýja sameinaða merki.



# BRÚÐKAUP

FIMMTUDAGUR **26. MARS 2015**



## Brúðarkjóll frá Belgíu

**Ásdís Auðunsdóttir keypti 80 ára gamlan brúðarkjól á netinu og sparaði sér þannig drjúgan skilding.**

**SÍÐA 4**

## Hefðbundnir herrar

**Að mati Alvaro Calvi, sem rekur verslunina Calvi á Laugavegi, eiga brúðgumar að vera flottir í tauinu en mega þó ekki skyggja á brúðina.**

**SÍÐA 8**

## Hlöðuveisla fram á rauðanótt

**Eyrún Birna Jónsdóttir og Arnór Halldórsson giftu sig í sveitakirkju og héldu veislu í hlöðu. Eyrún var í brúðarkjól móður sinnar.**

**SÍÐA 10**



„Öll þurfum við að æfa okkur í að takast á við ágreining og því að gefa hvort öðru rými og stuðning," segir Guðbjörg Jóhannesdóttir, sóknarprestur í Langholtskirkju. MYND/GVA

# Þarf oft að lyfta andlegum lóðum

Hjónabandið er ekki alltaf dans á rósum. Flest hjónabönd eiga sín flóknu tímabil og stundum jafnvel erfið. Besta ráðið að sögn prests er að rækta nánd sín á milli því hún er ekki sjálfgefin. Ungt fólk er almennt duglegt að rækta samband sitt en mætti gjarnan taka þrautseigju eldra fólks til fyrirmyndar.

Að ganga í hjónaband er ein af stærri ákvörðunum í lífi hvers pars. Þótt sjálfur brúðkaupsdagurinn og næstu vikur einkennist yfirleitt af mikilli gleði og hamingju geta skipst á skin og skúrir í hjónaböndum. Mikilvægt sé að gera sér grein fyrir því í upphafi og því er gott ráð að nýgift hjón rækti nánd á milli sín að sögn Guðbjargar Jóhannesdóttur, sóknarprests í Langholtskirkju.

Hún segir að þegar verðandi brúðhjón koma til prests til að undirbúa hjónavígslu sé það helsta verkefni hans að hlusta og skapa tengsl. „Á þessum tímapunkti þarf yfirleitt ekki að hvetja pörin til að rækta sambandið, fremur minna á að það er parið sjálft sem þekkir sambandið best, styrkleika og veikleika og hvernig best er takast á við brekkurnar saman."

Fyrir utan praktísk ráð í tengslum við veisluna, athöfnina, kaupmála og erfðaskrár, fer ýmislegt fram milli prests og verðandi hjóna fyrir athöfnina sjálfa. „Vonandi skapast tengsl milli prests og brúðhjóna sem gerir það að verkum að parið finni að það geti leitað til prestsins ef á þarf að halda. Enda gott að eiga aðgang að þriðja aðila sem getur aðstoðað við að ræða málin þegar þau eru komin í hnút. Besta ráðið er þó líklega að gefa engin ráð önnur en að öll pör verði að rækta nánd sín á milli, því hún er ekki sjálfgefin." Einnig þurfi að muna að öll eigum við flókin tímabil í hjónaböndum og stundum meira að segja mjög erfið.

Hætturnar séu líka aðrar en áður og flóttaleiðirnar fleiri til að takast ekki á við hversdaginn og erfiðleika saman. „Þar má helst nefna netsamskipti sem lækka þröskulda náinna samskipta utan hjónabands. En þetta eru víst engin geimvísindi. Hættumerkin eru hin sömu svo sem þegar trúnaður er orðinn meiri við aðra en maka, vinnudjammið glepur eða við ræktum ekki kynlíf og tilfinninganánd. Mér finnst oft ágætt ráð að minna mig á hvernig lífsbaráttan var þegar ömmur mínar og afar voru ung og hugleiða aðstæður þeirra, þá virkar nútímalífið bara alveg ljómandi gott. Hvort sem það er hörð lífsbarátta eða hraði sem við látum búa til fjarlægð milli okkar þá er niðurstaðan sú sama, einsemd sem verður til þess að við leitum að nánd annars staðar."

## Ungt fólk til fyrirmyndar

Guðbjörg upplifir ungt fólk í dag almennt með meiri félagsfærni og tilfinningagreind en eldri kynslóðir. „Ungir karlar og konur telja almennt eðlilegan þátt lífsins að rækta sambandið og styðja og hvetja hvort annað. Hins vegar mættu þau stundum alveg líta til þrautseigju og sjálfsbjargarviðleitni eldri kynslóða því stundum þarf að harka af sér."

Hún segir helst blasa við hversu samtaka ung pör eru um það sem snýr að heimili og börnum. „Ég er agndofa yfir því og þess vegna var það algert skemmdarverk á sviði jafnréttismála að fæðingarorlofið var skert. Það hafði alveg ótrúlega mikil áhrif strax á verkaskiptingu inni á heimilunum. Færni yngri para birtist líka í lífi stjúpfjölskyldunnar þar sem flókið líf er með ótrúlegum metnaði gert einfalt. Mesta breytingin er þó líklega að flest pör eru hvort um sig fjárhagslega sjálfstæð og það stuðlar að sambandi jafningja eins og hjónaband á að vera."

Hún segir bestu leiðina til að rækta tilfinninganánd við makann vera þá að rækta eigið tilfinningalíf. „Það þarf að lyfta lóðum andlega ekki síður en líkamlega til að styrkja okkur sjálf. Rækta eigið bænalíf, innri kyrrð og öryggi er lykilatriði hvort sem er með hreyfingu, orðum, söng eða hugleiðslu og ávextirnir verða trú, von og kærleikur eins og lesið er yfir hverju einasta pari sem játast hvort öðru í kirkjum landsins."

■ starri@365.is

> **Mesta breytingin er þó líklega að flest pör eru hvort um sig fjárhagslega sjálfstæð og það stuðlar að sambandi jafningja eins og hjónaband á að vera.**

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, s. 512-5434, bryndis@365.is Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.



# Allt fyrir brúðkaupið í Smáralind

Smáralind er vel staðsett í Kópavogi. Þar er hægt að fá nánast allt sem þarf til að gera gott brúðkaup. Auðveld aðkoma er að verslunarmiðstöðinni, næg bílstæði, fjölbreytt vöruúrval og langur opnunartími.

Guðrún M. Örnólfsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar, segir að Smáralind sé ákjósanlegur valkostur þegar kemur að undirbúningi fyrir brúðkaup og ekki síður fyrir brúðkaupsgesti. Margar góðar tískuverslanir eru með fjölbreyttan og fallegan fatnað sem hentar í veislur, jafnt fyrir foreldra brúðhjóna sem og aðra veislugesti. „Hér eru sömuleiðis góðar skó- og fylgihlutaverslanir. Að ógleymdum skartgripaverslunum. Hér eru þekktar skartgripabúðir á borð við Jens, Jón & Óskar, Meba-Rhodium og Pandora, það ætti því að vera auðvelt að finna morgungjöfina,“ segir Guðrún.

„Í stóru verslununum, eins og Hagkaupi og Debenhams, er mikið úrval fyrir alla fjölskylduna, allt frá nærfötum, sokkum eða sokkabuxum upp í kjóla og jakkaföt. Þá eru raftæki í Hagkaupi sem eru góð til brúðargjafa. Einnig má minnast á að í barnadeild Debenhams er fallegur fatnaður fyrir ungar brúðarmeyjar og -sveina. Aðrar barnafataverslanir, Name it, Lindex og Benetton, eru sömuleiðis með falleg spariföt,“ segir Guðrún enn fremur.

„Brúðargjafir eru stundum höfuðverkur hjá gestunum. Í Lífi og list og Dúka eru brúðargjafalistar sem auðvelda fólki valið. Það er mjög þægilegt að geta gengið að þessum listum. Þá má minna á að gjafakort Smáralindar er góð gjöf. Þá geta brúðhjónin valið hvort þau vilja fá sér eitthvað fyrir heimilið eða jafnvel góðan útivistarfatnað og -græjur. Ferðatöskur eru mjög góð gjöf og mikið úrval er af þeim í Drangey, Eymundsson og A4.

Í Bjarkarblómi á fyrstu hæð fyrir framan Hagkaup eru gjöfunum pakkað fallega inn, það getur oft verið punkturinn yfir i-ið. Þar eru einnig fáanleg kort, gjafapappír og gjafavörur. Ekki má gleyma verslunum sem sérhæfa sig í alls kyns fylgihlutum eins og Moa og Six auk þess sem slíka hluti er að finna í flestum tískuvöruverslunum. Í búðum eins og Söstrene Grene, Tiger og A4 er fullt af sniðugum hlutum sem lífga upp á veisluna; kerti, servíettur, föndurvörur og fleira. Í Smáralind er frábær hárgreiðslustofa, Modus, þar sem boðið er upp á klippingu eða flotta hárgreiðslu. Síðan er hægt að panta förðun hjá Mac, CoolCos og Make Up Store. Café Adesso er með veisluþjónustu sem hægt er að kynna sér betur á heimasíðu þeirra. Bakarí Jóa Fel er á fyrstu hæð og þar er hægt að panta brauð og tertur,“ segir Guðrún og bætir við að í Smáralind fáist nánast allt sem fólk þarf fyrir hina fullkomnu brúðkaupsveislu.



Guðrún M. Örnólfsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar. MYND/GVA


Skyrta **Herragarðurinn**
Bindi **Zara**
Bindisnæla og ermahnappar **Meba/Rhodium**
Giftingarhringar **Jens**
Perlufesti og gullfesti með perlu **Jón & Óskar**
Eyrnalokkar **Pandora**
Korselett og sokkabönd **Debenhams**
Blúndutoppur **Lindex**
Skór **Zara**
Blóm **Bjarkarblóm**
Naglalakk og maskari **Hagkaup**
Kampavín **Vínbúðin**


Kitchen Aid-hrærivél, Royal Copanhagen diskar og bolli, Normann lítill og stór sjófugl, Lily mintugrænn kertastjaki, Le Creusetpottur, NotKnot púði, viskíkarafla og glös **Líf & list**
Asaka kjöthnífur, diskamotta, Meiðurviðarbretti, Koziol Crystal kanna og glös, jurtapottasett, salt- og piparkvarnir **Dúka**
Vitra Ball-klukka, Vitra Rotary-bakki, Vitra Eames house bird **Eymundsson**
trékassar **Söstrene Grene**


Ásbjörn og Hildur voru pússuð saman uppi á sviði í Súlnasalnum á Hótel Sögu.


Fyrir athöfn var gestum boðið upp á standandi fordrykk og smárétti en á eftir var sitjandi borðhald.


„Hátíðleikinn sem óneitanlega er yfir Súlnasalnum rammaði daginn inn og gerði athöfnina mjög fallega.“

# Giftu sig á sviðinu í Súlnasalnum

Ásbjörn Björgvinsson og Hildur Guðnadóttir gengu í hjónaband í nóvember í fyrra. Eftir að hafa íhugað að stinga af til útlanda ákváðu þau að halda frekar hressilegt ball á Hótel Sögu, festu sér brúðarsvítuna og giftu sig uppi á sviði.

Okkur langaði að gera eitthvað alveg sérstakt, jafnvel að gifta okkur í útlöndum en svo ákváðum við að bjóða frekar öllum vinum okkar í gott partí og á ball,“ segir Ásbjörn Björgvinsson en hann og Hildur Guðnadóttir giftu sig þann 1. nóvember í fyrra, uppi á sviði í Súlnasal Hótels Sögu.

Hann segir starfsfólk Hótels Sögu strax hafa tekið vel í hugmyndina.

„Þetta hafði aldrei verið gert áður, að gifta fólk á sviðinu en við fengum frábærar móttökur. Fyrir athöfnina buðum við gestunum upp á standandi fordrykk og smárétti í sölunum sem liggja að Súlnasalnum. Svo gengum við inn undir dynjandi Abbatónlist og allir klöppuðu með. Athöfnin ásamt ræðum tók um klukkutíma uppi á sviði og eftir hana var skálað í kampavínsdrykk með jarðarberi. Á sviðinu var líka myndavél sem varpaði athöfninni á skjái í salnum svo allir gátu fylgst með. Svo var sest til borðs. Starfsfólk hótelsins stýrði þessu öllu með glans og allt gekk áreynslulaust fyrir sig. Hátíðleikinn sem óneitanlega er yfir Súlnasalnum rammaði daginn inn og gerði athöfnina mjög fallega.“

Þau Hildur voru einnig séð og pöntuðu sér svítu á hótelinu sem Ásbjörn segir hafa gert daginn stresslausan.

„Við vorum mætt í svítuna um hádegi og Hildur búin að fara í dekur og greiðslu. Þá gátum við bara slappað af fram að athöfninni og fengið börnin og barnabörnin í heimsókn upp á herbergi. Við vissum hreinlega ekki af undirbúningnum, hótelið sá um allt,“ segir Ásbjörn.

„Það toppaði svo kvöldið að geta bara labbað upp á herbergi eftir ballið og haldið létt eftirpartí fyrir nánasta vinahópinn. Við fengum að heyra eftir á að fólki fannst þetta skemmtilegasta brúðkaup sem það hafði verið í. Stemmingin svo afslöppuð og þægileg enda undirbúningurinn alveg til fyrirmyndar af hendi hótelsins.“


Ásbjörn segir gott skipulag og liðlegheit starfsfólks Hótels Sögu hafa gert daginn ógleymanlegan, bæði fyrir brúðhjónin og gesti.


Ásdís og Hjalti á brúðkaupsdaginn.

# Keypti áttræðan kjól í gegnum netið

Ásdís Auðunsdóttir og Hjalti Magnússon gengu í það heilaga í júní á síðasta ári. Áttatíu ára gamall silkikjóll Ásdísar setti fágaðan svip á brúðkaupið.

Ásdís og Hjalti felldu hugi saman á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum árið 2007 en bónorðið bar Hjalti upp þegar parið var á ferðalagi árið 2013. „Við vorum stödd í eyðimörk í Dubai. Við sólarlag dró hann mig upp á stóra sandöldu og fór á hnén, þá var hann búinn að ferðast með hringinn að heiman og var að bíða eftir rétta augnablikinu,“ rifjar Ádís upp.

Skipulagning stóra dagsins hófst fljótlega upp úr þessu. „Við vorum dálítið skynsöm og gerðum þetta smátt og smátt enda er ég nemi og Hjalti grunnskólakennari. Við kipptum með okkur flösku og flösku ef við áttum leið um Ríkið, fórum á útsölu í IKEA til að kaupa skreytingar og vasa og reyndum að gera sem mest sjálf.“ Undirbúningurinn fór síðan á flug tveimur mánuðum fyrir giftinguna sem fram fór í Skálholtskirkju í lok júní 2014. „Anna Sigríður Pálsdóttir, sem þá var dómkirkjuprestur, gaf okkur saman. Athöfnin var falleg en jafnframt létt og skemmtileg.“

Veislan var haldin í félagsheimilinu á Flúðum. „Það var mjög fínn salur, maður gat leigt hann í þrjá daga og það fylgdi með frítt tjaldstæði fyrir alla gesti sem vildu gista,“ segir Ásdís en veislan tókst afar vel og stóð fram undir morgun. „Við rönkuðum við okkur klukkan hálf sex um morguninn þegar húsvörðurinn mætti,“ segir hún og hlær.

## Silkikjóll með síðum ermum

Ásdís hafði sérstaka skoðun á því hvernig brúðarkjóllinn ætti að vera. Hann skyldi vera úr fallegu efni og með síðar ermar. „Mér fannst ekkert vandamál að finna kjóla sem mig langaði í en þeir kostuðu flestir mörg hundruð þúsund krónur. Aðrir kjólar sem voru á viðráðanlegu verði voru flestir hlýralausir sem ég kunni ekki við,“ segir Ásdís sem fór þá að leita í vefverslunum sem selja notaða brúðarkjóla. „Ég endaði inni á etsy.com þar sem saman koma sölumenn frá ýmsum löndum. Þar hafði ég uppi á stelpu sem rekur búð í Belgíu og í gegnum hana sá ég fallegan áttatíu ára gamlan, handsaumaðan silkikjól,“ segir Ásdís en kjólinn hafði stúlkan fundið í verslun hjálparstofnunar í Belgíu.

„Ég gat auðvitað ekki mátað kjólinn en fékk málin uppgefin á síðunni,“ segir Ásdís, sem varð ekki fyrir vonbrigðum þegar kjóllinn kom til landsins.

„Efnið í honum var æðislegt og ég þurfti ekki að gera mikið fyrir hann. Slörið var reyndar mjög sítt svo ég lét stytta það og svo voru herðapúðar sem ég lét taka úr og þrengja ermarnar.“

Kjóllinn kostaði sjötíu þúsund krónur með flutningskostnaði og Ásdís sér ekki eftir þeim krónum. En hvað verður um kjólinn núna? „Mér finnst afskaplega vænt um hann og tími ekki að selja hann. Ætli ég geymi hann ekki bara inni í skáp um ókomin ár,“ segir hún og brosir.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða notaða brúðarkjóla geta kíkt inn á etsy.com. Stúlkan sem seldi Ásdísi kjólinn gerir það undir nafninu vintage design paradise. Hún er einnig með heimasíðuna www.atelierkingsley.com.

# Gestir þakklátir fyrir óskalistana

Auður Jóhannesdóttir, eigandi DÚKA í Kringlunni og í Smáralind, segir óskalista brúðhjóna til mikilla þæginda fyrir brúðkaupsgesti.

Ég mæli alltaf með því að verðandi brúðhjón setji saman óskalista. Það er til mikilla þæginda fyrir gesti og fyrir þau sjálf. Í dag hefur fólk gjarnan búið saman í langan tíma þegar það giftir sig og á nánast alla hluti. Gestirnir vita ekki endilega hvaða smekk verðandi hjón hafa en vilja auðvitað að gjöfin þeirra hitti í mark. Mín upplifun er sú að gestir eru dauðfegnir að geta keypt af lista,“ segir Auður Jóhannesdóttir, einn eigenda verslunarinnar DÚKA.

Hún segir engan þurfa að vera feiminn við að búa til lista. Það geti verið skemmtilegur hluti veisluundirbúnings.

„Það er bara gaman. Það er ekki oft sem fólk fær tækifæri til þess að fara í búðir og velta því fyrir sér hvað það langar í, án þess að þurfa að taka upp veskið. Oft langar mann í eitthvað en gæti ekki leyft sér að kaupa það, ungt fólk er að koma sér upp heimili og er kannski komið með börn og þarf að forgangsraða hvað keypt er. Þá er bara gaman að leyfa sér að dreyma,“ segir Auður.


Auður Jóhannesdóttir, eigandi verslunarinnar DÚKA, tekur vel á móti verðandi brúðhjónum í Kringlunni og Smáralind. MYND/ERNIR

## Aðstoð við óskalistann

Vel er tekið á móti brúðhjónum í DÚKA bæði í Kringlunni og í Smáralind og þau aðstoðuð við að setja saman óskalista.

„Ég ráðlegg fólki að vera með fjölbreytt úrval á listanum, bæði litlar og stórar gjafir en oft slær heill vinahópur saman í eina stóra gjöf. Ég bendi fólki líka á að velja vandaða hluti sem munu endast og verða uppspretta margra góðra minninga.“

„Í DÚKA erum við með afar fjölbreytt úrval af vöru fyrir heimilið, allt frá praktísku postulíni yfir í skemmtilega glervöru og vandaðar eldhúsvörur, íslenska hönnun í bland við rótgróin erlend merki eins og Iittala, Kahla, Rösle, Koziol og Peugeot svo einhver séu nefnd.“


Pronto-línan frá Kahla lífgar upp á heimilið.

## Brúðhjón fá glaðning

„Öll brúðhjón sem gera gjafalista hjá okkur í DÚKA fá glaðning frá versluninni í formi gjafabréfs. Þau fá einnig afslátt af vörum eftir giftinguna ef þau vilja klára listann sinn,“ segir Auður.

# *Fögur höfuðdjásn*

Á brúðkaupsdaginn skartar brúðurin sínu allra fegursta. Alla aðra daga þætti eflaust klént að ganga með kórónu en daginn stóra er það viðeigandi. Fallegt höfuðskart setur punktinn yfir I-ið líkt og helstu brúðarkjólahönnuðir heims vita.


Carolina Herrera


Oscar De La Renta


Monique Lhuillier

# Við opnum í dag nýja verslun í Kringlunni

**Sigurjón Pálsson áritar fuglana sína og Ingibjörg Hanna kynnir hönnun sína milli kl. 17-19**

Epal / Harpa / Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal DESIGN





fermLIVING HAY marimekko® DESIGN LETTERS & FRIENDS Joseph Joseph iittala normann COPENHAGEN

Bræðir þig



» Koparáhöld eru ekki bara snotur. Kopar hefur óviðjafnanlega leiðni, dreifir varma haganlega og dregur fram seiðandi bragð. De Buyer hefur búið til eldhúsamboð frá 1830 og þar á bæ vita menn að koparpottarnir þeirra eru pottþétt meistaraverk. Þess vegna lofa þeir lífstíðarábyrgð.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47, opið mán.- fös. 10-18, lau. 11-18 | www.kokka.is kokka@kokka.is




Förðun: Elsa Þórisdóttir. Fyrirsæta Rakel Brynjólfsdóttir. MYNDIR/PJETUR

# Vorleg brúðarförðun

**Langflestar brúðir byrja brúðkaupsdaginn á hárgreiðslu og förðun enda vilja flestar skarta sínu allra fegursta þennan einstaka dag. Elsa Þórisdóttir er reyndur förðunarmeistari og sýnir hér vorlega brúðarförðun á fyrirsætunni Rakel Brynjólfsdóttur. Hún notaði vörur frá Guerlain.**

## Andlit

„Ég byrjaði á farðagrunninum Météorites Perles sem hefur eiginleika perlunnar og gefur mikinn ljóma. Yfir hann setti ég Parure De Lumiére Beige Naturel 03 farðann sem er hannaður eins og húðvara og gælir við húðina. Ég setti svo Les Voilettes, laust púður, yfir til að festa farðann," útskýrir förðunarmeistarinn Elsa Þórisdóttir. „Til að lýsa og draga fram ákveðin svæði notaði ég Météorites Baby Glow no. 2 og hyljarann Precious Light no. 01. Ég notaði svo nýja terracotta-púðrið Joli Teint no. 02 sem skyggingu og Météorites Perle de Blush úr vorlínunni á kinnar."

## Augu

Elsa notaði Écrin 4 Couleurs 504 Les Précieux-augnskuggana sem eru að hennar sögn einstaklega mjúkir og litirnir vorlegir. „Síðan notaði ég blautan liner sem heitir Noir Ebené 01. Ég setti hann þétt upp við augnháralínuna, rétt til að ramma augun. Ég mýkti hann svo með græna litnum úr augnskuggaboxinu. Að lokum notaði ég maskarann Maxi Lash So Volume 01 Noir sem lengir og þéttir vel."

## Varir

Elsa byrjaði á Lip Lift, sem er ein vinsælasta vara Guerlain. „Lip Lift er borið á varir og varalínu sem grunnur. Það sléttir yfirborð varanna og heldur varalitnum allan daginn. Það er alveg ómissandi í snyrtibudduna," segir Elsa. „Síðan notaði ég varablýantinn Bois de Santal no. 44 og varalitinn KissKiss no. 369. Í lokin setti ég Gloss D'Enfer Maxi Shine no. 401. Ég setti það aðeins á miðjar varir en það dregur þær fallega fram.



Græni augnskugginn minnir á vorið.



Maxi Lash So Volume maskari frá Guerlain.



Meteorites Baby Glow gefur húðinni heilbrigt útlit.



Meteorites fast púður sem jafnar húðlit og gefur fallegan ljóma.



Meteorites Perlukinnalitur.



Fjórfaldur augnskuggi númer 504 frá Guerlain.




## ÞÆGINDI & GLÆSILEIKI

- GEGNSÆJAR SOKKABUXUR MEÐ SÖMU ÁFERÐ AÐ MITTI.
- EINSTAKLEGA ÞÆGILEGAR OG UPPLIFUNIN ER EINS OG AÐ VERA EKKI Í SOKKABUXUM.
- STRENGURINN ER BREIÐUR, ÞÆGILEGUR, SITUR KYRR OG RÚLLAST EKKI NIÐUR. MITTISLÍNA SKERST EKKI.
- STRENGURINN ER HÆRRI EN ALMENNT GERIST OG SITJA SOKKABUXURNAR ALGJÖRLEGA KYRRAR.
- GÆÐI OG ÁFERÐ UNDIRSTRIKA FEGURÐ LEGGJANNA.
- STRENGURINN ER HÆRRI AÐ AFTAN OG FYLGIR ALGJÖRLEGA LÍKAMSLÖGUN.
- SOKKABUXURNAR ERU LAGAÐAR EFTIR FÆTINUM SVO AUÐVELT ER AÐ SJÁ HVERNIG ÞÆR EIGA AÐ SNÚA.
- ÓSÝNILEG TÁIN EYKUR MÖGULEIKANA Á AÐ VERA Í OPNUM SKÓM.
- FLATIR SAUMAR OG SKREFBÓT ÚR BÓMULL.
- SOKKABUXURNAR ERU TIL Í 15-20-40-80 DENUM.



Lasanja er réttur sem flestum finnst góður og tilvalinn á veisluborð.

## ÍTALSKT ÞEMA Í VEISLUNA

**Brúðkaupsveislur geta verið af ýmsu tagi og veitingarnar ólíkar. Ítalskur matur á upp á pallborðið hjá flestum og því sniðugt og skemmtilega öðruvísi að hafa ítalskt þema í matargerðinni. Þá þarf að sjálfsögðu að hafa gott lasanja á borðum og hér er uppskrift að einu gómsætu. Uppskriftin er miðuð við átta til tólf manns.**

500 g nautahakk
1 stór laukur, niðurskorinn
2 tsk. saxaður hvítlaukur
170 g tómatþykkni
400 g tómatsósa
800 g niðurskornir tómatar
1 ½ tsk. basil
½ tsk. kryddmæra (majoram)
1 tsk. sjávarsalt
1 tsk. sykur
170 g rifinn mozarella-ostur
170 g ricotta-ostur
1 egg
½ bolli parmesanostur
1 msk. steinselja
8 lasanjablöð

*Brúnið lauk og nautahakk. Bætið við hvítlauk og tómatþykkni. Hrærið í í um það bil fimm mínútur eða þar til tómatþykknið er orðið enn rauðara.*

*Bætið við tómatsósu, tómötum, basil, kryddmæru, salti og sykri. Látið krauma þar til þetta hefur þykknað.*

*Blandið ricotta-osti, eggi, parmesanosti og steinselju saman.*

*Setjið í eldfast mót í lögum, fyrst kjötsósu, svo lasanjablöð, svo osta- og eggjablönduna, svo mozzarella-ost og að lokum kjötsósu aftur. Endurtakið þetta og verið viss um að enda á kjötsósu. Setjið álpappír yfir formið og bakið í 1 ½ klukkustund. Takið álpappírinn af, stráið meiri parmesanosti yfir, látið hvíla í tíu mínútur og berið fram.*



Alvaro Calvi hefur mikla reynslu úr tískuheiminum og gefur hér góð ráð um klæðnað brúðguma á stóra deginum. MYND/VILHELM

# Heildarútlitið skiptir mestu

**Þegar kemur að brúðkaupum er herratískan hefðbundin, smóking, kjólföt og dökk jakkaföt eiga alltaf upp á pallborðið. Alvaro Calvi hefur lengi lifað og hrærst í tískuheiminum og veitir hér góð ráð varðandi fataval.**

Alvaro Calvi er mörgum kunnur þegar kemur að herratísku. Alvaro vann í verslun Sævars Karls í þrettán ár en hefur rekið sína eigin verslun, Calvi, síðan 2007. Augljóslega veit hann hvað hann syngur í þessum efnum og því leituðum við til hans til að fá að vita hvað tilvonandi brúðgumar eiga að hafa í huga þegar þeir velja sér föt fyrir stóra daginn. „Það er alltaf í tísku að vera í smóking, kjólfötum eða sjakkett (e. morning dress) á þessum stóra degi. Og svo eru dökk jakkaföt alltaf klassísk. Undanfarið hefur verið í tísku að vera í dökkbláum eða í svokölluðum „midnight blue“ lit en ekki svörtum eins og annars er algengt. Sniðin eru aðskorin, jakkarnir með tveimur tölum og frekar stuttir og buxurnar eru þröngar, svokallað „slim fit“ snið á þeim. Efnin þurfa að vera góð, ég mæli með merínóull eða silki og ull (e. royal silk), og þau þurfa að vinna með líkamanum og anda vel.“

### Ekki einnota föt

Þeir sem eru að leita sér að fötum til að klæðast á brúðkaupsdaginn ætti fyrst og fremst að velja sér eitthvað sem þeir geta notað við fleiri tilefni að mati Alvaros. „Sumir kaupa sér eitthvað virkilega sérstakt sem þeir nota aðeins við þetta tilefni en ég legg áherslu á við þá sem eru að fara að kvænast að kaupa eitthvað sem hægt er að nota oftar, til dæmis á árshátíðum og jólum. Aðalatriðið er þó að fötin verða að vera þægileg og viðkomandi verður að líða vel í þeim. Ég mæli ekki með því að fólk spari við sig í þessum efnum og reikni frekar með aðeins meiri útgjöldum í þennan lið en lægri þegar verið er að gera fjárhagsáætlun fyrir brúðkaupið,“ leggur Alvaro til. Hann segir mikilvægt að hugsa um heildarútlitið, taka allt með í pakkann, svo sem skó og fleira og reikna með að þetta kosti en að það sé allt í lagi því ætlunin sé að gera þetta bara einu sinni.

Að mati Alvaros á brúðurin að vera aðalatriðið á brúðkaupsdaginn, herrann á að vera flottur en má ekki skyggja á dömuna. Sjálfur klæddist Alvaro kjólfötum af meistara sínum þegar hann kvæntist eiginkonu sinni fyrir um átján árum. „Það var mikill heiður að fá að nota fötin þennan dag en þau voru einmitt í „midnight blue“ litnum sem er svo vinsæll um þessar mundir.“



Smóking er alltaf klassískur á brúðkaupsdaginn.

NORDIC PHOTO/GETTY



Vestin hafa verið vinsæl undanfarið, oftast eru þau nú í sama lit og jakkafötin að sögn Alvaros.

### Bjargaði brúðkaupinu

Spurður að því hvaða fylgihlutir séu vinsælir segir Alvaro vestin hafa verið vinsæl undanfarið. „Vasaklútar eru líka vinsælir og svo auðvitað slaufur. Slaufur eru búnar að vera almennt mikið í tísku undanfarið enda er fallegt að vera með slaufu, sérstaklega handhnýtta slaufu úr silki.“ Hann segir það þó vera erfiðara en það lítur út fyrir að hnýta slaufuna rétt. „Fyrir nokkru kom til mín maður sem vildi sérstaklega fá handhnýtta slaufu en þegar ég spurði hann hvort hann kynni að hnýta hana neitaði hann því en sagðist læra það á fimm mínútum. Laugardaginn eftir þetta fékk ég símtal frá þessum sama manni þar sem hann var í kirkjunni, sveittur við að hnýta slaufuna rétt, en tókst það alls ekki. Ég fór því og hjálpaði honum, greyinu,“ segir Alvaro og brosir.

liljabjork@365.is



# Fullkominn húðlitur

## Skartaðu sumarljómanum með St.Tropez. Vöruval sem hentar hvaða húðlit sem er.

Aðdáenda hópur St.Tropez er fullur af stjörnum, tískuritstjórum, bloggurum og þúsundum viðskiptavina sem sækjast eftir fullkomnum lit sem hentar hverri árstíð eða hvaða tilefni sem er. Þú getur sagt skilið við sögusagnir um vonda lykt eða appelsínu-gula slikju.

Með nýrri einkaleyfis Aromaguard™ tækni og 20 ára reynslu og þróun hefur St.Tropez náð að minnka lykt um 70%.

St.Tropez eru fremstir á sínu sviði með margverðlaunaða paraben fría formúlu sem inniheldur 100% náttúruleg litarefni.

Hægt er að fara í St.Tropez meðferðir hjá sérfræðingum St.Tropez á snyrtistofum um land allt.

Með nýrri spray system tækni tekur meðferðin sjálf aðeins 15 mínútur og þú getur haldið áfram með verkefni dagsins.

Þú velur meðferð sem hentar þér hverju sinni, hvort þú vilt ljósan sólkysstan lit eða dýpri og dekkri lit.

ST.TROPEZ



## Þú getur verið viss um að fá þinn fullkomna lit með St.Tropez

Viðurkenndar St.Tropez stofur á Íslandi í dag eru:

Snyrtistofan Ágústa – Reykjavík
552-9070

Snyrtistofan Lipurtá - Hafnarfirði
565-3331

Snyrtihofið – Vestmannaeyjum
481-2230

Abaco Spa - Akureyri
462-3200

Snyrtistofan Sif - Sauðárkróki
453-6366

Dekurstofan Dagný - Ísafirði
823-3500

Systrasel Snyrti og húðmeðferðarstofa - Reykjavík
588-6690

Snyrtistofan Gyðjan - Reykjavík
553-5044

# Sveitabrúðkaup og hlöðuveisla


Eyrún var alltaf staðráðin í að gifta sig í brúðarkjól móður sinnar. Hún saumaði hins vegar jakkafötin á bóndann. MYNDIR/RUTH ÁSGEIRSDÓTTIR

**Eyrún Birna Jónsdóttir og Arnór Halldórsson héldu sannkallað sveitabrúðkaup í júní í fyrra. Vígslan fór fram í Hallgrímskirkju í Saurbæ en veislan var haldin í hlöðu að Þórisstöðum við Þórisstaðavatn. Eyrún, sem stundar nám í kjólasaum við Tækniskólann, var í brúðarkjól móður sinnar en saumaði fötin á Arnór sjálf. Dagurinn er henni enn í fersku minni og er hún uppfull af hugmyndum og fróðleik sem hún féllst á að deila.**

Við vorum bæði staðráðin í að halda sveitabrúðkaup. Við erum reyndar hvorugt úr sveit en finnst gaman í útilegum, erum söngelsk með eindæmum og finnst fátt skemmtilegra en að glamra á gítar. Við leituðum um allt land að rétta staðnum. Við skoðuðum mörg félagsheimili en mig langaði helst að halda veisluna í hlöðu og loks duttum við niður á hlöðuna að Þórisstöðum. Sú staðsetning kom sér afar vel því við eigum sumarbústað í Svínadal. Við fengum hlöðuna afhenta viku fyrr og gátum því dundað okkur við að skreyta í góðu tómi. Gestirnir komu svo margir daginn fyrir veisluna og tjölduðu á túninu. Aðrir komu samdægurs og urðu ýmsar skemmtilegar uppákomur sem tengdust því. Sumir áttu erfitt með að finna staðinn, aðrir urðu bensínlausir og einn gekk inn í vitlaust brúðkaup," rifjar Eyrún upp og hlær. „Ég var sjálf svolítið sein á staðinn en fannst það bara undirstrika afslappaða sveitastemninguna."

Fjölskyldan lagðist öll á eitt við undirbúninginn en bróðir Eyrúnar, Jón Ásgeir Jónsson, sem vinnur hjá Skógræktarfélagi Íslands, sagaði niður tréskífur undir kerti og blómavasa á borðunum og útvegaði jafnframt birkigreinar til að skreyta með. Systir hennar Elva Rakel Jónsdóttir hjálpaði til við eftirrétti og skraut. Vinkona Eyrúnar, Birta Björnsdóttir, farðaði og greiddi. Móðir hennar, Anna Karen Ásgeirsdóttir, gerði svo brúðarvöndinn og kransinn í hárið og notaði blóm í stíl við þau sem voru í hennar eigin vendi á sínum tíma. Blómin kölluðust á við gula brúðarskóna en þeir voru að sögn Eyrúnar vandfundnir. „Gulur er uppáhaldslitur okkar beggja og mig langaði endilega að finna mér gula brúðarskó. Eftir mikla leit endaði ég á að kaupa sandlitaða skó. Ég fékk svo leðurhönnuðinn Eygló Eyjólfsdóttur til að mála þá fyrir mig."

Móðir Eyrúnar prjónaði líka lopapeysur á fjölskylduna sem komu sér vel í kaldri sumarnóttinni. Öll skemmtiatriðin voru heimagerð og stemningin afslöppuð. „Við búum svo vel að vera umkringd hæfileikafólki og stóð veislan fram undir rauðamorgun."

Eyrún var eingöngu með hvítt skraut en keypti persneskar mottur í Góða hirðinum til að fá smá hlýleika á gólfin.

Á hverju borði voru miðar með ástarlögum og þegar gestir heyrðu sitt lag máttu þeir ganga

Giftingar Siðmenntar eru persónulegar, hlýjar og á léttum nótum.

Frá 2007 hafa athafnarstjórar Siðmenntar leitt pör í hjónabönd og það er ánægja þeirra og stolt að vanda til undirbúnings og athafnar.
Á sumrin eru giftingar úti við í náttúrunni vinsælar hjá Siðmennt og athafnarstjórar félagsins fara hvert á land sem er.

Sótt er rafrænt um athafnarstjóra á vefsíðu félagsins, sidmennt.is

SIÐMENNT



Frá maí 2013 hafa giftingar athafnarstjóra Siðmenntar verið löggildar. Siðmennt er skráð lífsskoðunarfélag sem byggir á veraldlegum húmanisma. Athafnir Siðmenntar eru opnar öllum óháð aðild í trúfélag eða lífsskoðunarfélag.

Ljósmynd: Lárus Sigurðarson

að matarborðinu. Þá voru á borðunum pappírsgoggar með sætaskipan sem höfðu að geyma ýmsar skemmtilegar þrautir sem gestir áttu að leysa. Grillvagninn sá um matinn sem var að sögn Eyrúnar upp á tíu og krafðist jafnframt lágmarksfyrirhafnar sem hentar vel úti í sveit.

Eyrún Birna stundar sem fyrr segir nám í kjólasaum og hefur saumað ófáa brúðarkjóla í gegnum tíðina. Hún segir þó aldrei hafa komið til greina að sauma eigin kjól. „Ég hef alltaf verið staðráðin í að gifta mig í kjólnum hennar mömmu. Hún gifti sig um tvítugt og þurfti að skrapa saman fyrir honum á sínum tíma. Mér fannst hann hæfa sveitinni vel. Það sama má segja um kransinn.

vera@365.is



Borðin voru merkt með ástarlögum. Hver gestur fékk svo pappírsgogg með þrautum að leysa.



Móðir Eyrúnar prjónaði lopapeysur á fjölskylduna sem komu sér vel í hlöðuveislunni.



Gulur er uppáhaldslitur hjónanna. Eyrún gerði mikla leit að gulum brúðarskóm en endaði á að láta mála þessa.



Eyrún og Arnór skreyttu með birkigreinum, hvítum pappalugtum og persneskum mottum. Inni í lugtunum voru LED-perur sem gengu fyrir batteríi.


BALLARINI GRANITIUM

Potturinn og pannan

í ítölsku eldhúsi














Hágæða ítölsk hönnun þar sem notagildi og útlit fara saman.

Pottarnir og pönnurnar eru graníthúðuð,
sem gerir þau sérstaklega sterk og þola þau m.a. stáláhöld.

Stórglæsilegt útlit og hönnun sem er hverju eldhúsi til sóma.

FASTUS

Veit á vandaða lausn

FASTUS_F_11.03.15

Fastus ehf. • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is
**Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00**

# *Nándin má ekki gleymast í amstri dagsins*

Algengasta orsök þess að brestir koma í hjónaband er sú að það gleymist að viðhalda nándinni í hversdagslegu amstri.
Kjartan Pálmason, hjónabandsráðgjafi hjá Lausninni, Fjölskyldumiðstöð segir mikilvægt að hjón haldi áfram að sinna sambandinu sérstaklega eftir að nýjabrum tilhugalífsins er farið af.

„Þegar venjuleg rútína er komin í horf virðist oft sem fólk haldi að þar með sé þetta bara komið. Vaknar svo upp einhverjum árum síðar við það að gjá hefur myndast milli þeirra. Það er hætt að hafa löngun til að snertast og vera saman, annað komið í tölvuna og hitt fyrir framan sjónvarpið á kvöldin. Það er gríðarlega mikilvægt að halda áfram að sinna sambandinu þótt fólk sé þreytt og hafi mikið að gera og börn komin í spilið. Þetta er vinna.“

Kjartan útskýrir að í tilhugalífinu sé fólk að kynnast hvort öðru og læra á hvort annað. Þegar fólk fari að búa saman móti það sambandið og þannig viðhaldi það nánd. Galdurinn sé að sofna ekki á verðinum.



„Það má líkja sambandinu við stöðuvatn. Um leið og hættir að renna í vatnið fer það að fúlna. Þegar búið er að kenna makanum allt, allar sögurnar búnar, yfirtekur rútínan. Halda þarf áfram að sækja nýjar sögur, orku og brandara inn í sambandið til að vekja áhuga og tengingu við makann. Þótt mikilvægt sé að eiga eigin áhugamál og fá frelsi frá heimili og börnum til að ná í eitthvað nýtt til að segja frá og tala um, er nauðsynlegt að eiga sameiginlegt áhugamál. Hjón þurfa að upplifa hluti saman án þess að vera með athyglina annars staðar og finna hvað er gaman að gera saman,“ segir Kjartan.








Brynja Valdís segir brúðhjón eiga að velja veislustjóra sem þau treysta til að gleðja gestina og sjái til þess að dagurinn verði eftirminnilegur. MYND/GVA

# Að skapa fallega umgjörð um daginn

**Starf veislustjóra brúðkaups er mikilvægt og hefur frammistaða hans mikið að segja um það hvernig veislan tekst. Það er gott að veislustjóri sé vel undirbúinn, skipulagður, jákvæður og hafi gaman af því sem hann er að gera.**

Til þess að brúðhjón og gestir þeirra geti slakað á og notið brúðkaupsveislunnar er gott að hafa veislustjóra til að halda utan um hana. Í mörgum veislum er einn veislustjóri látinn duga en í brúðkaupum er sá háttur oft hafður á að tveir aðilar sjá um veislustjórnina, einn sem er tengdur brúðgumanum og annar brúðinni. Þegar tveir sjá um stjórnina er góð samvinna nauðsynleg.

Brynja Valdís Gísladóttir, leikkona og skemmtikraftur, er reyndur veislustjóri. Hún segir að brúðhjón ættu að velja veislustjóra sem þau treysta til að sjá um skipulagið og gleðja gestina og sjá til þess að dagurinn verði eftirminnilegur fyrir alla. „Það hefur færst í aukana að brúðhjón velji að fá utanaðkomandi veislustjóra, í stað fjölskyldumeðlims eða vina þannig að fjölskylda og vinir geti slakað á og notið veislunnar með brúðhjónum.“

## Góður undirbúningur skiptir mestu máli

Brynja Valdís segir góðan undirbúning vera veislustjórum mikilvægur. „Það er sniðugt að setja nafn, símanúmer eða netfang hjá veislustjóra á brúðkaupsboðskortið svo veislugestir geti haft samband með góðum fyrirvara ef þeir ætla að halda ræður eða slíkt. Gott er að veislustjórinn byrji á að hitta brúðhjónin snemma í ferlinu og heyra eftir hverju þau sækjast og hvernig þau vilja hafa veisluna. Veislustjórinn getur svo komið með tillögur sem henta. Að sjálfsögðu þarf veislustjóri að fá upplýsingar um veisluna og um brúðhjónin sjálf, eins og til dæmis staðsetningu veislu, tímasetningar, fjölda gesta, matseðil, símanúmer hjá þeim sem eru með ræður og atriði, hann þarf að athuga tæknimál fyrir hljóð og myndbönd og skoða veislusalinn. Þegar nær dregur brúðkaupinu þarf að fylgja þessu öllu eftir, fá upplýsingar um lengd á ræðum og atriðum svo hægt sé að sjá hvernig best er að haga dagskránni og prenta út dagskrárgrind þar sem búið er að raða upp tímasetningum fyrir matinn og atriði til þess að allt smelli saman á brúðkaupsdeginum. Á sjálfum brúðkaupsdeginum ætti svo allt að vera tilbúið, veislustjórinn ætti að vera með alla þá sem ætla að halda ræður og atriði á blaði hjá sér og sniðugt er að prófa myndbönd í salnum áður en veisla hefst til að koma í veg fyrir tæknivandamál þegar veislan er hafin. Á brúðkaupsdegi mætir veislustjóri á staðinn áður en gestir og brúðhjón mæta til að hljóðprófa, fara yfir dagskrána og sjá til þess að allt sé eins og það á að vera,“ útskýrir Brynja Valdís.

## Dagskrá á léttu nótunum

Það er misjafnt eftir brúðkaupsveislum hversu mörg ræðuhöld og skemmtiatriði eru en oftast eru nokkrar ræður og skemmtiatriði eins og söngur, brúðkaupsleikur og gæsa- og steggjamyndbönd. Til þess að veislan verði sem skemmtilegust segir Brynja Valdís það hafa reynst henni vel að láta dagskrána ganga nokkuð þétt og skipulega fyrir sig og halda henni á léttu nótunum. „Þó er einnig mikilvægt að fólk fái frið til að borða og tala saman án þess að annað sé í gangi. Þegar ég sé um veislustjórn reyni ég að sjá til þess að samspil matar og atriða vinni saman og svo er ég með skemmtiatriði sjálf á milli þess að kynna inn aðra dagskrárliði.“

## Veislustjóri með ýmsa kosti

Gott er að sá sem er valinn til þess að vera veislustjóri eigi auðvelt með að koma fram. „Það er ekki verra að hann hafi reynslu af því að veislustýra, sé vel undirbúinn, stundvís, skipulagður, jákvæður og hafi gaman af því sem hann er að gera. Það er líka gott að veislustjóri kunni að lesa salinn og geti brugðist við óvæntum uppákomum,“ segir Brynja Valdís og brosir.

Af þessu má sjá að gott er að hugsa sig vel um hver eigi að sjá um veislustjórn í brúðkaupinu enda nokkur ábyrgð sem hvílir á herðum stjórans. ■ liljabjork@365.is




















**FLEIRI MYNDIR Á FACEBOOK!**

Vertu vinur okkar á Facebook

# hjá Hrafnhildi

- **Engjateigur 5**
- **Sími 581 2141**
- **www.hjahrafnhildi.is**

# Súkkulaðidraumur á þremur hæðum

Bakaradóttirin **Eva Rún Michelsen** er áhugakona um fallegar kökuskreytingar og bragðgóðar tertur. Hún hefur oft verið beðin að gera brúðartertur fyrir vini og vandamenn. Hér er hún búin að gera hvíta fallega brúðartertu með lifandi blómum.

Eva Rún heldur úti vinsælu bloggi um kökur og kökuskreytingar sem heitir kokudagbokin.is. Hún fær um 250 heimsóknir á dag. „Þessi terta sem ég gef uppskrift að heitir súkkulaðitrufflukaka. Þetta er massíf súkkulaðiterta á þremur hæðum," segir hún. „Ég byrjaði að æfa mig í skreytingum um tvítugt þegar ég eignaðist mitt eigið eldhús. Þetta er mjög skemmtilegt áhugamál og líklega í genunum því amma og afi ráku Másbakarí í Þorlákshöfn til fjölda ára. Pabbi er líka bakari og sömuleiðis bróðir hans," segir Eva en hún gaf okkur einnig uppskrift að glæsilegum kökum í fermingarblaði Fréttablaðsins.

Starfsfólk í húsi sjávarklasans á Granda, þar sem Eva er framkvæmdastjóri, nýtur góðs af áhugamáli hennar þar sem oft eru kökur á borðum. „Þetta er hús sem hýsir ýmis fyrirtæki í haftengdum greinum," útskýrir hún. „Um helgar og á kvöldin dunda ég mér í eldhúsinu og skrifa blogg. Ég reyni alltaf að eiga eitthvað með kaffinu en er þó ekki alveg eins og amma að því leyti. Hún var alltaf með fullan frysti af tertum."

Eva Rún segir að súkkulaðitrufflukakan sem hún gefur uppskrift að sé afar bragðgóð. „Ég hef það markmið að það sé ekki nóg að hún sé falleg. Kakan verður að vera góð."

■ elin@365.is

## Súkkulaðitrufflukaka

Meðfylgjandi er uppskriftin að tertunni, þetta er einföld uppskrift en til að gera þriggja hæða tertu í stærðunum sem eru á myndinni, 12x10 / 20x10 / 30x10 (þvermál hringforms x hæð) þarf að gera sjöfalda uppskrift.

### Botn

- 200 g 66% Madagascar-súkkulaði frá Omnom Chocolate, eða annað dökkt súkkulaði, 56-70%
- 250 g ósaltað smjör
- 350 g púðursykur
- 5 egg
- 140 g hveiti
- 1,5 tsk. Madagascar Bourbon-vanilludropar

### Aðferð

1. *Smyrjið tvö 15 cm há hringform og klæðið með smjörpappír.*
2. *Bræðið súkkulaðið yfir sjóðandi vatni og leggið til hliðar.*
3. *Hrærið saman smjör og púðursykur í hrærivél þangað til vel kremað.*
4. *Þeytið eggin létt áður en þeim er blandað saman við smjörið og púðursykurinn.*
5. *Blandið súkkulaðibráðinni saman við allt saman og hrærið.*
6. *Bætið hveitinu saman við með sleif.*
7. *Bakið í tveimur 15 cm hringformum við 140°C með viftu (160°C án viftu) í miðjum ofni í 45 mínútur. Ef þið eruð með aðra stærð dragið frá eða bætið 20 mín. við baksturinn fyrir hverja 5 cm breytingu á stærð formsins. Leyfið kökunni að kólna alveg í forminu áður en hún er sett saman. Annars getur hún misst lögunina þar sem hún er frekar blaut.*

### Krem

Það þarf a.m.k. þrjár og hálfa uppskrift af þessu kremi til að setja á milli og þekja þriggja hæða tertu en það þarf einungis hálfa uppskrift fyrir einfalda 15 cm tertu.

- 175 g 66% Madagascar-súkkulaði frá Omnom (eða annað dökkt á bilinu 56-70%)
- 125 ml rjómi
- 250 g ósaltað smjör, mjúkt
- 500 g flórsykur
- 1 tsk. Madagascar Bourbon-vanilludropar

### Aðferð

1. *Brytjið súkkulaðið og setjið í hreina skál.*
2. *Hitið rjómann að suðu og hellið yfir súkkulaðið, hrærið vel saman þangað til gljáandi og að fullu bráðnað og leggið til hliðar.*
3. *Hrærið saman smjör, flórsykur og vanilludropa þar til kremið er vel loftkennt og hvítt.*
4. *Blandið súkkulaðirjómablöndunni saman við allt saman.*
5. *Setjið á milli botna og utanum tertuna.*

### Skreyting

Tertan er skreytt með royal icing, stútur nr. 1 til að gera línur, nr. 2 í doppur/perlur og nr. 17 í skelina kringum tertuna. Blómin eru tegund af orkídeu sem ég fékk hjá Möggubrá.

- Eggjahvíta úr miðlungsstóru eggi
- 350 g flórsykur
- Safi úr ½ sítrónu, sigtaður gegnum tesíu



Eva Rún Michelsen með þriggja hæða fallega skreytta súkkulaðiköku. Eva nostraði við skreytinguna eins og sjá má á öllum litlu perlunum sem hún bjó til. Blómin er lifandi. MYND/GVA

### Aðferð

*Eggjahvíta þeytt lítillega fyrst, flórsykri blandað saman, rólega fyrst, svo á meiri hraða í eina mínútu. Bæta sítrónusafanum við í lokin og þeyta á miðlungshraða í eina mínútu. „Það þarf um 2 kg af sykurmassa yfir svona stóra tertu, eftir því hversu þykkur massinn er. Síðan fór einföld uppskrift af royal icing í mynstrið. Tertuna má geyma í kæli í allt að 10 daga eftir að hún er samsett. Einnig má frysta hana en þá þarf hún að þiðna yfir nótt í kæli."*




## *Hver er æskilegur fatnaður fyrir brúðgumann?*

Yfirleitt er það meira mál fyrir brúðina en brúðgumann að finna hinn eina rétta fatnað fyrir stóra daginn. Þó eru til reglur fyrir hann ekki síður en hana og þær eru formlegar. Eftir því sem siðareglur segja fer það eftir því hvenær dagsins brúðkaupið fer fram hvernig herrann skal klæðast.



Fallegur og nútímalegur smóking frá bandaríska hönnuðinum Ralph Lauren.

Ef brúðhjón kjósa að gifta sig að morgni dags ætti brúðguminn að klæðast svokölluðum Ascot-fatnaði, það er bláum eða dökkum jakka við gráar buxur og grátt vesti.

Fyrir síðdegisbrúðkaup á hann að klæðast dökkum fötum. Ef þetta er formlegt brúðkaup skal hann vera í smóking. Allir karlmenn eru flottir í smóking en í dag geta þeir verið mismunandi að stíl og lit.

Ef brúðkaupið er ofurformlegt um kvöld kallar það á svört kjólföt með viðeigandi fylgihlutum. Ef um slíkt brúðkaup er að ræða þarf að taka fram að um æskilegan klæðaburð sé að ræða í veislunni, „dress code".

Brúðguminn á að klæðast svörtum, vel burstuðum skóm og vera í svörtum sokkum. Ef brúðguminn ákveður að gifta sig í hvítum kjólfötum eiga skórnir að vera í fílabeinslit og sokkar ljósir. Brúðgumi á ekki að bera skartgripi.

Brúðgumi ætti að finna sér góðan afgreiðslumann þegar hann velur smóking sem aðstoðar með snið og stærð. Best er að velja fötin þremur mánuðum fyrir brúðkaupið svo nægur tími gefist til breytinga ef með þarf. Allir vilja líta vel út á þessum degi. Brúðgumi ætti að vera með sömu tegund af blómi í barminum og er í brúðarvendi brúðarinnar.



# Fullkominn gleðidagur

Spænsku **Freixenet cava-freyðivínin** njóta mikillar hylli og eru vinsæl í veislur. Gæðin þykja enda afar góð auk þess sem verðið er mjög hagstætt.

Freixenet-freyðivínin koma frá bænum Sant Sadurní d'Anoia skammt frá Barcelona. Þar hóf Sala-fjölskyldan vegferð sína í framleiðslu og útflutningi á Freixenet-freyðivínunum fyrir um 150 árum. Fyrir Sala-fjölskyldunni fer José Ferrer Sala. „Hvað er leyndarmálið á bak við gott vín? Það er ekki til. Landið sjálft og vínviðurinn gefa okkur það besta af sér. Við aukum svo á fínleikann, reynsluna og hugvitsemina til að gera vínin góð," segir José Ferrer Sala um hvað Freixenet stendur fyrir.

Cava er í raun nafnið sem notað er yfir þau freyðivín sem framleidd eru á Spáni. Cava-vínin fara alltaf í gegnum tvær gerjanir og fyrir vikið verða vínin þéttari og ríkulegri. Til gamans má geta að Freixenet-freyðivínin voru fyrstu fáanlegu cava-freyðivínin hérlendis. Þau eru enn til sölu í Vínbúðunum í dag og njóta mikillar hylli.

## Ljúffengur drykkur í brúðkaupum

Tvær tegundir af ljúfum Freixenet-freyðivínum henta sérlega vel sem fordrykkur, í standandi veislur með fingramat og að sjálfsögðu í brúðkaupsveislurnar. Þetta eru annars vegar Cordon Negro Brut-freyðivínið og hins vegar Freixenet Cordon Rosado-Brut.

## Cordon Negro Brut-freyðivínið

Nútímalegt cava-vín, með hressandi og flottan stíl, þrúgurnar í því eru Macabeo, Xarel-lo og Parellada. Vínið er látið eldast í 10 til 14 mánuði.

Freixenet Cordon Negro Brut var valið best af vinsælustu freyðivínunum í Vínbúðunum í desember 2012. Vínið er ljóssítrónugullið, fersk sítróna og eplatónar í angan, vínið hefur létta fyllingu, er þurrt með góðan ávöxt og fínlegt.

## Freixenet Cordon Rosado Brut

Ávaxtaríkt og milt. Það er búið til úr þrúgunum Trepat og Garnacha og er látið eldast í 12 til 18 mánuði. Freixenet Cordon Rosado Brut er ljós jarðarberjarautt, léttleikandi og ferskt freyðivín. Þroskuð sólber og jarðarber koma fram vel fram í bragði þess. Fylling vínsins er létt og í heildina er Freixenet Cordon Rosado Brut mjúkt og aðlaðandi vín.

> **Cava er í raun nafnið sem notað er yfir þau freyðivín sem framleidd eru á Spáni.**




Tvær tegundir af ljúfum Freixenet-freyðivínum henta sérlega vel í brúðkaupsveislurnar.



Freixenet-freyðivínin koma frá bænum Sant Sadurní d'Anoia á Spáni.

AFSLÁTTAR
DAGAR
Í TÉKK-KRISTAL
FIMMTUDAG, FÖSTUDAG & LAUGARDAG
iittala
TILBOÐ
MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM ÚTSKRIFTAR-GJÖFUM FYRIR DÖMUR OG HERRA
Full búð af fallegum brúðkaupsgjöfum.
Tilvonandi brúðhjón verið velkomin að skrá óskalistann ykkar.
Hnífaparatöskur 14 teg. TILBOÐ
-20% Söfnunarglös
-20% Matar- og kaffistell
Söfnunarhnífapör -20%
-20% Global hnífar
-20% Fyrir heitt eða kalt
Hitaföt, 5 litir
NÝTT KORTATÍMABIL
OPNUNARTÍMI
Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16
ERUM EINGÖNGU Á LAUGAVEGI 178
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími. 568 9955

Til hvers að flækja hlutina? 365
SJÁLFKRAFA
Í BESTA ÞREP!
365.is | Sími 1817


Chanel


Theia
Carolina Herrera
Marchesa
Monique Lhuillier
Oscar De La Renta

# Gengið inn kirkjugólfið

Brúðarkjólatíska vorsins 2015 var sýnd á tískupöllunum síðastliðið vor enda ekki ráð nema í tíma sé tekið þegar velja á kjólinn fyrir stóra daginn, sér í lagi ef hann á að vera eftir einn af þekktari hönnuðum bransans.


Vera Wang


STRADA HILLA kr. 29.500
BETINA SKÁPUR kr. 74.000
GÓLFLAMPI kr. 43.700
DIONE STÓLL kr. 98.700
80 cm
kr. 9.900
160 cm
kr. 16.900
FLINGA TÍMARITAHILLUR
TVÆR STÆKKANIR FYLGJA MEÐ
MONICA BORÐSTOFUBORÐ 90X180/270 kr.157.800
PORGY STÓLL kr. 17.700
ASTRID EIKARSKENKUR kr. 211.400
HÚSGÖGN Á LÉTTU NÓTUNUM
- GJAFABRÉF OG GJAFALISTAR FYRIR BRÚÐHJÓN -
2 SAMAN Í SETTI
YUMI BORÐ kr. 28.400
GENA STÓLL kr. 19.700
HANGANDI LJÓS kr. 31.900
AMI STÓLL kr. 19.900
SÓFABORÐ 80 CM kr. 32.400
AVIGNON SÓFI 208 CM kr. 186.600
BEKKUR kr. 27.900
DIXIE SÓFABORÐ STÓRT kr. 48.300 / LÍTIÐ kr. 29.900
BETINA EIKARSKENKUR 170 CM kr. 144.700
GYRO kr. 163.400
SMILE SÓFI 217 CM kr. 184.900
LÍNAN
BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16




Jón Arilíus KÖKULIST /Kokulist

Firði Hafnarfirði Sími 555 6655 - 662 5552 • kokulist@kokulist.is



Kalkúnabringur eru góður kostur á veisluborðið.

# Kalkúnabringur með granateplum

**Í sumum brúðkaupum hjálpast fjölskyldan að við að búa til veitingar, aðrir kjósa að kaupa matinn tilbúinn. Fyrir þá sem ætla að útbúa matinn sjálfur eru kalkúnabringur mjög góður kostur. Þær eru bragðgóðar og flestum finnst kjötið gott. Með kalkúnabringum er hægt að hafa kartöflubáta, soðið grænmeti og waldorf-salat ásamt góðri sósu.**

Ef fjörutíu manns eru í veislunni þarf eftirfarandi magn. Athugið að reiknað er með að eitt kíló dugi fyrir fjóra.

**10 kg kalkúnabringur**
**10 tsk. salt**
**6½ tsk. pipar**
**14 msk. smjör til steikingar**
**20 stilkar ferskt estragon**
**Til skreytinga**
**7 appelsínur**
**7 granatepli**

*Geymið kjötið við stofuhita áður en það er kryddað en þá verður kjötið bragðmeira þegar það er steikt.*

*Nuddið kjötið með salti og pipar. Brúnið bringurnar í smjöri á öllum hliðum. Leggið síðan í eldfast form eða ofnskúffu ásamt fersku estragoni. Hitið ofninn í 125°C og steikið í að minnsta kosti tvær klukkustundir. Ofnar hitna misjafnlega vel og þess vegna verður að mæla kjötið. Þegar kjöthitamælirinn sýnir 65°C er kjötið tekið út og látið hvíla í að minnsta kosti 15 mínútur áður en það er skorið niður.*

*Skerið kjötið í fallegar sneiðar og raðið á fat. Setjið appelsínubáta og granateplakjarna í kringum kjötið ásamt fersku estragoni.*

## Rjómasósa

Þessi sósa hentar einstaklega vel með kalkúnabringum. Auðvelt er að búa hana til. Uppskriftin er einföld, miðast við 4-6, þannig að það þarf að stækka hana fyrir stærri gestahóp.

*Það sem þarf*
**2 dl hvítvín**
**4 dl gott kjúklingasoð**
**2 dl rjómi**
**soð frá bringunum**
**salt og pipar**
**estragon og steinselja**

*Sjóðið niður vínið þar til 1/3 er eftir. Bætið þá soði saman við og látið malla í 5 mínútur. Þá er rjómanum bætt saman við og soði af bringunum. Bragðbætið með salti og pipar. Í lokin er smátt saxað estragon og steinselja sett út í. Sósuna má þykkja með maizena.*

## Waldorf-salat

Þetta salat passar einstaklega vel með kalkúni og sömuleiðis reyktu kjöti en oft er boðið upp á reykt svínakjöt og kalkúnabringur saman á veisluborði. Athugið að uppskriftin miðast við átta manns þannig að það þarf að stækka hana eftir þörfum eða gera þessa uppskrift í nokkrar skálar.

**6 græn epli**
**5 sellerístönglar**
**1 lítið box ananas í bitum**
**100 g valhnetur**
**2½ dl majónes**
**2½ dl stífþeyttur rjómi**
**½ sítróna**
**300 g blá vínber**

*Afhýðið eplin, fræhreinsið og skerið í bita. Skerið sellerí smátt. Blandið majónesi og þeytta rjómanum saman. Eplin, sellerí, ananas, vínber og valhnetur eru sett í skál og majónes og rjómanum blandað saman við. Bragðbætið með smá sítrónu- og ananassafa. Skreytið með valhnetum og vínberjum.*





LITMYND
Þekking – Fagmennska – Áreiðanleiki

Litmynd | Kirkjustétt 2-6 | Sími: 445-2640
www.litmynd.is | litmynd@litmynd.is


Gefandi dagur
1.850,-
VISIONÄR skraut
Ø50cm. Ýmsar tegundir/ýmsir litir
IKEA 365+ kaffibolli
og undirskál 450,-
20cl. Hvítt
Nýtt
3.990,-/3 í setti
KÄRESTA gjafaöskjur
Ø14, 24 og 36cm. Grænt
Einnig til bleikt
Nýtt
290,-/4 í pk.
KÄRESTA skrautfiðrildi
Ýmsar stærðir. Pappír/grænt
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
IKEA®
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is



## TÁKNRÆN JAPÖNSK BRÚÐKAUPSKAPELLA

**Tveir stigar** sem sveigjast eins og borðar utan um glerbyggingu mynda afar sérstæða og fallega brúðkaupskapellu nærri Hiroshima í Japan. Höfundur kapellunnar er arkitektinn Hiroshi Nakamura frá Tókýó.

Mannvirkið er 15,4 metrar að hæð og er byggt í grösugum brekkum á lóð hótelsins Bella Vista Sakaigahama.

Stigarnir eru táknrænir fyrir þá einingu sem hjónabandið er. „Líkt og tvö líf taka mismunandi stefnur og beygjur áður en þau bindast í hjónabandi, þannig tengjast spíralarnir tveir í einn borða," segir Nakamura.

Brúðkaupin fara að mestu fram innan glerveggja kapellunnar. Hjónavígslan sjálf fer hins vegar fram á toppi byggingarinnar og ganga brúðurin og brúðguminn upp sinn stigann hvort en fara saman niður.

## MORGUNGJAFIR BRÚÐGUMANS

**Morgungjafir frá** brúðguma til brúðar sinnar hafa lengi tíðkast hér á landi og víða um heim. Eins og nafnið gefur til kynna færir brúðgumi brúði sinni gjöfina að morgni, daginn eftir giftingu, þótt vissulega þekkist að hún sé gefin að kvöldi giftingardags áður en þau ganga í eina sæng.



Óhætt er að segja að langalgengasta morgungjöfin sé einhvers konar skartgripur, til dæmis fallegur hringur eða hálsmen. Þeir sem vilja ganga lengra og gefa eftirminnilegri gjöf láta gjarnan smíða persónulegan skartgrip fyrir verðandi eiginkonu sína.

En þótt skartgripir gleðji eru ýmsir aðrir möguleikar í stöðunni. Fallegt armbandsúr er auðvitað oft hálfgerður skartgripur og gengur vel sem morgungjöf. Persónulegt myndaalbúm þar sem brúðguminn setur saman fallegt myndasafn í tímalínu, frá því þau hittust og fram að giftingardegi, er falleg og persónuleg gjöf. Þá er gjarnan skrifaður stuttur texti og falleg minningabrot við hverja mynd og bókin jafnvel skreytt með ýmsum persónulegum munum frá fyrri árum sambandsins eins og aðgöngumiðum, þurrkuðu blómi eða gömlum afmæliskortum.

Þeir sem vilja vera hugmyndaríkir og koma á óvart geta nefnt stjörnu í höfuð sinnar heittelskuðu fyrir rétt rúmlega 10.000 kr. Sú gjöf gæti fylgt með sem aukagjöf með stærri gjöf.

# *Vinsælar kirkjur*

Flestir vilja gifta sig í Garðakirkju í Garðabæ, samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu. Garðakirkja stendur á Álftanesi og tilheyrir Garðaprestakalli. Kirkjan stendur í Görðum í Garðabæ, sem er með elstu kirkjustöðum á landinu. Þar hefur staðið kirkja frá fornu fari. Gömul timburkirkja var orðin hrörleg þegar núverandi kirkja var reist. Garðakirkja er falleg bygging, hún var fyrst reist á þessum stað árið 1879 en það var heldur ofar en gamla kirkjan stóð. Hún var síðan endurbyggð og endurvígð árið 1966.

Aðrar vinsælar kirkjur til hjónavígslu eru Lágafellskirkja í Mosfellsbæ, Hafnarfjarðarkirkja, Bessastaðakirkja, Dómkirkjan, Laugarneskirkja, Háteigskirkja, Hallgrímskirkja og Safnkirkjan í Árbæ. Þá er Þingvallakirkja sömuleiðis vinsæl.






TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

BORGUN TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við BORGUN



CUBE

SHIMANO

CUBE 2015 REIÐHJÓLIN ERU KOMIN!

CUBE 2015

HAFÐU SAMBAND

35% AFSLÁTTUR AF

CUBE 2014

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

WWW.TRI.IS

- Opnunartími @ TRI VERSLUN -

Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga kl. 10:00 til 16:00












**Í STUTTU** Leikkonan vakti mikla athygli þegar hún klæddist þessum gyllta Dior-kjól á sýningu Christian Dior á tískuvikunni í París í fyrrasumar.



**MEÐ UNNUSTANUM** Leikarinn Sean Penn og Charlize trúlofuðust undir lok árs í fyrra. Þau voru glæsileg saman á verðlaunaafhendingu í febrúar síðastliðnum þar sem hún klæddist hárauðum Dior-síðkjól.



**LJÓMANDI** Charlize ljómaði í þessum perluskreytta svarta Givenchy-kjól á galakvöldi í janúar.



**GLÆSILEG** Charlize Theron vakti fyrst athygli fyrir flottan klæðaburð á Óskarsverðlaunaathöfninni árið 2000.

NORDIC PHOTO/GETTY

# STÍGUR VART FEILSPOR

**TÍSKUFYRIRMYND** *Það byrjaði allt á Óskarsverðlaunahátíðinni árið 2000 þegar Charlize Theron mætti í appelsínugulum Veru Wang-kjól. Þá sáu allir að þar var komin kona sem vert væri að fylgjast með á rauða dreglinum.*

Aðdáendur leikkonunnar Charlize Theron bíða eflaust spenntir eftir að fá að berja hana augum í spennumyndinni Dark Places sem verður frumsýnd í Frakklandi í næsta mánuði. Leikkonan suðurafríska hefur lengi verið talin ein af best klæddu konum heims og hafa ákvarðanir hennar þegar kemur að fatavali, líkt og val á hlutverkum, verið djarfar og ógleymanlegar. Myndirnar tala best sínu máli og eins og sjá má lítur Charlize vel út í nánast öllu, sama hvort það er stuttur eða síður kjóll, eða buxur og jakki.



**SUMARLEG Í GUCCI** Theron var sumarleg á dögunum í stuttum og flegnum kjól við frumsýningu myndarinnar Gunman sem unnustinn leikur í.



**ÖLL Í HVÍTU** Fáguð og nútímaleg í hvítri dragt frá Barbara Bui.

## BÍLAR & FARARTÆKI

CLASSICBILAR.IS
Bílasala



MERCEDES-BENZ C 220cdi Station Avantgarde Blue-Efficency. Árg 2012 Facelift, ek 155 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur vel útbúinn. ásett 5.950þ Skoðar Skipti. Rnr.100391. ATH!! Gott Staðgreiðsluverð !

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**http://classicbilar.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi


BÍLA GALLERÍ



CHEVROLET Captiva 7 manna. Dísel, Árgerð 2012, ekinn 69 Þ.km, Sjálfsk. Verð 4.490þ. Rnr.100324. Toppeintak !



Toyota Land Cruiser 150VX. 2.2014, Ekinn 8 Þ.km, Dísel, Leður, ofl. Verð 11.9 Raðnr 100265 Bílagallerí.is Einnig 150GX á staðnum.



AUDI Q7 4x4 3.0 Dísel, 7 manna. 4.2012, Ekinn 44 Þ.km, Leður, Glerþak, Off road pakki, ofl . Verð 10.5 Rnr.100316 Bílagallerí.is

**Bílagallerí bílasala**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 554 6700**
**Hagstæð sölulaun ! 2,9 %**
**www.bílagallerí.is**

STÓRA BÍLASALAN

Óskum eftir bílum á staðinn.

Mikil sala.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR FORD F350**
Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hö, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af F350, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN



**BÍLL DAGSINS !**
SKODA Octavia. Árgerð 2005, ekinn 105 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Ásett 1.080.000 Tilboð 990.000. Rnr.219829.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100bilar.is bílasala



BMW 325 XI - 7/2007 - ek 104 þkm - Sportsæti - Professional græjur - Ljósapakki - Loftpúðar í sætum með þrengingu - Flottur bíll - Er á staðnum - Góð heilsársdekk - 4x4 - Verð 3.490.000. Raðnr 151729

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

## 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR 4X4 - TILBOÐ 390 ÞÚS**
SUBARU LEGACY 4WD WAGON 2.0 sjálfskiptur, árgerð ,00 ek 225 þús, skoðaður 16, leður ofl. góður og traustur bíll, ásett verð 590 þús TILBOÐ 390 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 mán s.841 8955


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
SAFT


## 500-999 þús.



**TILBOÐSVERÐ VÍSALÁN Í BOÐI !**
MMC Galant gs 2.4 árg ,04. ekinn 97þús m. sjálfskiptur. ný skoðaður ,16. ný heilsársdekk. smurbók. góður bíll. ásett verð 1.290þús. Tilboðsverð 890þús. 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696



**EKINN AÐEINS 127ÞÚS KM !**
Toyota Corolla station 1.4vvti. árg ,06. ek 127þús km. tímakeðja. glæný heilsársdekk. beinskiptur. samlæsingar. eyðsla ca 7L/100km. fallegur og góður bíll. ásett verð 1.290þús. Tilboðsverð aðeins 990þús. vísalán í boði. s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR FRÁBÆRT VERÐ !**
Renault Megane station 1.6 árg ,04. ek 141þús km. nýleg tímareim. sjálfskiptur. ný heilsársdekk. ný skoðaður ,16. góður plássmikill bíll á frábæru verði. Ásett v:890þús. Tilboðsverð 490þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696

TOURING CARS
GE BÍLAR

# TIL SÖLU
## NOTAÐIR HÚSBÍLAR

**28. mars - 29. mars kl. 11:00 - 16:00**

Komdu og skoðaðu notaða húsbíla. Léttar veitingar í boði.

Mikið úrval. **Verð frá kr. 4.400.000.**
Ekki láta þetta tækifæri framhjá þér fara.

***ÚRVALS BÍLAR Á FRÁBÆRU VERÐI***





KAUPAUKI FYLGIR ÖLLUM SELDUM BÍLUM




Klettatröð 6
Ásbrú
Reykjanesbær

**(ísl) 783 4722**
**(eng) 783 0722**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

XPRENT
- hönnun og merkingar

EKUR ÞÚ UM Á ÓMERKTUM BÍL?
Vel merktur bíll, er ódýrasta auglýsingin!
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

FJARSTÝRÐ MÓDEL Í ÚRVALI.
Tómstundahúsið
Bíldshöfða 18, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is
Finnið okkur á facebook.

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**
- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

ALFA ROMEO FIAT
VARAHLUTIR
S. 5 400 800
DODGE CHRYSLER Jeep

TYLÖ
Allt fyrir sauna- og blautgufu
TÆKJATÆKNI
Smiðjuvegur 11, 200 Kópavogur, sími 571 3770
GSM 860 4460, tt@taekjataekni.is

- Jarðvegsvinna
- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Húsarif
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

EYJALIND
Yale
People. Products. Productivity.
- Dísellyftarar
- Ramagnslyftarar
- Vöruhúsatæki
- Varahlutir

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN
557 7000
www.k2.is
FYRIR EFTIR
Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun.

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**EIGUM TIL ÚRVAL AF VARAHLUTUM Í FLESTAR GERÐIR DRÁTTARVÉLA**
Sérpöntum ef hluturinn er ekki til
VB LANDBÚNAÐUR
Reykjavík: 414-0000
Akureyri: 464-8600
www.VBL.is
Krókháls 5f • 110 Reykjavík /// Baldursnes 2 • 603 Akureyri

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**Startarar og alternatorar**
Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.
Varahluta og viðgerðaþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir
55ár í þjónustu við bíleigendur!
Ljósboginn ehf Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginnehf@simnet.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla.
Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.
OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

**viftur.is**
viftur • blásarar • aukahlutir
-allt á einum stað
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## fasteignir


BRÚ FASTEIGNASALA



Elísabet Agnarsdóttir Lögg fast.

Rúnar Þór Árnason Sölufulltrúi s: 690-0595

Knútur Bjarnason Sölufulltrúi s: 694-4217

**Dalhús 107**

**OPIÐ HÚS Í DAG, FIMMTUDAG 26. MARS KL:17:30 - 18:00**



**SÉRHANNAÐ PARHÚS Á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ Í HÚSAHVERFI**

Húsið er á tveimur hæðum með fjórum góðum svefn-herbergjum og innb. bílskúr, samtals 214,2 fm. Stendur á skjólgóðum stað við opið grænt svæði innst í botnlanga.

**Verð 63,9 millj.**



MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir


## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**

Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.

**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.

**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

### Húsnæði óskast

Óska eftir 4 herbergja íbúð frá 1 mai í tvö ár staðsettning 112, 108, 105, 101 Öruggum og skilvísum greiðslum heitið meðmæli frá frá fyrrum leigusala og leigufélagi uppl. í síma 898 4526

### Atvinnuhúsnæði

Meðleigjandi óskast af skrifstofuherbergi á Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 893 7429

### Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**

Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## ATVINNA

### Atvinna í boði

SÓMI

**SÓMI**

Óskum eftir að ráða mann í eldhúsið hjá okkur, þarf að vera hraustur tala íslensku eða ensku og með góð meðmæli. Vinnutími frá 7 virka daga og 8 á sunnudögum.

**Umsóknir skulu berast á somi@somi.is eða á staðinn.**

Olíudreifing

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR**

**OLÍUDREIFING EHF. ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA Í AFLEYSINGAR.**

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta í Reykjavík. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta á Akureyri. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550 9910.

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta á Reyðarfirði. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

**Umsóknir sendist á odr@odr.is .**

**Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www. oliudreifing.is**

Óska eftir að ráða mann til vinnu sem er á 1-2 ári í framhaldsskóla og vill vinna með skóla og á sumrin. Umsóknir sendist á ingvi@glersyn.is

**STARFSFÓLK ÓSKAST**

Ert þú leiðtoginn sem við leitum eftir ? 101Barco er ört vaxandi fyrirtæki á sviði skemmti- og veitingastaða í miðbæ Reykjavíkur. Við óskum eftir vaktstjóra með reynslu. Ef þú ert ábyrgðarfull/ur, eldhress, dugleg/ur og með leiðtoga í hjarta, sendu ferilskrá á barco@barco.is.

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegum starfsmanni með bílpróf í sumarstarf. Gott væri ef viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

Vantar Húsasmið og verkamann í Byggingarvinnu. Upplýsingar í síma 893-5374.

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar



PANN 23. MARS VAR MJÁSI Á VESTURHOLTI 8 HAFNARFIRÐI 15 ÁRA. AÐ VANDA VERÐUR HANN HEIMAVIÐ Í AFMÆLISVIKUNNI.

### Einkamál

Skyndikynni, tilbreyting, ævintýri. www.RaudaTorgid.is (Stefnumót)


Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.


## fasteignir


JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI

534 1020

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



**TIL SÖLU/LEIGU**

**Smiðshöfði 9 / Stórhöfði 18**

Iðnaðar- og lagerhúsnæði

Stærð 271,3 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Ólafur Jóhannsson**

Rekstrarfræðingur

*Löggiltur leigumiðlari*

*Löggiltur fasteignasali*

**534 1023 / 824 6703**

**olafur@jofur.is**

Húsnæðið er mest einn salur fyrir utan að búið er að stúka um 35 m² geymslurými innst í húsnæðinu. Til staðar er kaffikrókur með innréttingu, salerni og skrifstofurými með parketi á gólfi. Lofthæð er um 3,6 m undir bita. Snyrtileg eign, góð aðkoma er að húsnæðinu. Stórar innkeyrsludyr. Allt á einum gólffleti, ekkert milliloft. **Laust við kaupsamning.**



ráðum atvinnustofa

Við finnum rétta starfsfólkið

radum.is


Góð þjónusta og hagstæð verð á skoðunum um allt land
Klikkaðu ekki á skoðun!
Vertu tilbúinn að takast á við vetrarfærðina á nýskoðuðum bíl
FRÍTT
WI FI OG RJÚKANDI GÆÐA KAFFI
16
2016
Frumherji
ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



Stöð 2 | 20:10

**MATARGLEÐI EVU**

Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu á að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Í þessum þætti verður lögð áhersla á páskasteikina og ljúffengan eftirrétt með berjum. Súkkulaðisérfræðingur mætir í þáttinn og sýnir hvernig við getum gert heimatilbúin og ljúffeng páskaegg.

FRÁBÆRT
FIMMTUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

Stöð 2 | 20:35

**THE MENTALIST**

Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi FBI og notar skyggnigáfu sína við lausn á erfiðum og flóknum sakamálum.



Stöð 2 | 21:20

**THE BLACKLIST**

Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



Stöð 2 | 22:05

**THE FOLLOWING**

Tvöfaldur þáttur í hörkuspennandi þáttaröð um fjöldamorðingjann Joe Carroll og lögreglumanninn Ryan Hardy.




G | 22:00

**GAME OF THRONES**

Einn þáttur sýndur hvern virkan dag fram yfir páska þar til ný sería birtist á Stöð 2.




3 | 20:00

**AMERICAN IDOL**

Lokastundin nálgast! Það eru aðeins níu keppendur eftir og aðeins þeir bestu komast áfram og fara alla leið á toppinn.



Krakkastöðin | 07:00-20:30

**BARNAEFNI ALLA DAGA**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | | | | 2 | | |
| 4 | | | 3 | | 2 | 6 | 8 | |
| | | 9 | 5 | | 1 | | | |
| 2 | 9 | | | 8 | | | | 6 |
| 5 | 1 | | 2 | | | 7 | | |
| 7 | | 8 | | 5 | | | | |
| 6 | | | 4 | | 7 | | | 2 |
| | | | 6 | 3 | | 1 | 7 | |
| | | 4 | | | 8 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 5 | | | 9 | | | 3 |
| 6 | | 1 | | 8 | | | | |
| 9 | 2 | 3 | | 6 | | | 8 | |
| 1 | 4 | | 5 | 7 | 3 | 8 | | |
| | | 8 | 9 | | | | 7 | |
| 7 | | | | | 1 | 2 | | |
| | | 4 | | | 2 | | | |
| | | | 1 | | | | 2 | 9 |
| | 5 | | 7 | | 4 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | | 4 | | | |
| | | | | | | | 6 | |
| 3 | 6 | | | 2 | 1 | 5 | | |
| 7 | 4 | | | | | 3 | 9 | |
| 8 | | | 7 | 9 | | | | 4 |
| | 5 | | 4 | | 3 | 6 | | 7 |
| | | 4 | | 8 | | | | |
| 9 | | 8 | | | | | | |
| 1 | | | | | 9 | 8 | 3 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 3 |
| 7 | 4 | 3 | 8 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 | 8 |
| 1 | 6 | 8 | 4 | 3 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 2 | 9 | 4 | 7 | 8 | 6 | 1 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 | 4 | 6 |
| 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 2 | 7 | 6 | 9 | 1 | 3 | 8 | 4 |
| 6 | 3 | 1 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 8 | 6 | 7 | 4 | 3 | 2 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 1 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 2 | 4 | 7 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 | 1 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 8 | 1 | 7 | 5 | 6 |
| 7 | 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 1 | 3 | 4 |
| 1 | 6 | 3 | 4 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 5 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 4 | 6 | 3 |
| 6 | 9 | 1 | 5 | 4 | 3 | 8 | 7 | 2 |
| 8 | 3 | 4 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 5 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 8 | 1 | 5 | 7 | 4 | 3 | 6 |
| 1 | 3 | 6 | 8 | 4 | 9 | 7 | 5 | 2 |
| 4 | 7 | 5 | 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 9 |
| 8 | 2 | 9 | 7 | 6 | 5 | 3 | 4 | 1 |
| 5 | 4 | 1 | 3 | 8 | 2 | 9 | 6 | 7 |
| 3 | 6 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 | 8 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Venjulegur her tapar ef hann vinnur ekki. Skæruliðaher vinnur ef hann tapar ekki.“

*Henry Kissinger.*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Aðalsteinn Thorarensen (1.776), Vinaskákfélaginu, hafði hvítt gegn Jóhanni Arnari Finnssyni (1.491), Fjölni, á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Hvítur á leik**



**48. c7! Kd7** (48.… Kxc7 49. Rxe6+ og 50. Rxf4) **49. Rxe6! Hf2 50. Hxd5+ Kxe6 51. c8D+ Kxd5 52. Db7+ Kc4 53. Dxe4+! fxe4 54. Kxf2** og svartur gaf.

**www.skak.is** Áskorendaflokkur hefst á morgun.



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** morð, **6.** tveir eins, **8.** beita, **9.** fæða, **11.** tveir eins, **12.** hegna, **14.** formæla, **16.** í röð, **17.** festing, **18.** kopar, **20.** umhverfis, **21.** tröll.

**LÓÐRÉTT**

**1.** naumur, **3.** slá, **4.** tala, **5.** fálm, **7.** lágkúrulegur, **10.** kraftur, **13.** sunna, **15.** formóðir, **16.** skyggni, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dráp, **6.** pp, **8.** áta, **9.** ala, **11.** tt, **12.** refsa, **14.** bölva, **16.** de, **17.** lím, **18.** eir, **20.** um, **21.** rísa.

**LÓÐRÉTT: 1.** spar, **3.** rá, **4.** áttatíu, **5.** pat, **7.** plebeii, **10.** afl, **13.** sól, **15.** amma, **16.** der, **19.** rs.




TÓNLISTARSJÓÐUR TÓNASTÖÐIN Allt fyrir tónlistarmanninn Radisson BLU SAGA HOTEL, REYKJAVIK HÁSKÓLABÍÓ Reykjavíkurborg midi.is

# Segir mergjaðar íslenskar alþýðusögur

Steinar Matthíasson þýðandi fjallar um Dr. Konrad Maurer og íslenskar alþýðusögur í kvöld í Hannesarholti, Grundarstíg 10, gengið inn frá Skálholtsstíg.

„Það var 1858 sem hingað til lands kom þýskur maður, Konrad Maurer, og ferðaðist um landið heilt sumar, safnaði fróðleik um landshagi og lét fólk segja sér sögur. Heimkominn til Þýskalands skrifaði hann tvær bækur. Ég var að þýða aðra þeirra, Íslenskar alþýðusögur, sem kom út í Þýskalandi 1860 en ekki á íslensku fyrr en núna,“ segir Steinar Matthíasson, leiðsögumaður og þýðandi. Hann ætlar að fjalla nánar um þetta efni á rannsóknarkvöldi á vegum Félags íslenskra fræða í kvöld klukkan 20 í Hannesarholti á Grundarstíg 10, en gengið er inn frá Skálholtsstíg.

Steinar segir margar sagnanna þekktar hér á landi, þó alls ekki allar. „Mér finnst þessar sögur ágætlega sagðar og skrifaðar og Maurer nefnir heimildarmenn víða. Maurer skrifar líka í kringum sögurnar og ber þær saman við sögur í sínu heimalandi, “ segir Steinar. Meðal sagna sem ekki hafa birst áður nefnir hann nokkrar mergjaðar um séra Hálfdan Narfason á Felli í Sléttuhlíð í Skagafirði, sem talinn var göldróttur og fjölkunnugur.

gun@frettabladid.is



**ÞÝÐANDINN** „Mér finnst þessar sögur ágætlega sagðar og skrifaðar og Maurer nefnir heimildarmenn víða,“ segir Steinar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SÆTABRAUÐSDRENGIRNIR** Þeir félagar fóru á kostum í Salnum í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# The Dale Kofe

TÓNLIST ★★★★☆

**Sætabrauðsdrengirnir**

Salnum í Kópavogi laugardaginn 21. mars

**SÖNGVARAR:** VIÐAR GUNNARSSON, BERGÞÓR PÁLSSON, GARÐAR THÓR CORTES OG GISSUR PÁLL GISSURARSON. HALLDÓR SMÁRASON ÚTSETTI OG LÉK Á PÍANÓ.

Þegar ég gekk inn í Salinn í Kópavogi rétt fyrir klukkan átta á laugardagskvöldið til að hlusta á hina svokölluðu Sætabrauðsdrengi, sat ungur maður við píanóið og var að spila djass. Þetta var Halldór Smárason sem ég held að fæstir viti hver er. Ég kannaðist þó við kauða, var á tónleikum í sumar þar sem hann kom mjög við sögu. Tvö framúrstefnuleg og glæsileg tónverk voru flutt eftir hann sem báru ótvíræðum hæfileikum vitni. Og ekki bara það, þau voru líka fyndin.

Þessi húmor var allsráðandi á tónleikunum núna, þótt útsetningar Halldórs hafi í sjálfu sér ekki verið nein ómstríð furðulegheit. Halldór lék allan tímann undir á píanóið, djassaði lög á borð við Litla tónlistarmanninn og Dagnýju. Lögin voru krydduð allskonar ærslum, bæði á meðan þau voru flutt og í kynningunum á undan. Um lagið Dalakofann sagði Halldór t.d. að á ensku héti það The Dale Kofe. Í öðru var sungin ensk þýðing á setningunni „þið verðið að ýta bílnum, við erum að starfa hér“. Hún hljómaði svona: „You must eat the car, we are starving here.“

Söngvararnir gerðu óspart grín að sjálfum sér og létu allt flakka. Sumt má vissulega flokka sem fimmaurabrandara, en í stemningunni á tónleikunum voru slíkir brandarar líka fyndnir. Söngvararnir voru þeir Viðar Gunnarsson, Bergþór Pálsson, Garðar Thór Cortes og Gissur Páll Gissurarson. Sá síðastnefndi er ekki hár í loftinu og um það voru sagðar ófáar skrýtlur. Gissur t.d. kynnti lagið Litla tónlistarmanninn sem Tónlistarmanninn. Þegar hinir söngvararnir hváðu, öskraði Gissur alveg brjálaður: „Ókei, LITLI tónlistarmaðurinn!“

Söngvararnir skiptust á að kynna lögin, og á einum tímapunkti fór Gissur í fýlu vegna þess að hann fékk ekki að kynna næsta lag. Bergþór sagði þá við hann: „Gissur minn, þú færð að kynna fullt af lögum eftir hlé.“ Það dugði ekki til. Gissur gekk burt, settist í lítinn sófa og fór að borða banana, þungur á svip.

Eins og nærri má geta voru þetta skemmtilegir tónleikar. Útsetningarnar voru eftir Halldór eins og áður hefur komið fram (með örfáum undantekningum). Þær voru líflegar, samsöngurinn var þéttofinn og djasspíanóleikurinn var alltumlykjandi.

Það vantaði þó ákveðna fágun í sönginn. Söngvararnir sungu vel í sjálfu sér, en upp í opið geðið á hver öðrum, ef svo má segja. Með því á ég við að aðalsönglínurnar áttu það til að drukkna í mótröddunum. Einhver hefði þurft að stjórna söngvurunum á æfingum, dempa mótraddirnar svo meginlínurnar skiluðu sér betur. Samsöngurinn var ekki nógu fókuseraður á tónleikunum.

Halldór var hins vegar frábær á píanóinu. Hann er magnaður djassari og alls konar hlaup og hröð hljómaskipti léku í höndunum á honum. Og brandararnir hittu allir í mark, fólk bókstaflega veltist um af hlátri. Þrátt fyrir smá annmarka var þetta því skemmtileg kvöldstund. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Það var glatt á hjalla á tónleikum Sætabrauðsdrengjanna á laugardagskvöldið. Enda fínir söngvarar og dagskráin full af gríni.

Til hvers að flækja hlutina? 365
SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!
365.is | Sími 1817



**LEIKSTJÓRINN OG HÖNNUÐURINN** Stefan Metz leikstjóri og Sean Mackoui leikmynda- og búningahönnuður á stóra sviði Þjóðleikhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fjarlægðin hjálpar

Þjóðleikhúsið frumsýnir í kvöld Fjalla-Eyvind og Höllu í leikstjórn Stefans Metz sem hefur áður sett hér upp sýningar ásamt Sean Mackoui, með góðum árangri.

Leikritið Fjalla-Eyvindur eftir Jóhann Sigurjónsson er eitt fárra verka sem íslenska þjóðin getur talið til sinna klassísku leikbókmennta. Sögur af útilegumanninum og Höllu ástkonu hans á átjándu öld eiga sér stað í hjörtum margra. Þessar sögur fundu heimili sitt í verki Jóhanns sem var frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1911 þegar við vorum enn í grunninn bændasamfélag. Þar fundu þær rödd í ljóðrænum, rammíslenskum og fallegum texta skáldsins þar sem tekist er á við ástina, náttúruöflin og samfélagið.

Fyrir Stefan Metz leikstjóra og Sean Mackoui, leikmynda- og búningahönnuð, er Ísland átjándu aldar fjarlægur heimur. Þeir félagar hafa þó unnið hér áður með góðum árangri en sýningar þeirra Krítarhringurinn í Kákasus árið 1999 og Eldraunin á síðasta ári fóru afar vel í íslenska leikhúsunnendur. Stefan Metz segir það ekki breyta miklu fyrir þá að nú séu þeir að takast á við íslenska klassík. „Það virðast allir Íslendingar hafa skoðanir á Fjalla-Eyvindi,“ segir Stefan og brosir hlýlega. „Ég finn fyrir þessum áhuga en í raun ekki pressu þannig að ég finn fyrst og fremst til ábyrgðar eins og ég bara geri alltaf.“

Sean tekur undir þetta og bendir á að þeir hafi fengið tækifæri til þess að tengjast Íslandi bæði nú og í fyrri ferðum og það hafi haft heilmikið að segja. „Á sínum tíma fórum við hringferð um Ísland og það var dásamleg reynsla. Fengum að finna fyrir fámenninu og skynja náttúruöflin og fegurðina. Það hafði mikið að segja.“ Stefan bætir við að allt þetta opna rými sem er á Íslandi sé svo sérstakt. „Það er eitthvað sem við vildum reyna að fanga og eftir að við fórum í upphafi æfingatímabilsins á slóðir Fjalla-Eyvindar og Höllu þá styrktist mikilvægi þessarar nálgunar.“

Stefan fór því þá leið með leikmyndina að vinna með ákaflega opið rými. „Þannig gefum við leikurunum líka ekki færi á að halla sér að einhverjum hækjum í leikmynd eða öðru slíku. Þeir þurfa að ná sambandi við áhorfendur sem þurfa að sama skapi að beita ímyndunaraflinu og taka þátt í sköpunarferli verksins.

Þetta er gamalt verk og að sama skapi þurfum við því að huga að tímarammanum, hann getur myndað ákveðinn vegg á milli verksins og áhorfenda og það viljum við ekki að gerist. Þetta er það sem heillar mig mest við leikhúsið; að skora á áhorfendur að beita ímyndunaraflinu.“

Stefan bendir á að þó svo að það hafi verið bæði hjálplegt og ánægjulegt að kynnast landi og þjóð þá



**KLASSÍSK ÁSTARSAGA** Nína Dögg Filippusdóttir og Stefán Hallur Stefánsson fara með hlutverk þeirra Höllu og Eyvindar.

sé fjarlægðin sem þeir hafi á verkið sem útlendingar líka jákvæð. „Við erum því mjög meðvitaðir um að það eru margir sem vita miklu meira um þetta en við. Það hvetur okkur áfram í því að vinna náið með leikurunum og hlusta á skoðanir og hugmyndir annarra.“

Stefan heldur áfram og verkið er honum greinilega afar hugleikið. „Styrkur þessa verks er ekki síst í margbreytileika þess. Það er mjög dramatískt og felur í sér ákveðna beiðni um kaþarsis. Það tekst á við grimmdina í samfélaginu, ástina og hina algjöru fórn og ekkert er gefið eftir í engu að síður mjög svo ljóðrænum texta. Það minnir okkur að mörgu leyti á Medeu. Því þegar við förum að skoða verkið þá áttuðum við okkur á því að þetta er verk um konu. Hún er í raun burðarás verksins og sú persóna sem ver mestum tíma á sviðinu og þar af leiðandi þótti okkur rétt að hún væri einnig í titli verksins. Halla er líka fyrir okkur ákaflega íslensk. Kona með sterka þörf fyrir sjálfstæði og jarðtengd en að sama skapi afar ljóðræn og heillandi.“

magnus@frettabladid.is

# Hvað er **Netgíró?**

Netgíró virkar eins og rafrænt greiðslukort

Þú borgar með símanum á staðnum

Þú borgar á netinu án þess að gefa upp kortanúmer

Reikningurinn birtist í heimabankanum

Verslaðu hjá yfir **700 fyrirtækjum og verslunum.**
Þú velur 14 daga vaxtalausan greiðslufrest eða allt að 12 mánaða raðgreiðslur.
Raðgreiðslur til 3 mánaða eru vaxtalausar en lengri raðgreiðslur eru með vöxtum.

Ekkert árgjald | Engin skuldbinding

**Kynntu þér málið á Netgiro.is**

**Netgíró**
**Betri leið til að borga**

# FERMINGA

## ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLU

### Y50 4K
3840x2160 4K-UHD 4GB GTX 960 ALVÖRU LEIKJASKJÁKORT!

4K-UHD

**LÚXUS LEIKJAFARTÖLVA FRÁ LENOVO**

Ótrúlegt leikjaskrímsli frá Lenovo drekkhlaðin allri nýjustu tækni með 4K ULTRA-HD skjá og gífurlega öflugu GTX 960 leikjaskjákorti.

- Intel Core i7-4720HQ 3.6GHz Turbo 8xHT
- 16GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" Ultra HD 4K IPS skjár 3840x2160
- 4GB GeForce GTX 960M leikjaskjákort
- 2.1 JBL Dolby Digital Plus hljóðkerfi
- AccuType lyklaborð með baklýsingu
- 433Mbps WiFi AC, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

BAKLÝST LYKLABORÐ Í FULLRI STÆRÐ

lenovo

**249.900**
ÞESSI VAR AÐ LENDA:)

### KÜRBIS BT
Bluetooth

THONET & VANDER

**2.1 HLJÓÐKERFI**

- 50W RMS og 50Hz - 20kHz tíðnissvið
- Öflug 5.25" segulvarin bassakeila
- Hárnákvæmur 1" tweeter úr silki
- Drone FX tæknin skilar kristaltærum hljóm
- Hammer Bass tækni fyrir meiri bassa
- Bluetooth móttakari RCA og jack tengi
- Tengist þráðlaust við síma og fleiri tæki

**24.900**
BLUETOOTH ÞRÁÐLAUST

### MG7550
PÁSKA TILBOÐ AÐEINS 1.STK Á MANN

Wi-Fi

TILVALIN Í FERMINGAR-PAKKANN:)

Canon

**WiFi FJÖLNOTATÆKI**

- Prentar, skannar og ljósritar - þráðlaust!
- 6 hylki (550-PGBK, 551-Y/M/C/BK/GY)
- Prentar báðum megin með Auto Duplex
- ISO hraði 15 bls á mín í svörtu / 10 í lit
- AirPrint sem prentar frá Android o. fl.
- 1200x2400dpi hágæða A4 skanni
- 6.2cm litaskjár sýnir myndir og aðgerðir
- USB 2.0 og WiFi, PC, Mac og Linux

**21.900**
ALGENGT VERÐ 29.995

### V5-552G
NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 18mm OG FISLÉTT

8555GTK

acer

- AMD A8-5557M Quad Core 3.1GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 2GB HD8750M DUAL leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 720p HD Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**119.900**
VINSÆLASTA FARTÖLVAN OKKAR;)

### MacBook Pro
2014

ÞÚ FÆRÐ MACBOOK Á BETRA VERÐI EINN BETRA VERÐ!

**13" RETINA 256GB**

- Intel Core i5-4288U 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD PCIe Flash - 60% hraðari
- 13.3" IPS Retina 2560x1600 skjár
- Intel Iris Graphics og HDMI tengi
- AC WiFi, BT4.0, USB 3.0, Thunderbolt 2
- Apple OS X Mavericks stýrikerfi

**249.900**
ALGENGT VERÐ 309.990

### Sound Blaster TACTIC 3D RAGE
WIRELESS

SB PRISM

LEIKJAHEYRNARTÓL

Þráðlaus lúxus leikjaheyrnartól frá Creative með ofur flottri RGB lýsingu, aftengjanlegur mic og sérstaklega hönnuð til þess að skila ótrúlega nákvæmum og þéttum hljómi til þín ;)

- Ótrúleg þráðlaus Creative heyrnartól
- Sérhönnuð með leikjaspilun í huga
- Hágæða 50mm Neodymium hátalarar
- Hámarks hljómgæði með SBX Pro Studio
- Sérstillanleg RGB lýsing á heyrnartólum
- Hnappar til að stýra öllum helstu aðgerðum
- Aftengjanlegur noise cancelling hljóðnemi
- 16 tíma afspilun sem hleður meðan þú spilar

CREATIVE

**19.900**
ÞRÁÐLAUS LEIKJAHEYRNARTÓL

### 15.6" ACER EXTENSA
ACER EXTENSA 15.6" fartölva með Intel Dual Core örgjörva, 4GB minni, 500GB disk og Windows 8.1

EX2508

**49.900**

### 16GB iPad Air 2
iPad Air 2 9.7" RETINA WiFi 64GB 99.900 ALGENGT VERÐ 119.990

3 LITIR

25 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ!

16GB AIR2 WIFI

**74.900**

### 7" SPJALDTÖLVA
ACER ICONIA

B1-750

**19.900**

3 LITIR

### 1TB SLIM FLAKKARI
KEMUR Í FJÓRUM LITUM!

1TB SLIM

**14.900**

SEAGATE

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA


ARVEISLA
N LANDSINS • NÝR 8 BLS BÆKLINGUR
GIGABYTE
ÞÚ FÆRÐ NÝJUSTU OG FLOTTUSTU TÖLVURNAR Í TÖLVUTEK
FERMINGA
VEISLA
ALLAR FLOTTUSTU GRÆJURNAR Í TÖLVUTE
0% VEXTIR
VINNUR ÞÚ 50" SJÓNVARP
HEPPINN FACEBOOK VINUR VINNUR 50" SJÓNVARP FRÁ SALORA
SNJALLARA SJÓNVARP
99.900
NETFLIX
TÖLVUTEK
SNJALLÚR
Pebble snjallúrin eru með baklýstum LED 1.26" e-paper skjá, BT 4.0 og allt að 7 daga rafhlöðu:)
Frá 19.900
FERMINGARGJÖFIN Í ÁR:)
HDMI TENGI
HDMI OG VGA TENGI
27" SKJÁIR FRÁ 34.900
24" FULL HD
Stórglæsilegur skjár frá V7 með FULL HD upplausn og öfluga 4W innbyggða hátalara!
24.900
ÓTRÚLEGT VERÐ!
LES ÍSLENSKAR RAFBÆKUR
ÚRVAL LESTÖLVA Á VERÐI FRÁ 16.900
kindle
AMAZONKINDLE
Ný Kindle lestölva með 6" E-Ink skjá sem glampar ekki á. 15% hraðari síðuflettingar og skýrari leturgerðir.
16.900
ALLTAF BETRA VERÐ!
8BLS BÆKLINGUR
GLÆNÝR BÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
SENDUM FRÍTT ALLAR VÖRUR TIL PÁSKA
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS
Hallarmúla 2 Reykjavík
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN NORÐURLANDS
Undirhlíð 2 Akureyri
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



**FAGNA AFMÆLI** Sigríður Nanna er ritstjóri og einn af stofnendum veftímaritsins Sirkústjaldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sirkusinn er fyrir alla

Veftímaritið Sirkústjaldið fagnar eins árs afmæli í dag.

„Vefritið er rekið af meistaranemum við íslensku og menningardeild Háskóla Íslands með áherslu á grasrótarumfjöllun og leik með formið,“ segir Sigríður Nanna Gunnarsdóttir, ritstjóri og einn af stofnendum veftímaritsins Sirkústjaldsins sem fagnar eins árs afmæli í dag.

Hún segir hugmyndina að tímaritinu hafa kviknað vegna þess hversu lítið var um menningarumfjöllun á Íslandi og nemendur því ákveðið að taka málin í sínar hendur og fá þeir vinnuna við tímaritið metna til eininga í háskólanum.

Í kvöld verður afmælinu fagnað á Lofti hosteli. „Við ætlum að taka það fyrir sem við tökum fyrir í tímaritinu, við erum sirkustjald og þar kemur öll menning saman,“ segir Sigríður Nanna glöð í bragði og bætir við: „Sirkusinn er fyrir alla og menningin á líka að vera fyrir alla.“

Fjölbreytt dagskrá verður í tilefni afmælisins og mun myndlistarkonan Þórdís Erla Zoëga sýna myndlist, meðlimir í félagi meistaranema í ritlist, Blekfjelagsins, flytja upplestur og tónlistarmaðurinn Teitur Magnússon spilar nokkur lög. „Við erum voða hress, það verða líka hátíðarræður og kennarar sem koma og stíga á stokk,“ segir Sigríður Nanna að lokum.

Herlegheitin hefjast klukkan átta á Loft Hosteli, Bankastræti 7, og eru léttar veitingar í boði. **- gló**


Markaðstorg Kringlunnar

3. Hæð

Rýmum fyrir nýjum vörum.

Allar útsöluvörur á

1000kr - 2000kr

3000kr - 4000kr

Komdu og gerðu frábær kaup

Sími 588 6565

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT


# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**26. MARS 2015**

### Tónleikar

**14.00** Blásarasveitin The University of York Concert Band heldur tónleika fyrir gesti og gangandi á Hörpuhorni á annarri hæð Hörpunnar. Aðgangur ókeypis.

**19.30** Skosk-ítalski fiðluleikarinn Nicola Benedetti leikur Mozart í Eldborgarsal Hörpu við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands en stjórnandi hennar þetta kvöld er austurríski hljómsveitarstjórinn Hans Graf. Miðaverð frá 2.400 krónum.

**20.00** Antimony og Dulvitund spila og sýna vídeóverk á Húrra í kvöld. Miðaverð er 500 krónur.

**20.00** Nýstofnaður kammerkór við tónlistardeild Listaháskóla Íslands flytur kórverk tengd föstutímanum í Háteigskirkju. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Minningartónleikar Elísabetar Sóleyjar í Tjarnarbíó í kvöld. Meðal þeirra sem koma fram eru Regína Ósk, Pétur Ben, Gummi Jóns og Vestanáttin, Sigga Beinteins, Jóvan og Vignir Snær. Miðaverð er 3.500 krónur en öll innkoma rennur í minningarsjóð sem stofnaður hefur verið fyrir dætur Elísabetar Sóleyjar.

**21.00** Hljómsveitin Stronger Sex spilar á Dillon í kvöld.

**21.00** Önnur stundin, annað kvöldið í tónleikaröð sem Mengi býður upp á. Þar leika stórir hópar hljóðfæraleikarar saman. Miðaverð 2.000 krónur.

**21.00** Hljómsveitin Quiet Generation heldur sína fyrstu tónleika á Café Rósenberg í kvöld. Miðaverð er 1.500 krónur.

**22.00** Flakk Tríóið heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

### Leiklist

**19.30** Leiksýningin Fjalla-Eyvindur og Harpa frumsýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld. Leikstjóri er Stefan Metz, með aðalhlutverk fara Stefán Hallur Stefánsson og Nína Dögg Filippusdóttir. Miðaverð er 6.700 krónur.

### Opnanir

**17.00** Svissneska listakonan Lyla Marsol opnar sýningu í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg. Marsol sýnir verkið Piece for a blue wall og samanstendur af tuttugu myndum sem málaðar eru á við og silfur.

### Sýningar

**18.00** Veiðisýning fer fram í anddyri Háskólabíós. Villibráðarsmakk, fyrirlestrar, veiðileyfi, veiðivörur, veiði erlendis og fluguhnýtarinn Davie McPhail sýnir fluguhnýtingar. Aðgangur ókeypis.

### Hátíðir

**20.00** Kvikmyndahátíðin RISE Fluguveiði fer fram í Háskólabíó. Miðaverð er 2.490 krónur.

### Kvikmyndir

**20.00** Wizard of Oz sýnd á Alþjóðlegri Barnakvikmyndahátíð í Reykjavík sem fram fer í Bíó Paradís. Miðaverð er 1.000 krónur.

### Uppákomur

**17.00** Vínsmökkun á vínum Frú Laugu á Kexi Hosteli í Gym & Tonic salnum. Í boði verða fimmtán hvít- og rauðvín úr vínsölu Frú Laugu. Miðaverð er 2.800 krónur.

**20.00** Erlingskvöld í Bókasafni Reykjanesbæjar. Dagskráin er helguð konum og sögu kvenna. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

**20.00** Eins árs afmæli Sirkústjaldsins fagnað með veglegri dagskrá á Loft Hostel í kvöld. Myndlist eftir Þórdísi Erlu Zoëga, upplestur frá meðlimum Blekfjelagsins og Teitur Magnússon tekur lagið.

**20.00** Spilakvöld í versluninni Spilavinum. Spilað verður á mörgum borðum og börn 12 ár og eldri velkomin í fylgd með fullorðnum. Aðgangur ókeypis.

**21.00** Tom Selleck-mottukeppnin 2015 haldin á skemmtistaðnum Boston í kvöld. Björn Jörundur Friðbjörnsson leiðir viðburðinn áfram. Skráningu lýkur 90 mínútum fyrir keppni.



### Bókmenntir

**20.00** Verk sem tilnefnd til Íslensku þýðingarverðlaunanna kynnt á seinna kynningarkvöldi Bandalags þýðenda og túlka í húsi Rithöfundasambands Íslands, Gunnarshúsi. Gyrðir Elíasson og Herdís Hreiðarsdóttir lesa upp úr þýðingum sínum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### Pub Quiz

**21.00** Movie Quiz um sjónvarpsþættina The Simpsons á Big Lebowski í kvöld.

### Málþing

**13.00** Málþing um áunnar tal- og máltruflanir á vegum Félags talmeinafræðinga á Íslandi og Reykjalundar – Endurhæfingarmiðstöð SÍBS í tilefni af Evrópudegi talmeinafræðinga, yfirskrift málþingsins er Þegar málið er skert er talþjálfun málið. Málþingið er öllum opið en óskað eftir skráningu á talmein@talmein.is.

### Tónlist

**20.00** Dj Styrmir Dansson þeytir skífum á BarAnanas í kvöld.

**21.00** Guilty Pleasure dj kvöld á Dolly.

**21.00** Trúbadorarnir Magnús og Ívar á English Pub í kvöld.

**22.00** Trúbadorinn Roland verður á Dubliner í kvöld.

### Fyrirlestrar

**12.00** Hádegisfyrirlestur um suðuramerískar bókmenntir í stofu 201 í Árnagarði, Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og er fluttur af Alejandro Riberi. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**20.00** Diedrich Diederichsen, menningarrýnir og prófessor við listaakademíuna í Vínarborg flytur fyrirlestur á fyrirlestraröðinni TALK Series í Hafnarhúsi. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Steinar Matthíasson flytur erindið Íslenskar alþýðusögur um 1860: Söfnun Maurers á Rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða sem haldið er í Hljóðbergi í Hannesarholti.

**20.00** Björn Rúnar Egilsson heimspekingur flytur fyrirlestur á opnu húsi í safnaðarheimili Seltjararneskirkju. Fyrirlesturinn er á vegum Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness og fjallar um netið og samfélagsmiðla. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### Uppistand

**21.30** Tilraunauppistand á Bar 11. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Uppistandskvöld í Stúdentakjallaranum í kvöld. Kynnir er Bylgja Babýlons og fram koma Hugleikur Dagsson, Leifur Leifsson, Snjólaug Lúðvíksdóttir, Andri Ívarsson, York Underwood og Gísli J. Pálmason.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



**19.03.2015 → 25.03.2015**



## LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Rihanna, Kanye West, McCartney** | **Four Five Seconds** |
| 2 | ▶ | Ellie Goulding | *Love Me Like You Do* |
| 3 | ▶ | James Bay | *Hold Back the River* |
| 4 | ▶ | Friðrik Dór | *Once again/Í síðasta skipti* |
| 5 | ▲ | OMI | *Cheerleader* |
| 6 | ▲ | Amabadama | *Hermenn* |
| 7 | ✱ | Of Monsters And Men | *Crystals* |
| 8 | ▲ | The Weeknd | *Earned It* |
| 9 | ▼ | Maroon 5 | *Sugar* |
| 10 | ▲ | Taylor Swift | *Style* |



## TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ✱ | **Björk** | **Vulnicura** |
| 2 | ▲ | Ýmsir | *Fyrir börnin* |
| 3 | ▶ | Ýmsir | *Söngvakeppnin 2015* |
| 4 | ▲ | AmabAdamA | *Heyrðu mig nú* |
| 5 | ✱ | Gunnar Þórðarson | *Himinn og jörð - 60 vinsæl lög* |
| 6 | ✱ | Ýmsir | *Acoustic Iceland* |
| 7 | ▼ | Eivör | *Bridges* |
| 8 | ▲ | Ásgeir | *In The Silence 3CD* |
| 9 | ▲ | Ýmsir | *Hot Spring - Kerið* |
| 10 | ▶ | Úr leikriti | *Dýrin í Hálsaskógi* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is

# KILJUR Í ÖNDVEGI!




ÚGÁFUHÓF Í VERSLUN OKKAR AUSTURSTRÆTI Í DAG KL 17:00

**Flekklaus**
Vildarverð: 3.299.-
Fullt verð: 3.699.-




ÚGÁFUHÓF Í VERSLUN OKKAR SKÓLAVÖRÐUSTÍG Í DAG KL 17:00

**Krabbaveislan**
Vildarverð: 3.199.-
Fullt verð: 3.499.-




ÚGÁFUHÓF Í IÐNÓ VIÐ TJÖRNINA Í DAG KL 17:00

**Vertu úlfur**
Vildarverð: 3.599.-
Fullt verð: 3.999.-




**Við**
Vildarverð: 3.299.-
Fullt verð: 3.699.-




**Fyrstu 1000 dagarnir**
Vildarverð: 3.599.-
Fullt verð: 3.999.-




**Flækingurinn**
Vildarverð: 3.599.-
Fullt verð: 3.999.-




**Gleymdu stúlkurnar**
Vildarverð: 3.299.-
Fullt verð: 3.699.-




KOMIN Í KILJU!

**DNA**
Vildarverð: 3.299.-
Fullt verð: 3.699.-




EFTIR SAMA HÖFUND OG PIPARKÖKUHÚSIÐ

**Mamma, pabbi, barn**
Vildarverð: 3.299.-
Fullt verð: 3.699.-




**Eiturbyrlarinn ljúfi**
Vildarverð: 2.999.-
Fullt verð: 3.199.-




**Hellisbúinn**
Vildarverð: 3.199.-
Fullt verð: 3.499.-




**Ástin, drekinn og dauðinn**
Vildarverð: 3.599.-
Fullt verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda til og með 26. mars til og með 29. mars. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**71 árs Diana Ross, söngkona**

**Þekktust fyrir:** Hljómsveitina The Surpremes og myndina Lady Sings the Blues.

## BÍÓFRÉTTIR

### Hamm í 30 daga meðferð

Leikarinn **Jon Hamm** sendi frá sér yfirlýsingu þess efnis að hann hefði farið í þrjátíu daga áfengismeðferð í febrúar. Hann var því nýkominn úr meðferð fyrir frumsýningu lokaþáttar Mad Men-seríunnar. „Hamm hefur nýlega lokið áfengismeðferð, með stuðningi eiginkonu sinnar, Jennifer Westfeldt. Þau hafa óskað eftir því að einkalíf þeirra verði virt á þessum erfiðu tímum,“ segir í tilkynningunni.



### Stoltur af Fast & Furious 7



Leikarinn **Vin Diesel** er afar stoltur af nýjustu mynd sinni, Fast & Furious 7, svo stoltur að hann spáir henni Óskarstilnefningu. „Hún vinnur örugglega sem besta myndin á hátíðinni 2016,“ sagði hann nokkuð öruggur með sig. Myndin er síðasta kvikmynd leikarans Pauls Walker, sem lést í bílslysi 30. nóvember 2013. Diesel, sem framleiðir myndina, segir hana líklega verða vinsælustu mynd Universal Pictures frá upphafi.

## FRUMSÝNINGAR



**Get Hard**

**Gamanmynd**

**Helstu leikarar:** Will Ferrel og Kevin Hart

IMDb 6,1/10 Rotten Tomatoes 40%



**Loksins heim (Home)**

**Teiknimynd**

**Helstu leikarar:** Rihanna, Steve Martin, Jim Parsons.

IMDb 6,8/10 Rotten Tomatoes 45%



**LEIKSTJÓRI** Bradley Cooper mun sennilega leikstýra frekar en að fara með aðalhlutverkið.

### Cooper í stað Eastwoods

Til stóð að leikarinn Clint Eastwood myndi leikstýra endurgerð myndarinnar A Star Is Born. Nú hafa Warner Bros hins vegar hafið viðræður við leikarann Bradley Cooper um að bregða sér á bak við myndavélina og leikstýra myndinni. Eastwood ætlaði upphaflega að fá Cooper til þess að fara með aðalhlutverkið í myndinni ásamt söngkonunni Beyoncé.

Myndin A Star Is Born var upphaflega gerð árið 1937 með þeim Frederick March og Janet Gaynor í aðalhlutverkum.

Hún var svo endurgerð tvisvar, fyrst árið 1954 með Judy Garland og James Mason og svo aftur árið 1976 með Kris Kristofferson og Barbra Streisand.



# TOM FORD LEIKSTÝRIR CLOONEY

**Tískuhönnuðurinn Tom Ford mun líklega leikstýra George Clooney í nýrri mynd, en það verður í annað sinn sem hann sest í leikstjórastólinn.**

Breski tískuhönnuðurinn Tom Ford mun að öllum líkindum setjast aftur í leikstjórastólinn á næstunni. Að þessu sinni mun hann leikstýra engum öðrum en George Clooney. Ford, sem leikstýrði síðast kvikmyndinni A Single Man árið 2009 með Colin Firth í aðalhlutverki, er orðaður við leikstjórn myndarinnar Nocturnal Animals.

Handritið verður byggt á bókinni Tony and Susan eftir Austin Wright, en það var Tom Ford sem skrifaði handritið að þessum póstmóderníska trylli. Bókin Tony and Susan kom fyrst út árið 1993 og fjallar um konu að nafni Susan, sem fær einn góðan veðurdag óvænta sendingu frá fyrrverandi eiginmanni sínum, Edward, sem hún hefur ekki talað við í tuttugu ár. Í sendingunni er handrit að bók sem hann hefur skrifað og biður hann hana um að lesa það yfir og segja honum álit sitt á því.

Bókin skiptist þá í tvo hluta; söguna sem Susan les, Nocturnal Animals, sem fjallar um mann sem fer í frí með fjölskyldunni sinni, en fríið snýst upp í andhverfu sína og endar með skelfilegum hætti. Og svo sjálfa bókina þar sem við fylgjumst með Susan lesa handritið og við það rifjast upp fyrir henni fyrra hjónaband hennar og dimm leyndarmál um sjálfa sig. Gerð myndarinnar er aðeins á frumstigi, en hún hefur nú þegar fengið mikla athygli. Ford er þekktastur fyrir að hafa bjargað tískurisunum Gucci og Yves Saint Laurent og komið þeim á þann stall sem þeir eru á í dag, áður en hann stofnaði sitt eigið tískumerki. Ást hans á kvikmyndum ýtti honum á endanum út í kvikmyndagerð. Hann, eins og áður sagði, skrifaði, leikstýrði og framleiddi kvikmyndina A Single Man. Myndin verður framleidd af fyrirtæki Fords, Smokehouse Pictures, sem hann á með Grant Heslov.



GEORGE CLOONEY



**TOM FORD** Þetta verður í annað sinn sem tískuhönnuðurinn sest í leikstjórastólinn.

➜ Leikarinn Colin Firth var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í A Single Man árið 2010.




SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9

HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER

BYLGJAN 989


CHLOE


LOUIS VUITTON


CHLOE


STELLA MCCARTNEY


BURBERRY PRORSUM


MAISON MARTIN MARGIELA


SONIA RYKIEL

# GUÐDÓMLEGT GALLAEFNI

Gallaefnið var sérstaklega vinsælt á tískupöllunum fyrir sumarið í alls kyns útgáfum. Pils, buxur, jakkar, samfestingar og stuttbuxur í öllum litatónum.

GRÆJAÐU FERMINGUNA

NÝHERJI

LENOVO
S8-50
Verð: 46.900 kr.
Kraftmikil og skemmtileg 8" spjaldtölva.
Full HD upplausn og 16 GB.




CANON
POWERSHOT SX610
Verð: 46.900 kr.
Lipur en kröftug vél.
18x aðdráttarlinsa, Full HD vídeó og Wi-Fi.



BOSE
SOUNDLINK MINI
Verð: 34.900 kr.
Þráðlaus og léttur ferðahátalari sem tengist auðveldlega við snjallsíma.



LENOVO
Y50 15,6“
Verð: 199.900 kr.
Flott fartölva með Haswell i7 örgjörva.
Ótrúleg afköst fyrir leiki og skemmtun.



Borgartúni 37 - 105 Reykjavík - 569 7700 | Kaupangi Akureyri - 569 7645 | nyherji.is/fermingar

ENNEMM NM67880

**GLEÐILEGA PÁSKA**

# BÚÐU ÞIG UNDIR **STÓRSKEMMTILEGA** PÁSKA Á STÖÐ 2

Frábærar bíómyndir, erlendir spennu- og grínþættir, vönduð íslensk dagskrá og fyrsta flokks talsett barnaefni.







365.is | Sími 1817

365



# MÚSÍKTILRAUNIR

# ERU EIN UNDIRSTAÐA BLÓMLEGS TÓNLISTARLÍFS

**„Líkt og djúsí konfektkassi ár hvert og allir molarnir eru góðir,“ segir Ása Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Músíktilrauna. Í þrjátíu og þrjú ár hefur keppnin verið einn helsti stökkpallur ungs tónlistarfólks á Íslandi.**

**Guðrún Ansnes**
gudrun@frettabladid.is

Músíktilraunir standa nú sem hæst og er veislan haldin í þrítugasta og þriðja skiptið í ár. Hátt í eitt þúsund atriði hafa komið fram á sjónarsviðið. Ása Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Músíktilrauna, er í essinu sínu þessa dagana og hefur í nægu að snúast. „Það má í raun tala um Músíktilraunir sem vöggu íslensks tónlistarlífs. Þarna byrja rosalega margir sem svo blómstra í kjölfarið, hérlendis og erlendis.“ Ása segir þrjár meginástæður þess að íslenskir tónlistarmenn séu jafn þekktir á heimskortinu og raun ber vitni: „góðu tónlistarskólarnir okkar, Iceland Airwaves og svo Músíktilraunir.“ Hún líkir keppninni hvert einasta ár við að konfektkassa. „Þetta er eins og að opna djúsí konfektkassa, og allir molarnir eru geggjaðir og eins mismunandi og þeir eru margir.“

Hápunktur Músíktilrauna verður á laugardag þegar sjálft úrslitakvöldið fer fram í Hörpu. Þar má gera ráð fyrir að sjá nýjustu stórstjörnur íslensk tónlistarlífs stíga á svið, en engum blöðum er um það að fletta að keppnin er öflugur stökkpallur fyrir unga tónlistarmenn. Fréttablaðið fór yfir sögu sigurvegara síðan keppni hófst og tók nokkra tali.



**BLÚSSANDI GLEÐI** Ása Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Músíktilrauna, segir keppnina afar mikilvæga fyrir íslenskt tónlistarlíf í heild sinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINO

## FYRRI VINNINGSHAFAR

1982 DRON
1983 DÚKKULÍSURNAR
1984 KEPPNI FÉLL NIÐUR
1985 GIPSY
1986 GREIFARNIR
1987 STUÐKOMPANÍIÐ
1988 JÓJÓ
1989 LAGLAUSIR
1990 NABBLASTRENGIR (UMBILICAL CORDS)
1991 INFUSORIA (SORORICIDE)
1992 KOLRASSA KRÓKRÍÐANDI (BELLATRIX)
1993 YUKATAN
1994 MAUS
1995 BOTNLEÐJA (SILT)
1996 STJÖRNUKISI
1997 SOÐIN FIÐLA
1998 STÆNER
1999 MÍNUS
2000 110 ROTTWEILER HUNDAR (XXX ROTTWEILER HUNDAR)
2001 ANDLÁT
2002 BÚDRÝGINDI
2003 DÁÐADRENGIR
2004 MAMMÚT
2005 JAKOBÍNARÍNA
2006 THE FOREIGN MONKEYS
2007 SHOGUN
2008 AGENT FRESCO
2009 BRÓÐIR SVARTÚLFS
2010 OF MONSTERS AND MEN
2011 SAMARIS
2012 RETROBOT
2013 VÖK
2014 VIO

### ELÍZA NEWMAN
**Kolrassa krókríðandi 1992**



„Sigurinn var upphaf að tíu ára ævintýri,“ segir Elíza Newaman. Bandið ferðaðist um allan heim og spilaði á stórum tónlistarhátíðum. Það spilaði til að mynda með hinni heimsfrægu hljómsveit Coldplay og gaf út alls fimm plötur á meðan sveitin starfaði. „Við áttum ekki von á að sigra þegar við tókum þátt með okkar breska nýbylgjustelpurokki. Dauðarokk hafði verið allsráðandi þegar við mættum. Við drápum dauðarokkið.“ Elíza segist hvetja ungt fólk utan af landi sérstaklega til að taka þátt, en reynslan sem felst í að spila fyrir svo stóran hóp sé afar dýrmæt og gott veganesti.

### MARGRÉT RÁN MAGNÚSDÓTTIR
**Vök 2013**



„Við tókum þátt í algjöru flippkasti eftir áskorun frá vini,“ segir Margrét Rán söngkona og annar helmingur dúettsins Vök. Sem betur fer létu þau Andri Már Enoksson slag standa því síðan árið 2013 hafa þau spilað víða um heim. „Þarna var stökkpallurinn okkar sem opnaði dyrnar að ótal giggum.“ Bandið leggur nú lokahönd á aðra plötu sína og hyggst halda áfram að troða upp erlendis. Þau ætla sér stóra hluti úti í hinum risastóra heimi, en þau einblína sérstaklega á erlendan markað með þessari plötu.

### ARNÓR DAN ARNARSON
**Agent Fresco 2008**



„Pátttakan árið 2008 breytti lífi mín algjörlega. Ég hélt ég væri leikari og var á leiðinni út í nám þegar ég álpaðist á svið með þessu bandi sem ég þekkti lítið til,“ segir Arnór Dan, söngvari Agent Fresco. „Hljómsveitin hefði aldrei orðið til ef ekki hefði verið fyrir Músíktilraunir, þar sem hún var sett saman í þeim tilgangi að taka þátt,“ heldur Arnór áfram. Síðan eru liðin sjö ár og hljómsveitin hefur marga fjöruna sopið.

„Snilldin við þessa keppni, er að fyrir mér er ekki hægt að keppa í tónlist, þetta er fyrst og fremst vettvangur tækifæra.“

### KARL ÖRVARSSON
**Stuðkompaníið 1987**



„Ég er enn að fagna,“ segir Karl Örvarsson sem kom sá og sigraði árið 2008. „Þarna urðum við, strákar að norðan, vanir að spila á harmóníkuböllum, heimsfrægir á Íslandi á einni nóttu.“ Stóð Stuðkompaníið á ákveðnum krossgötum þegar sveitin skráði sig til leiks, en ef svo færi að hún myndi ekki sigra, ætluðu strákarnir að leggja tónlistina á hilluna. „Sem betur fer unnum við,“ segir Karl og skellir upp úr. Bandið átti miklum vinsældum að fagna hérlendis og smellir á borð við Tunglskinsdansinn og Jólastund trylltu lýðinn í lengri tíma. „Þetta er magnað fyrirbæri og þvílíkt upplifelsi.“




LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is
Betri og bjartari Lyfja Lágmúla
Við bjóðum ykkur velkomin í nýja og endurbætta Lyfju Lágmúla.
Þar sameinast afbragðs þjónusta, fagleg ráðgjöf, frábært vöruúrval og þægileg staðsetning í alfaraleið.
Í tilefni af breytingunum bjóðum við 25% afslátt af öllum vörum í verslun og glæsilega kaupauka frá birgjum.*
Við hlökkum til að sjá þig.
Lyfja Lágmúla
25%
afsláttur af öllum vörum í Lágmúla.*
*Gildir ekki af lyfjum og lausasölulyfjum.
Tilboðið gildir 26.–29. mars, á meðan birgðir endast.

SAMBÍÓIN

Byggt á samnefndri metsölubók

INSURGENT

Sýnd með ísl. texta

VILLAGE VOICE

CINDERELLA ÖSKUBUSKA

Æðisleg ný stuttmynd Frozen Fever er sýnd á undan

FROZEN FEVER Sýnd með ísl. texta

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| INSURGENT | KL. 6:20 - 8 - 10:40 |
| INSURGENT VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| CINDERELLA | KL. 5:30 |
| FOCUS | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 10:40 |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 5:50 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| INSURGENT | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CINDERELLA | KL. 5:30 - 8 - 10:10 |
| FOCUS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 - 10:30 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| INSURGENT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| CINDERELLA | KL. 5:30 - 8 |
| INHERENT VICE | KL. 10:30 |
| FOCUS | KL. 10:40 |
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| INSURGENT | KL. 8 - 10:30 |
| THE GUNMAN | KL. 10:30 |
| CINDERELLA | KL. 8 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| INSURGENT | KL. 8 - 10:40 |
| CINDERELLA | KL. 5:30 - 8 |
| FOCUS | KL. 10:30 |
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

THE GUNMAN

The Little Death

CHAPPIE

DUFF

SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GUNMAN | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE GUNMAN LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE LITTLE DEATH | KL. 5.45 - 10.20 | 14 |
| THE DUFF | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | 12 |
| CHAPPIE | KL 8 - 10.40 | 12 |
| ANNIE | KL 5 | L |
| HRÚTURINN HREINN | KL 3.30 | L |
| KINGSMAN | KL 8 - 10.45 | 16 |
| KINGSMAN LÚXUS | KL 5 | L |
| PADDINGTON | KL 3.30 - ÍSL TAL | |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GUNMAN | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE LITTLE DEATH | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| THE GRUMP | KL. 5.30 | L |
| CHAPPIE | KL. 10.20 | 12 |
| ANNIE | KL. 5.30 | L |
| BIRDMAN | KL. 10.30 | 12 |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL 5.30 - 8 - ÍSL TEXTI | L |
| PADDINGTON | KL. 5.30 - ÍSL TAL | L |

LAUGARÁS BÍÓ

ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI

ÓDÝRT kl. 5:25
800 kr barnaverð fyrir alla

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE GUNMAN | 8, 10:25 | 16 |
| CINDERELLA | 5:25, 8 | L |
| STILL ALICE | 5:50, 8 | L |
| VEIÐIMENNIRNIR | 10:35 | 16 |
| HRÚTURINN HREINN | 5:50 | L |
| KINGSMAN | 10:10 | 16 |




**STAÐFEST** Möguleg hjónavígsla hefur verið mikið í umræðunni. Nú er það komið á hreint.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

## Kutcher og Kunis eru hjón

Sögusagnir þess efnis að Mila Kunis og Ashton Kutcher hafi gengið í það heilaga hafa nú fengist staðfestar. Mila kom fram í þættinum The Late Late Show sem sendur var út á mánudagskvöldið vestanhafs. Eftir dálítið tiltal samþykkti hún að sýna þáttarstjórnandanum James Corden og áhorfendum hringinn. Allt ætlaði um koll að keyra, en miklar vangaveltur hafa verið í gangi í lengri tíma um hvort Kunis og Kutcher séu gift eða ekki. Parið eignaðist sitt fyrsta barn saman í fyrra en það kom mörgum á óvart þegar þau fóru að stinga saman nefjum.

# Minnimáttarkenndin og rokið

**BAKÞANKAR**
Frosta Logasonar



Um fátt er rætt á kaffistofum annað en veðrið nýverið. Þá vakna spurningar um hvort það sé yfirhöfuð þess virði að búa á þessu skeri og verður mér þá hugsað um marga ókosti þess. Ísland er lítið og krúttlegt samfélag sem hefur kosti og galla.

**VEGNA** smæðarinnar verður t.d. margt sem þykir sjálfsagt úti í hinum stóra heimi einfaldlega óhagkvæmt, jafnvel illframkvæmanlegt hér.

**ÞETTA** þekkja þeir sem hafa tileinkað sér umhverfisvænan ferðamáta eins og almenningssamgöngur. Að ferðast daglega með þremur mismunandi strætisvögnum til að komast í vinnu minnir helst á langdregna harmsögu eftir Knut Hamsun, ekkert krúttlegt við það.

**ÞRÁTT** fyrir góðan ásetning minnir heilbrigðiskerfi landsins helst á lélegt mötuneyti í gúmmístígvélaverksmiðju kaldastríðsáranna lengst austan járntjaldsins.

**ÞAR** er ástandið svo slæmt að jafnvel sjálfstæðismenn eru farnir að kvarta. Vilja þeir sumir horfa til framtíðar og færa spítalana nær því sem þekkist í framþróuðum löndum eins og Moldavíu. Auðvitað með því skilyrði að flokksbundinn frændi fái að taka að sér reksturinn, eiga stofnunina og hirða hagnaðinn.

**ÞEIR** örfáu sem hafa efni á flugmiða kjósa að kaupa fatnað og nauðsynjar í útlöndum þar sem allur innflutningur til landsins er blóðmjólkaður af ríkinu eftir öllum mögulegum leiðum. Þó er eitt og annað sem vel er gert hér á landi og hægt að vera stoltur af.

**ALLTOF** fáir gera sér grein fyrir því mikla þrekvirki sem unnið hefur verið á þeim nokkru áratugum síðan Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, SÁÁ, voru stofnuð.

**MEÐ** frjálsum framlögum og sjálfboðastarfi byggðu samtökin upp óháðar og sjálfstæðar stofnanir sem bjóða upp á meðferð fyrir fólk með vímuefnavanda og aðstandendur þess. Úrræði SÁÁ eru með þeim bestu á heimsvísu í þessum málaflokki.

**ÍSLAND** er allavega ekki of lítið fyrir stórar hugsjónir og er engin ástæða til þess hafa minnimáttarkennd. Skítt með rokið!

# Augu skemmtilegur efniviður

## Myriam Marti hefur ljósmyndað augu fólks í nokkra mánuði og segir þau full af litum og munstri.

Myriam Marti Guðmundsdóttir hefur undanfarið tekið ljósmyndir af augum fólks sem það getur svo keypt af henni og skreytt heimili sitt með. Hún hefur meðal annars ljósmyndað augu heillar fjölskyldu.

„Ég sá mynd heima hjá vini mínum sem var mynd af hring með fullt af litum, mynstri og svörtum punkti í miðjunni. Ég hélt að það væri mynd af auga en svo var ekki,“ segir Myriam þegar hún er spurð að því hvernig hugmyndin að verkefninu hafi kviknað. Í kjölfarið tók hún mynd af auga systur sinnar en hún segir myndirnar koma einstaklega vel út uppi á vegg.

Það tók talsverðan tíma fyrir Myriam að finna út hvernig best væri að taka myndirnar og þurfti hún að prufa sig áfram með mismunandi linsur og lýsingu. Hún segir augun skemmtilegan efnivið, þau séu ótrúlega ólík og margt skemmtilegt hægt að sjá í þeim. „Ég þarf ekki að photoshopa myndirnar mikið til að gera þær meira spennandi, lagfæri til dæmis glampa og svoleiðis en ég breyti engum litum eða neitt þannig, þess gerist ekki þörf,“ segir hún en hún hefur ekki enn tekið myndir af sínum eigin augum, en að sjálfsögðu prýða ljósmyndir af augum veggi heimilis hennar.

„Ég er ekki búin að gera það, ég er spenntari fyrir öðrum. Ég er meira að segja með auga systur minnar og mömmu minnar uppi á vegg hjá mér, þær fylgjast alltaf með mér,“ segir hún hlæjandi þegar hún er spurð að því hvort hún sé búin að taka myndir af sínu eigin auga.

„Kona sem ég þekki les í augu og hún er búin að vera að lesa úr augunum og segja mér frá persónuleika hvers og eins. Það er rosalega skemmtilegt líka,“ segir Myriam en hún hefur verið að taka myndirnar erlendis en kemur til Íslands yfir páskana og hyggst halda verkefninu áfram hér en hefur ekki enn ákveðið hvað hún mun gera við ljósmyndirnar.

„Það er ekkert sem ég er búin að ákveða, en við sjáum til. Það hlýtur eitthvað skemmtilegt að koma út úr þessu,“ segir hún glöð í bragði.

Hægt er að hafa samband við myriammarti@myriammarti.com.

gydaloa@frettabladid.is



„Ég þarf ekki að fótósjoppa myndirnar mikið til að gera þær meira spennandi, lagfæri til dæmis glampa og svoleiðis en ég breyti engum litum eða neitt þannig, þess gerist ekki þörf.

**ÁHUGASÖM UM AUGU** Myriam Marti tekur ljósmyndir af augum sem hún segir ótrúlega ólík.

MYND/MYRIAM


BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐ:

Litla systir mín .......... 18.00
Antboy: rauða refsinornin .. 18.00
Kurt verður vondur .......... 18.00
Galdrakarlinn í Oz .......... 20.00
Stations of the cross .......... 20.00
Trend beacons .......... 20.00
Blowfly park .......... 22.20
Wild tales .......... 22.10
What we do in the shadows 22.10

TREND BEACONS

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

# Allt fyrir ástina komst ekki í gegn

**Páll Óskar vildi taka þátt í Söngvakeppni sjónvarpsins árið 2007 með lagið en fékk ekki að vera með vegna uppruna eins lagahöfundarins, sem er sænskur.**

„Ég varð fyrir gífurlegum vonbrigðum á sínum tíma vegna þessa,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar, en hann freistaði þess að taka þátt í Söngvakeppni sjónvarpsstöðvanna árið 2007. Páll Óskar sendi Allt fyrir ástina í undankeppnina á RÚV en fékk höfnun á þeim forsendum að einn lagahöfunda væri sænskur.

Þessu var breytt árið eftir og þá á þann veg að tveir þriðju hlutar lagsins og helmingur texta verður að vera eftir íslenskan höfund. Þetta segir Páll Óskar sem ásamt Jakobi Frímanni Magnússyni, fyrrverandi Eurovision-kynni og núverandi miðborgarstjóra, kom fram í hlaðvarpsþættinum Eurovísir sem birtur var á Vísi í gær.

Jakob Frímann tók undir með Páli Óskari og gagnrýndi vinnubrögðin harðlega. Þeir benda á að það hljóti að teljast undarlegt að ekki sé leyfilegt að hafa lag á ensku fyrr en á lokaspretti keppninnar. „Það er svona eins og að senda handboltalandsliðið í æfingabúðir með kartöflupoka sem þeir kasta á milli sín og svo fara þeir á vettvang og fá þá handbolta til að keppa með,“ sagði Jakob Frímann.

Þeir bentu jafnframt á að gengi Íslands í keppninni gæti jafnvel orðið betra ef höfundar fengju aukið athafnafrelsi í þessum efnum.

gudrun@frettabladid.is



**SVEKKJANDI** Allt fyrir ástina varð eitt vinsælasta lag ársins 2007 á Íslandi þrátt fyrir að hafa ekki hlotið brautargengi í undankeppninni. MYND/LÁRUS SIGURÐSSON



**STERK** Céline Dion mun halda 40 tónleika í Las Vegas í haust.

## Dion snýr aftur í ágúst

Stórsöngkonan Céline Dion hefur tilkynnt að hún muni halda tónleika aftur í Las Vegas í ágúst á þessu ári. Í fyrra þurfti hún að aflýsa tónleikum vegna veikinda eiginmanns hennar, Réne Angélil, en hann berst við krabbamein í hálsi. „Ég lofaði honum að ég myndi byrja aftur að syngja. Þetta verður erfitt, en ég er búin að segja við hann að hann verði í salnum þegar ég syng á tónleikunum. Ég er hrædd um að missa hann, en ég verð að sýna honum og strákunum okkar að ég sé sterk og þetta sé allt í lagi,“ segir Dion í viðtali við tímaritið People.



**SPICE UP YOUR LIFE** Aðdáendur þeirra myndu gleðjast ef haldnir yrðu afmælistónleikar.

## Afmælis-tónleikar Spice Girls?

Kryddpían Emma Bunton gaf í skyn í viðtali við Daily Star að Spice Girls myndu mögulega koma saman til þess að fagna tuttugu ára afmæli sínu á næsta ári, en þá kom fyrsta smáskífa þeirra, Wannabe, út. „Ég, Geri og Mel B hittumst um daginn og vorum að ræða þetta. Okkur þykir mjög vænt hverri um aðra og elskum að koma fram saman. Þegar tímasetningin er rétt þá mun þetta gerast, núna erum við allar að einbeita okkur að okkar ferli eða fjölskyldunni.“ Spice Girls komu síðast fram á lokahátíð Ólympíuleikanna í London árið 2012.




Risastóra samhengið!

Alþjóðleg stjórnmálahagfræði - MA

Háskólinn á Bifröst býður upp á meistaranám í alþjóðlegri stjórnmálahagfræði. Þar eru tengslin á milli markaðar, laga og hins opinbera til skoðunar og rýnt í samspil alþjóðamarkaðar og ríkjakerfis. Greint er hvernig efnahagslegir, lagalegir og stjórnmálalegir þættir vefjast og ýmist liðka fyrir eða hindra alþjóðaviðskipti. Skoðað er hvernig ríki og alþjóðastofnanir móta umhverfi alþjóðlegra viðskipta og hvernig auður og vald dreifast og fléttast saman.

Nám í alþjóðlegri stjórnmálahagfræði er kennt í fjarnámi.

Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2015 er til 15. maí. Kynntu þér málið á **bifrost.is**

**Velkomin í Háskólann á Bifröst**
*- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir*

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

## Aron skoraði fyrir Bandaríkin



**FÓTBOLTI** Aron Jóhannsson var mættur á sinn gamla heimavöll í Árósum í gær ásamt félögum sínum í bandaríska landsliðinu.

Hann hoppaði beint í byrjunarlið bandaríska liðsins og lék við hlið Jozy Altidore í fremstu víglínu en þeir léku saman með AZ Alkmaar á sínum tíma.

Bandaríkin komust tvisvar yfir í leiknum og skoraði Aron seinna mark þeirra. Fékk sendingu frá Altidore og skoraði af stuttu færi. Altidore skoraði fyrra mark Bandaríkjamanna. Mark Arons var hans síðasta spyrna í leiknum því hann fór svo af velli.

Það var aftur á móti sjálfur Nicklas Bendtner sem stal senunni í leiknum en hann skoraði þrjú mörk og tryggði Dönum 3-2 sigur. - hbg

## Verða KR-ingar með sópinn á lofti í Vesturbænum í kvöld?

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppnin í Dominos-deild karla í körfubolta heldur áfram í kvöld og getur fyrsta liðið tryggt sig áfram í undanúrslitin. Íslandsmeistarar KR taka á móti Grindavík í DHL-höllinni í Vesturbænum, en þeir eru 2-0 yfir.

Grindjánar fóru illa að ráði sínu í leik tvö á heimavelli sínum í Röstinni þar sem þeir voru mest 18 stigum yfir í seinni hálfleik en töpuðu.

KR vann Grindavík, 3-1, í lokaúrslitum í fyrra og er nú búið að vinna fimm af sex síðustu leikjum liðanna í úrslitakeppni Dominos-deildarinnar. Grindvíkingar þurfa heldur betur að taka á honum stóra sínum ef þeir ætla ekki að fara í sumarfrí í mars.

Í hinum leik kvöldsins mætast Njarðvíkingar og Stjörnumenn í Ljónagryfjunni, en sá leikur verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport klukkan 19.00.

Staðan í þeirri rimmu er 1-1 eftir heimasigra hvors liðs í miklum spennuleikjum. Njarðvíkingar unnu fyrsta leikinn á sínum heimavelli í framlengingu og Stjörnumenn vörðu lokaskot Njarðvíkinga á sunnudaginn um leið og leiktíminn rann út. Þessi sería er sú líklegasta til að fara í oddaleik. - tom



**SUMARFRÍ?** Það er að duga eða drepast fyrir Grindjána. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KVENNA

**HAMAR - KR 64-81**

**Hamar:** Sydnei Moss 30, Salbjörg Sævarsdóttir 13, Þórunn Bjarnadóttir 13/5 fráköst, Heiða Björg Valdimarsdóttir 7, Sóley Gíslína Guðgeirsdóttir 1.

**KR:** Simone Jaqueline Holmes 23, Bergþóra Holton Tómasdóttir 18, Björg Guðrún Einarsdóttir 16, Helga Einarsdóttir 9/20 fráköst, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 6, Sara Mjöll Magnúsdóttir 5, Sólrún Sæmundsdóttir 4.

**GRINDAVÍK - SNÆFELL 60-88**

**Grindavík:** Kristina King 23, Petrúnella Skúladóttir 9, Ingibjörg Jakobsdóttir 8, Hrund Skuladóttir 6, Pálína María Gunnlaugsdóttir 4, María Ben Erlingsdóttir 4, Jeanne Lois Figeroa Sicat 4.

**Snæfell:** Kristen Denise McCarthy 33/11 fráköst, Hildur Sigurðardóttir 23/11 fráköst/12 stoðsendingar, Gunnhildur Gunnarsdóttir 10/11 fráköst/5 stolnir, Alda Leif Jónsdóttir 5, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 5/6 fráköst.

**BREIÐABLIK - HAUKAR 63-77**

**Breiðablik:** Arielle Wideman 30/5 fráköst/5 stoðsendingar/6 stolnir, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 13/4 fráköst, Berglind Karen Ingvarsdóttir 10/6 fráköst/5 stoðsendingar, Isabella Ósk Sigurðardóttir 4/6 fráköst/4 varin skot, Aníta Rún Árnadóttir 3, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 2.

**Haukar:** LeLe Hardy 35/26 fráköst/7 stoðsendingar/5 stolnir/4 varin skot, Sólrún Inga Gísladóttir 10, Dýrfinna Arnardóttir 9, Auður Íris Ólafsdóttir 8/10 fráköst/5 stoðsendingar, Þóra Kristín Jónsdóttir 6, Dagbjört Samúelsdóttir 5, Rósa Björk Pétursdóttir 2, Rakel Rós Ágústsdóttir 2.

**KEFLAVÍK - VALUR 79-72**

**Keflavík:** Carmen Tyson-Thomas 37/17 fráköst/5 stoðsendingar/3 varin, Sara Rún Hinriksdóttir 9/10 fráköst/6 stoðsendingar/3 varin, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 8/11 fráköst, Sandra Lind Þrastardóttir 8/15 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 5, Bryndís Guðmundsdóttir 4/5 fráköst.

**Valur:** Guðbjörg Sverrisdóttir 15, Taleya Mayberry 14//9 stoð Sara Diljá Sigurðardóttir 11, Ragnheiður Benónísdóttir 10/12 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 10/8 fráköst/4 varin, Kristrún Sigurjónsdóttir 9.

### OLÍS-DEILD KARLA

**HK - STJARNAN 26-30**



**MÆTTUR AFTUR** Eiður Smári eftir sinn síðasta landsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ánægja að fá Eið Smára aftur

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen er mættur aftur í íslenska landsliðshópinn og strákarnir í liðinu eru ánægðir með að hafa endurheimt hann.

„Það er æðislegt að fá Eið Smára aftur inn í hópinn. Mann með þessa reynslu og hann tekur líka aðeins athyglina í burtu frá ungu strákunum. Það er jákvætt og svo er hann frábær leikmaður og er búinn að standa sig vel á þessum tímabili með Bolton. Hann virkar í fantaformi og það er ekki slæmt að hafa Eið í toppformi," segir fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson.

Kolbeinn Sigþórsson tekur í sama streng.

„Það er frábært að fá Eið Smára aftur inn í hópinn. Það er gott að fá hann inn, hann er með mikla reynslu og hefur mikil gæði. Það er mjög gott að vera búnir að fá gamla aftur. Það er hægt að nota hann öðruvísi og vonandi getur hann hjálpað okkur með sinni reynslu. Hann getur spilað flestar stöðurnar þarna frammi og vonandi kemur hann með einhverja ró inn í leikinn hjá okkur." - óój

# Ætla að enda saman á EM

Lars Lagerbäck og Eiður Smári Guðjohnsen hafa talað saman um að enda saman glæsilega landsliðsferla sína á EM 2016 komist liðið þangað. Eiður Smári er kominn aftur inn í hópinn fyrir leik á móti Kasakstan.

**Óskar Ó. Jónsson**
ooj@frettabladid.is
**Friðrik Þ. Halldórsson**
Frá Astana





**MÆTTUR AFTUR** Eiður Smári Guðjohnsen á æfingunni á Astana-leikvanginum í Kasakstan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið er mætt til Kasakstans til að hefja lokaundirbúning sinn fyrir fyrsta mótsleik ársins sem verður á móti Kasakstan á laugardaginn. Með í för er Eiður Smári Guðjohnsen sem nýr aftur í landsliðið eftir sextán mánaða fjarveru og hann og landsliðsþjálfarann Lars Lagerbäck dreymir báða um að upplifa svanasönginn saman á stórmóti sumarið 2016.

„Það eru allir leikir mikilvægir en eftir vetrarfríið skiptir það miklu máli fyrir okkur að komast aftur á réttu brautina. Ég vona að við getum náð í þrjú stig út úr þessum leik," sagði landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck við Fréttablaðið í gær en eftir að hafa verið með fullt hús eftir þrjá leiki tapaðist síðasti leikur.

„Tapið á móti Tékklandi þýðir einfaldlega að við töpuðum þremur stigum. Tékkar eru í mjög góðri stöðu og það eru mjög góð lið á eftir okkur. Svo berum við að sjálfsögðu fulla virðingu fyrir Kasakstan," segir Lagerbäck.

„Við vonum að strákarnir hafi lært eitthvað af þessum Tékkaleik og við höfum talað um hann við liðið. Það er alltaf hægt að læra af tapleikjum en ég vil vinna," sagði Lars brosandi. En hvað með þetta lið Kasaka?

**Slæmt gengi kemur á óvart**

„Það er svolítið erfitt að reikna þá út því þeir spila ólíkt á heimavelli og á útivelli. Þeir eru miklu sókndjarfari í heimaleikjunum sínum þótt þeir hafi aðeins náð einu jafntefli. Ég býst við því að þeir spili líkt því og þeir hafa gert í heimaleikjum sínum til þessa. Þeir eru með fullt af góðum leikmönnum þannig að það kemur mér svolítið á óvart að þeir hafi ekki fengið meira út úr leikjunum sínum. Þetta er því svolítið varasamur leikur. Það er erfitt að sjá fyrir hvað þeir ætla að gera," segir Lars.

Hann fagnar þeirri ákvörðun að hafa farið strax með liðið út og að strákarnir fái góðan tíma til að snúa við klukkunni og venjast gervigrasinu á leikvanginum.

„Það eru tveir kostir í stöðunni. Annaðhvort að gera eins og við, að koma svona snemma, eða þá að koma daginn áður og halda okkur á okkar tíma. Þar sem við eigum ekki kost á því að koma á einkaflugvél þá taldi ég að það væri betra fyrir okkur að koma snemma og fá góðan tíma. Við getum verið með alger æfingarnar okkar á keppnisvellinum og þess vegna var þetta besti undirbúningurinn fyrir okkur," sagði Lars.

**Eiður getur rekið aðra áfram**

Eiður Smári Guðjohnsen var hrókur alls fagnaðar á æfingu liðsins í gær og naut þess greinilega að vera kominn aftur inn í landsliðið. Lars er líka ánægður með að fá markahæsta landsliðsmann Íslands inn aftur.

„Eiður hefur enn þá sína góðu knattspyrnufætur og það skiptir líka máli fyrir okkur að fá inn í hópinn reynslu hans og persónuleika. Hann er mjög jákvæður maður innan hópsins og eins og hann gerði í síðustu undankeppni þá getur hann rekið aðra leikmenn áfram. Hann hefur verið í þessu lengi og veit alveg upp á hár um hvað þetta snýst. Það er alltaf gott að hafa góðan fótboltamann með svona mikla reynslu," segir Lars um Eið Smára.

Það efast enginn um það Eiður Smári er að horfa til þess að komast á stórmót áður en ferlinum lýkur. Hann hélt að möguleikinn væri farinn í eftirminnilegu sjónvarpsviðtali eftir Króatíuleikinn, en frábær byrjun íslenska liðsins hefur komið liðinu í fína stöðu í baráttunni um laus sæti á EM í Frakklandi 2016. Eiður Smári komst að hjá Bolton og er kominn í flott form.

„Við tveir vorum að grínast aðeins með það hérna úti að við gætum kvatt saman. Hann myndi líklega leggja skóna á hilluna eftir EM ef við komust til Frakklands og það gerði ég líklega líka. Við gætum því hætt saman," sagði Lars í léttum tón en það dreymir fleiri þann draum.

„Það mikilvægasta fyrir okkur núna er leikurinn á laugardaginn. Við þurfum líka að klára marga leiki áður en við getum farið að tala um Frakkland."

> **Þetta er svolítið varasamur leikur. Það er erfitt að sjá fyrir hvað þeir ætla að gera.**
>
> *Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari.*

# Stutt ferðalag tók óvænt langan endi

Átta leikmenn íslenska liðsins biðu í átta tíma á flugvellinum í Astana eftir vegabréfsáritun.



**FÓTBOLTI** Ragnar Sigurðsson, miðvörður íslenska liðsins, spilar með FC Krasnodar í Rússlandi og var því einn af fáum leikmönnum íslenska liðsins sem þurftu ekki að hafa áhyggjur af mjög löngu ferðalagi til Kasakstans en annað kom þó á daginn. Ragnar var nefnilega einn af átta leikmönnum íslenska liðsins sem höfðu ekki fengið vegabréfsáritun og þurftu því að dúsa á flugvellinum í Astana í átta tíma.

„Við þurftum að bíða aðeins á flugvellinum í vegabréfsskoðuninni. Ferðalagið fyrir mig var þannig séð frekar stutt. Við vorum nokkrir ekki með áritun og það var einhver heilagur dagur í gær. Við fengum því að bíða aðeins á flugvellinum," sagði Ragnar, en þetta hefur væntanlega farið illa í menn sem voru að koma til Kasakstans um miðja nótt.

Það er ekki eins og þessi mál gangi mjög hratt fyrir sig en það tók um fimmtán mínútur fyrir Íslending með vegabréfsáritun að sleppa inn í landið. Þeir sem voru án hennar þurftu hins vegar að bíða mjög lengi og það reyndi á þolinmæðina.

„Fyrst vorum við pirraðir en svo vorum við að reyna að hlæja að þessu en síðustu tvo tímana var aftur kominn pirringur í okkur. Þetta er svona eins og gengur og gerist," segir Ragnar.

Ragnar er á sínu öðru tímabili með FC Krasnodar og þekkir því aðeins til vinnuaðferðanna. „Ég er búinn að vera í Rússlandi í rúmt ár og maður kannast við þetta vesen. Ég bjóst alveg við smá veseni fyrst við vorum ekki komnir með vegabréfsáritunina," segir Ragnar.

Knattspyrnusambandið sendi flest vegabréfin til London í tíma til að fá áritun en nokkrir leikmannanna voru á ferðinni með sín vegabréf og gátu ekki látið þau af hendi. Allir komust strákarnir þó inn í landsliðið á endanum og verða með á móti Kasakstan á laugardaginn.

Viðar Örn Kjartansson var hins vegar sá sem þurfti að fara í stysta ferðalagið til Kasakstans því hann spilar með kínverska liðinu Jiangsu, en Kasakstan liggur einmitt að Kína. „Ég flaug í tvo og hálfan tíma og þetta var mjög stutt ferðalag fyrir mig," sagði Viðar, sem þurfti heldur ekki að hafa miklar áhyggjur af tímamismuninum. Ferðalög hans í landsleiki í framtíðinni verða aftur á móti miklu lengri. - óój




Dúnsængurnar eru hannaðar og framleiddar af Lín Design fyrir íslenskar aðstæður

# 10 ára afmælistilboð

Við fögnum 15.000 ánægðum viðskiptavinum og bjóðum fleiri í hópinn með risa afmælistilboði á öllum dúnsængum sem gildir fram að páskum.

| UNGBARNA | BARNA | FULLORÐINS |
|---|---|---|
| **Stærð 70x100** | **Stærð 100x140** | **Stærð 140x200** |
| 200 grömm dúnn | 400 grömm dúnn | 790 grömm dúnn |
| Verð 12.980 kr | Verð 16.980 kr | Verð 39.990 kr |
| **Tilboð 7.788 kr** | **Tilboð 8.988 kr** | **Tilboð 23.990 kr** |

Léttar og hlýjar dúnsængur sem færa þér einstakan svefn.
**Eingöngu 100% náttúruleg efni, dúnn & bómull.**
Allur dúnn er hitahreinsaður án kemískra efna.

Lín DESIGN

**Lín Design • Laugavegi 176 • Glerártorgi Akureyri • 533 2220 • lindesign.is**

# DAGSKRÁ



### Stöð 2 kl. 20.10
**Matargleði Evu**

Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu á að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Í hverjum þætti verður sérstakt þema tekið fyrir og verður farið um víðan völl í matargerðinni.

## Í KVÖLD



### TWO AND A HALF MEN
**STÖÐ 2 KL. 19.45** Í þessari elleftu syrpu hinna geysivinsælu gamanþátta Two and a Half Men fylgjumst við áfram með þeim Alan, Jack og Walden, milljónamæringnum sem kom óvænt inn í líf feðganna.



### THE MENTALIST
**STÖÐ 2 KL. 20.35** Sjöunda þáttaröðin um Patrick Jane, sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.



### ALLY MCBEAL
**GULLSTÖÐIN KL. 20.45** Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.



### X 977 kl. 07.00
**Morgunþátturinn Ómar**

Gott rokk á X977 með Ómari í morgunsárið.






## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.50** iCarly
**08.10** The Middle
**08.35** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Make Me a Millionaire Inventor
**11.45** Cougar Town
**12.05** Enlightened
**12.35** Nágrannar
**13.00** Austenland
**14.45** The O.C.
**15.30** iCarly
**15.55** Impractical Jokers
**16.20** Up All Night
**16.45** Raising Hope
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.45** Two and a Half Men
**20.10** Matargleði Evu
**20.35** The Mentalist
**21.20** The Blacklist
**22.05** The Following
**22.50** The Following
**23.35** Rizzoli & Isles
**00.20** Better Call Saul
**01.05** This is the End
**02.50** Austenland
**04.25** Fóstbræður
**04.50** Simpson-fjölskyldan
**05.15** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**11.10** Barcelona - Real Madrid
**12.55** Spænsku mörkin
**13.25** Evrópudeildarmörkin
**14.15** Þýsku mörkin
**14.45** Reading - Bradford
**16.30** Haukar - Keflavík
**18.10** NBA Special Kobe Bryant. The Interview
**19.00** Njarðvík - Stjarnan BEINT
**21.00** Ísland - Holland
**22.40** NBA Special. Kobe Bryant. The Interview
**23.30** Njarðvík - Stjarnan

## SPORT 2
*enski boltinn*

**13.25** Stoke - Crystal Palace
**15.10** QPR - Everton
**16.55** Wolves - Derby
**18.35** Football League Show
**19.05** Premier League Review
**20.00** Premier League World
**20.30** Newcastle - Arsenal
**22.10** Messan
**23.25** Liverpool - Man. Utd.
**01.10** Premier League World

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**18.50** Community
**19.15** Last Man Standing
**19.40** Hot in Cleveland
**20.00** American Idol
**21.25** Supernatural
**22.10** True Blood
**23.05** Community
**23.30** Last Man Standing
**23.50** Hot in Cleveland
**00.15** American Idol
**01.40** Supernatural
**02.25** True Blood
**03.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Stumparnir **07.25** Lukku-Láki **07.47** Tommi og Jenni **07.53** Leyndarmál vísindanna **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Latibær **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Kalli á þakinu **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Stumparnir **11.25** Lukku-Láki **11.47** Tommi og Jenni **11.53** Leyndarmál vísindanna **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Latibær **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Kalli á þakinu **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Stumparnir **15.25** Lukku-Láki **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Leyndarmál vísindanna **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Latibær **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Kalli á þakinu **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Monster House **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.45** Friends
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**20.00** Two and a Half Men
**20.20** 1600 Penn
**20.45** Ally McBeal
**21.30** Vice.
**22.00** Game of Thrones
**22.50** Prime Suspect 5
**00.30** 1600 Penn
**00.50** Ally McBeal
**01.35** Vice
**02.05** Game of Thrones
**02.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.20** Trouble With the Curve
**14.10** Cowgirls'N Angels
**15.40** Getaway
**17.10** Trouble With the Curve
**19.00** Cowgirls'N Angels
**20.30** Getaway
**22.00** The Hangover 3
**23.40** After Earth
**01.20** Ironclad
**03.20** The Hangover 3

## RÚV

**16.25** Matador
**17.20** Stundin okkar
**17.45** Kungfú Panda
**18.08** Nína Pataló
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Vísindahorn Ævars *(Heimsókn - HÍ rafbíll)*
**18.30** Landsmót UMFÍ 50+
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Fljótlegt og ferskt með Lorraine Pascale
**20.35** Ættartréð
**21.05** Fortitude
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.00** Íslenski boltinn
**23.20** Heiðvirða konan
**00.15** Kastljós
**00.40** Fréttir
**00.55** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**12.55** The Voice
**14.25** The Voice
**15.10** Cheers
**15.35** Benched
**15.55** The Odd Couple
**16.15** Survivor
**17.00** Top Chef
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.10** The Biggest Loser - Ísland
**21.20** Scandal
**22.05** American Crime
**22.50** The Tonight Show
**23.35** Law & Order
**00.20** Allegiance
**01.05** The Walking Dead
**01.55** Scandal
**02.40** American Crime
**03.25** The Tonight Show
**04.10** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.10** PGA Tour **12.30** PGA Tour – Highlighlights **13.25** Golfing World **14.15** PGA Tour **18.35** Inside the PGA Tour **19.00** PGA Tour **22.00** Inside the PGA Tour **22.25** Golfing World

## HRINGBRAUT

**11.00** MANNAMÁL (e) **11.30** HEIMSLJÓS (e) **12.00** MANNAMÁL (e) **12.30** HEIMSLJÓS (e) **13.00** MANNAMÁL (e) **13.30** HEIMSLJÓS (e) **14.00** MANNAMÁL (e) **14.30** HEIMSLJÓS (e) **17.00** MANNAMÁL (e) **17.30** HEIMSLJÓS (e) **18.00** MANNAMÁL (e) **18.30** HEIMSLJÓS (e) **19.00** MANNAMÁL (e) **19.30** HEIMSLJÓS (e) **20.00** MANNAMÁL (e) **20.30** HEIMSLJÓS (e) **21.00** ÞJÓÐBRAUT **21.30** ÞJÓÐBRAUT **22.00** ÞJÓÐBRAUT (e) **22.30** ÞJÓÐBRAUT (e) **23.00** ÞJÓÐBRAUT (e) **23.30** ÞJÓÐBRAUT (e)

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


PÁSKA
GLEÐI
OFURTILBOÐ DAGLEGA 26. MARS - 4. APRÍL
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
FIMMTUDAGUR
26. MARS
40% afsláttur
Vnr. 50630085
OUTBACK Meteor gasgrill,
3 brennarar, 8,64 kW.
29.995 kr.
Almennt verð 49.995 kr.
LED ljós
FÖSTUDAGUR
27. MARS
50% afsláttur
Vnr. 52244168-77
Globo loftljós, LED, aðeins
12 eða 16 wött, ál , hvítt.
4.995 kr.
Almennt verð 9.995 kr.
29% afsláttur
LAUGARDAGUR
28. MARS
Vnr. 41100109
Matar- og kaffistell,
20 stk.
4.995 kr.
Almennt verð 6.995 kr.
47% afsláttur
SUNNUDAGUR
29. MARS
Vnr. 72320101
TACTIX verkfæra-
box, 40 cm.
995 kr.
Almennt verð 1.867 kr.
24% afsláttur
MÁNUDAGUR
30. MARS
Vnr. 65105825
Þilofn, gegnum-
streymisofn, 1000W.
4.495 kr.
Almennt verð 5.918 kr.
20%
AFSLÁTTUR AF
SONAX VÖRUM
frá 26. - 31. mars
ÞRIÐJUDAGUR
31. MARS
29% afsláttur
35% afsláttur
Vnr. 13001460-2
ARMATURA salerni
með veggstút eða
gólfstút, án setu.
14.995 kr.
Almennt verð 22.995 kr.
Vnr. 10706020
BESTTER salernis-
seta hæglokandi,
yfirfelld.
4.495 kr.
Almennt verð 9.875 kr.
OFURTILBOÐIN ERU
LÍKA Í VEFVERSLUN
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

## DRYKKURINN



**Selebeskaffið frá Kaffitári. Malað úr baunum í kvörninni og lagað í pressukönnunni, það er guðdómlega góður drykkur.**

Ólöf Brynja Jónsdóttir matráður.

# Fyrsta tölublað Glamour tilbúið

Sænska ofurfyrirsætan Caroline Winberg situr fyrir á fyrstu forsíðunni.

„Ég er stolt af fyrsta íslenska Glamour og öllum í ritstjórninni. Þó nokkrar svefnlausar nætur, en það er vel þess virði,“ segir Álfrún Pálsdóttir, ritstjóri Glamour, sem kemur út í dag.

Á forsíðunni er sænska ofurfyrirsætan Caroline Winberg og ljósmyndari er Silja Magg, tískuritstjóri blaðsins.

„Forsíðutakan var á kaldasta en fallegasta degi ársins í febrúar. Caroline er fagmanneskja og lét 17 stiga frost lítið á sig fá. Forsíðan endurspeglar það sem blaðið snýst um, erlend fyrirsæta í íslensku umhverfi, enda íslenskt blað með alþjóðlegu ívafi,“ segir Álfrún.



**RITSTJÓRINN** Segir svefnleysi við lokafrágang vel þess virði.

Glamour er gefið út af 365 og Condé Nast sem gefur út Vogue, Vanity Fair, GQ og Allure.

„Að vinna með Condé Nast hefur verið eins og háskólanám fyrir okkur. Mjög lærdómsríkt og krefjandi ferli. Að sameina efnistök fyrir íslenska lesendur og viðhalda trúnni við vörumerkið Glamour var oft hægara sagt en gert.“

Fyrsta blaðið er 196 síður. „Í veglegu blaði er allt sem þú þarft að vita um tísku, umfjöllun um transfólk og tískuheiminn, viðtal við Sólveigu Káradóttur og kynlífsdagbók íslenskra hjóna.“

Hægt er að panta áskrift á 365.is/glamour en kynningartilboð núna er 1.690,- á mánuði. Blaðið kostar 1.990,- í lausasölu.




MYND/SISSA








**SUNGIÐ AF INNLIFUN** Þrátt fyrir aldurinn heldur Tom Jones áfram að koma fram. Hér er hann á sviði í Kaliforníu í október í fyrra. Í sumar mun hann koma fram í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS

# Sir Tom Jones kemur til landsins í sumar

Goðsögnin mun halda upp á 75 ára afmæli sitt á Íslandi en hann leikur í Laugardalshöll í júní. Rödd hans eldist eins og gott rauðvín segir tónleikahaldari.

Einn allra vinsælasti söngvari sögunnar, velska goðsögnin Sir Tom Jones, er á leið til landsins til að halda tónleika. Jones mun leika í Laugardalshöllinni þann 8. júní næstkomandi. Þetta er í annað skiptið sem söngvarinn kemur til landsins en árið 1990 söng hann í nokkur kvöld á Hótel Íslandi.

„Ég hef fylgst með honum í nokkur ár og sent fyrirspurnir af og til,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari. „Hann er á leið í Evróputúr í sumar og þessi dagsetning smellpassaði.“

Söngvarinn er ekkert unglamb lengur, en hann verður 75 ára þann 7. júní eða degi áður en tónleikarnir fara fram. „Hann kemur ábyggilega degi áður en tónleikarnir fara fram svo mér finnst líklegt að það verði einhver veisla. Svo geta tónleikagestir sungið fyrir hann afmælissönginn.“

Aldurinn hefur lítil áhrif á Jones en undanfarin ár hefur hann bæði komið fram á tónleikum auk þess að gefa út nýjar plötur. Hann lék meðal annars á sextíu ára krýningarafmæli Elísabetar Englandsdrottningar fyrir utan Buckingham-höll við mikinn fögnuð viðstaddra.

„Hann gefur ekkert eftir þrátt fyrir aldurinn, því get ég lofað,“ segir Guðbjartur. „Ég hef horft á nýlegar tónleikaupptökur og hann eldist í raun eins og gott rauðvín, verður bara betri með aldrinum. Það vantar ekkert upp á röddina og hann mun taka fáein dansspor þótt þau verði ekki jafn tryllingsleg og í gamla daga.“

25 manna hópur fylgir honum til landsins og tíu manna hljómsveit verður með honum á sviðinu. Það er næsta víst að Jones mun leika flest af sínum þekktustu lögum á tónleikunum.

## HEFUR VERIÐ Á SVIÐINU Í MEIRA EN HÁLFA ÖLD

**Fæddur 7. júní 1940 í þorpinu Treforest í Wales.**

**ÁRIÐ 1963** hófst tónlistarferill hans.

**40** hljóðversplötur og 107 smáskífur hefur hann gefið út. Einnig hafa komið út þrjár tónleikaplötur og sextán safnplötur.

**ÁRIÐ 1964** varð hann frægur á einni nóttu eftir að smellurinn ***It's Not Unusual*** kom út.

**36** lög hans hafa ratað á Topp 40 lista á Bretlandi. Þar má nefna smelli á borð við ***What's New Pussycat, Delilah, She's a Lady, Sex Bomb*** og ***Kiss***.

**ÁRIÐ 1999** hlaut hann orðu breska konungsveldisins fyrir störf sín í þágu tónlistar og árið 2006 sló Elísabet II hann til riddara. Síðan þá hefur hann verið Sir Tom Jones.



„Ég ætla ekki að ganga svo langt að segja að allir smellirnir verði þarna, en flestir munu verða þarna. Nýjustu plöturnar hans hafa einnig verið að fá feikilega góða dóma og stöku lag af þeim gætu heyrst í höllinni.“ Guðbjartur bætir við að undanfarið hafi hann laumað einu og einu tökulagi að á tónleikum hjá sér.

„Ég lofa stórkostlegri skemmtun. Sir Tom Jones er skemmtikraftur með risastóru s-i og það breytist ekki,“ segir Guðbjartur.

Selt verður í sæti og mun miðasala hefjast þann 7. apríl næstkomandi.

johannoli@frettabladid.is








CINTAMANI
OUTLET SPRENGJA
40-90%
afsláttur
af öllum vörum
27.-29. mars
BJÖRG 23.992 kr. ~~49.990~~ kr.
EYÞÓR 23.992 kr. ~~43.990~~ kr.
ARNDÍS 19.596 kr. ~~48.990~~ kr.
KONRÁÐ 7.192 kr. ~~18.990~~ kr.
CINTAMANI OUTLET
Austurhraun 3, Garðabæ | WWW.CINTAMANI.IS
Fimmtudag - Föstudag 10 - 18
Laugardagur 10 - 16
Sunnudagur 12 - 16

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Beðinn um aðstoð við jarðarförina

Leikarinn Víkingur Kristjánsson birti forvitnilegan status á Facebook-síðu sinni í gær sem jafnvel mátti lesa út úr að karakter hans hefði verið skrifaður út úr þriðju seríu af sjónvarpsþáttunum Rétti. Í statusnum sagði leikarinn frá því að hann hefði fengið póst frá umsjónarmanni leikmyndar þar sem falast var eftir ljósmynd fyrir jarðarför ákveðins karakters úr sjónvarpsseríunni. Í lokin splæsti Víkingur í rununa: „hashtagbestaðfelahöfnunartilfinningunameðþvíaðgeragrínaðþessuöllusaman.“ Víkingur hefur farið með hlutverk Harðar í þáttunum sem leikstýrt er af Baldvini Z. - gló



### Jón Gnarr var smá meir

Það var gleðidagur hjá Jóni Gnarr í gær. Jón Gnarr er búsettur í Houston í Texas þessi misserin. Í gær samþykkti dómstóll þar tillögu Jóns um nafnbreytingu. Hann heitir því Jón Gnarr en ekki Jón Gnarr Kristinsson „Er smá meyr,“ sagði Jón á Facebook í gær. Jón hefur lengi barist fyrir því að fá Gnarr viðurkennt sem eftirnafn en hefur ekki haft erindi sem erfiði í baráttu sinni við mannanafnanefnd. - jhh



## Mest lesið Vísir

1 Segir vonda tilfinningu fylgja nýja forstjórabílnum og afsalar sér honum
2 „Hvernig dettur þér í hug að segja svona Sigga?“
3 Hanna Birna í Addis Ababa
4 Starfsmenn neita að fljúga
5 Í beinni: Aðgerðir í frönsku Ölpunum halda áfram
6 Ekki eining innan þingflokksins


fr.L Ný sending

Íslenskt grænkál
-beint frá bónda-



FRÚ LAUGA
Laugalæk 6 & Óðinsgötu 1


